# FRÉTTABLAÐIÐ

85. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 12. APRÍL 2018





**Hringurinn hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins er þau voru veitt í þrettánda sinn í gær. „Við Hringskonur erum djúpt snortnar af þessum mikla heiðri," sagði Vilborg Ævarsdóttir, varaformaður Hringsins. Mikill fjöldi Hringskvenna var við afhendinguna, en í félaginu eru um 370 konur. Verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum hlaut Páll Óskar Hjálmtýsson, í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar hlaut Atli Svavarsson verðlaun. Guðmundur Fylkisson var kjörinn Hvunndagshetjan og Herdís Egilsdóttir hlaut heiðursverðlaunin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Dísilbann skiptir borgarbúum í tvennt

Tæp 40 prósent Reykvíkinga eru hlynnt því að bann verði sett á notkun dísilolíu á ökutæki á Íslandi fyrir árið 2030 samkvæmt könnun Fréttablaðsins og vefmiðilsins frettabladid.is. Fjöldi fylgjenda banns kemur á óvart, segir formaður umhverfisráðs.

**UMHVERFISMÁL** Fjörutíu og fjögur prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og vefmiðilsins frettabladid.is eru andvíg banni við notkun dísilbíla fyrir árið 2030. Litlu færri, eða 39 prósent, eru hlynnt slíku banni. Sautján prósent segjast hlutlaus.

Fjölmargar þjóðir og borgir hafa boðað bann við notkun bifreiða sem knúnar eru af jarðefnaeldsneyti til að stuðla að hraðari orkuskiptum í samgöngum. Rökstuðningur fyrir slíku banni er yfirleitt með vísunum í bætta heilsu fólks með minna svifryki og að þetta sé mikilvæg aðgerð til að berjast gegn loftslagsbreytingum. Víðast hvar er stefnt á að innleiða slíkt bann á árunum 2025 til 2040. Á Íslandi er stefnan sú að árið 2030 verði hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum 40 prósent.

Þegar rýnt er í svörin í könnun Fréttablaðsins, sem náði til 800 manns með lögheimili í Reykjavík og valdir voru með slembiúrtaki úr þjóðskrá, er ljóst að mikill hluti Reykvíkinga hefur skoðun á málinu en 91 prósent aðspurðra tók afstöðu til spurningarinnar, aðeins 5 prósent voru óákveðin.

Athygli vekur að nánast sömu niðurstöður blasa við þegar spurðir eru einstaklingar á aldrinum 18 til 49 ára og 50 ára og eldri. Í báðum aldursbilum eru 39 prósent hlynnt banni en 45 prósent þeirra sem eru 50 ára og eldri eru andvíg banni.

„Það kemur aðeins á óvart hvað það eru margir hlynntir slíku banni. Ég geri ráð fyrir því að það sé vegna þess hve mikil umræða hefur verið um sótmengun frá dísilbílum," segir Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og skipulagsráðs.

Hjálmar kveðst hafa ákveðnar efasemdir um að bann sé endilega rétta leiðin í þessum efnum. Vænlegra sé að haga málum þannig að hagstæðara verði að kaupa rafdrifna bíla. – khn, gþs

**Vilt þú að notkun dísilknúinna ökutækja verði bönnuð á Íslandi fyrir árið 2030?**




## Helgi Björns og 724 nærbuxur

**LÍFIÐ** Helgi Björnsson fagnar sextugsafmæli í júlí og blæs til stórtónleika. Í umfjöllun um starf hans og söng kemur fram að Helgi hefur selt 140.000 plötur á ferlinum. Alls hafa Helgi og hljómsveitir hans gefið út 25 plötur. Hann hefur leitt Grafík, SSSól, Reiðmenn vindanna og Kokteilpinnana auk þess að gefa út tónlist í eigin nafni og er fyrir löngu samofinn þjóðarsálinni.

Helgi hefur alltaf verið líflegur á sviði. Á öllum þeim tónleikum sem hann hefur haldið hefur hann notast við 789 jakka, 1.876 spreybrúsa í hárið og kastað 724 nærbuxum út í salinn. Geri aðrir betur.



– bb / sjá síðu 36

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason segir frá blettaskallaskáldskap. 15

**SPORT** Pep Guardiola hefur ekki unnið Meistaradeildina síðan 2011. 18

**MENNING** Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, kynnir sína fyrstu hátíð. 26



**LÍFIÐ** Sama mynd vekur mismunandi viðbrögð, segir Rakel Tómasdóttir. 38

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MIÐBORGIN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Milt verður á landinu í dag og verða vindar suðlægir. Búast má við björtu veðri norðan- og austanlands og þar gæti hiti náð 12 stigum, en öllu svalara verður sunnan- og vestanlands og þar mun rigna á köflum fram eftir degi. SJÁ SÍÐU 22



**Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.**

# Ráku menn BF úr öllum ráðum

**HAFNARFJÖRÐUR** Meirihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti í gær á hitafundi að víkja Borghildi Sturludóttur og Pétri Óskarssyni úr nefndum og ráðum sem þau hafa setið í fyrir hönd Bjartrar framtíðar. Forseti bæjarstjórnar, Guðlaug Kristjánsdóttir, lagði þetta til á bæjarstjórnarfundi í gær.

Guðlaug og Einar Birkir Einarsson bæjarfulltrúi sögðu sig nýlega úr Bjartri framtíð. Þau hafa starfað í meirihluta með Sjálfstæðisflokknum. Eftir úrsögn þeirra hefur legið í loftinu að fulltrúar Bjartrar framtíðar yrðu teknir úr nefndum og ráðum en Borghildur Sturludóttir, sem setið hefur í skipulags- og byggingarráði fyrir flokkinn, hefur gagnrýnt hvernig meirihlutinn hefur staðið að ákvarðanatöku um byggingu knatthúsa.

Tillögu Guðlaugar var harðlega mótmælt á fundinum af Gunnari Axel Axelssyni, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar. Urðu umræður um málið svo heitar að gera þurfti hlé á fundi og vísa gestum út.

Í frétt Fjarðarfrétta af fundinum segir að umræður hafi verið svo háværar að ómur af þeim hafi borist út á götu. Svo fór að lokum að samþykkt var að víkja Borghildi og Pétri úr nefndum og ráðum.

Afgreiðslan hefur þegar verið kærð til ráðuneytisins herma heimildir Fréttablaðsins. **– aá**

# Draumaverksmiðja í Borgarleikhúsinu



**Handagangur var í öskjunni í gær þegar skráning í áheyrnarprufur fyrir söngleikinn Matthildi hófst í Borgarleikhúsinu. Mikill fjöldi barna, sem fædd eru á bilinu 2006 til 2011, mætti í leikhúsið til að láta smella af sér mynd í von um að hreppa hlutverk í söngleiknum sem frumsýna á eftir tæpt ár. Aðalpersónan Matthildur er gáfuð og tilfinninganæm með ríkt ímyndunarafl. Foreldrar hennar eru á hinn bóginn illa gefnir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Grænlensk skólabörn í Kulusuk.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Slaki á kröfum í kennaranámi

**GRÆNLAND** Siumut-flokkurinn á Grænlandi leggur til að slakað verði á aðgangskröfum í kennaranám. Frambjóðanda flokksins, Siunni Johansen, segir mikilvægara að kennaranemar geti talað grænlensku en að þeir hafi ákveðið meðaltal einkunna úr framhaldsskóla.

Johansen bendir á að hinn kosturinn sé að fá kennara sem ekki tala grænlensku. Þeir muni kenna börnunum á framandi tungu. **– ibs**

# 350 þúsund króna sátt RÚV í meiðyrðamáli

**Trúnaði af samkomulagi Ríkisútvarpsins við útgerðarfyrirtæki árið 2009 aflétt. Samið um meiðyrðamál utan dómstóla. RÚV greiddi FiskAra ehf. 350 þúsund krónur, fyrirtækið beðið afsökunar og leiðrétting birt á rangri frétt.**

**FJÖLMIÐLAR** Ríkisútvarpið greiddi útgerðarfyrirtækinu FiskAra frá Súðavík 350 þúsund krónur í sáttagreiðslu vegna fréttar í svæðisútvarpi Vestfjarða árið 2008 um yfirvofandi gjaldþrot fyrirtækisins sem reyndist röng. Trúnaði af sáttargreiðslunni hefur verið aflétt í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál á dögunum um að RÚV bæri að afhenda Vísi samkomulag sem stofnunin gerði við Guðmund Spartakus Ómarsson á síðasta ári.

Fréttablaðið greindi frá því í október að ákvörðun RÚV um að greiða Guðmundi 2,5 milljónir í miskabætur til að ljúka meiðyrðamáli utan dómstóla sem hann hafði höfðað á hendur stofnuninni væri ekki einsdæmi. Slíkt hið sama hefði gerst vegna lítillar fréttar sem hljómaði í svæðisútvarpi Vestfjarða árið 2008. RÚV neitaði þá beiðni Fréttablaðsins um efni sáttarinnar og vildi ekki upplýsa um hversu há sáttargreiðslan var fyrr en niðurstaða fengist hjá úrskurðarnefndinni um sátt RÚV við Guðmund. Nú hefur RÚV veitt Fréttablaðinu þessar upplýsingar.

Í mars 2009 höfðaði FiskAri ehf. mál á hendur RÚV vegna fréttarinnar um að FiskAri ætti í „verulegum fjárhagslegum erfiðleikum og rambaði á barmi gjaldþrots“. Krafist var að ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk, RÚV yrði gert að greiða félaginu 400 þúsund krónur til að kosta birtingu dóms í fjórum dagblöðum og að RÚV greiddi málskostnað.

Í samkomulagi FiskAra og RÚV kemur fram að stofnunin fallist á að ummælin hafi falið í sér fullyrðingar um staðreyndir sem hafi ekki átt sér viðhlítandi stoð í raunveruleikanum, er fyrirtækið beðið afsökunar auk þess sem leiðrétting og afsökunarbeiðni yrðu birt á textavarpi RÚV, í fréttum svæðisútvarpsins og í dagblaðinu Bæjarins besta á Ísafirði.



**Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þá féllst RÚV einnig á að greiða 350 þúsund krónur í málskostnað en að gegn greiðslunni og birtingu leiðréttingar og afsökunarbeiðni skuldbatt FiskAri sig til að fella niður meiðyrðamálið og lýsa því yfir að félagið ætti engar frekari kröfur á hendur stofnuninni vegna málsins.



**Páll Magnússon, þingmaður og fyrrverandi útvarpsstjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Munurinn á samkomulagi RÚV við FiskAra og Guðmund Spartakus felst einna helst í því að í sáttinni við Guðmund var kveðið á um að engin leiðrétting yrði gerð á fréttunum sem stefnt var vegna, sáttin væri ekki viðurkenning á bótaskyldu og enginn yrði beðinn afsökunar.

Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var útvarpsstjóri þegar sáttin við FiskAra ver gerð en hann hefur gagnrýnt miskabótagreiðslu RÚV til Guðmundar. Furðaði hann sig á að stofnunin væri að kaupa sig frá því að biðjast afsökunar eða leiðrétta frétt.

mikael@frettabladid.is



HONDA
The Power of Dreams

# FRUMSÝNUM

## NÝJAN HONDA JAZZ OG HONDA CIVIC TYPE-R




## LAUGARDAG MILLI KL. 10:00 OG 16:00



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.540.000



**Honda Civic**
verð frá kr. 2.990.000



**Honda HR-V**
verð frá kr. 3.870.000



**Honda CR-V**
verð frá kr. 4.840.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

HONDA

# Landvernd vill Þingvallaveg í umhverfismat og krefst stöðvunar

**UMHVERFISMÁL** Landvernd hefur kært ákvörðun Skipulagsstofnunar þess efnis að endurbætur á Þingvallavegi milli þjónustumiðstöðvar og syðri vegamóta við Vallarveg í Bláskógabyggð skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í kæru Landverndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að endurbætur á Þingvallavegi verði stöðvaðar á meðan kærumálið er hjá nefndinni.

„Þessi krafa er gerð til að koma í veg fyrir yfirvofandi náttúruspjöll,“ segir í kærunni. „Fyrir liggur að framkvæmdaraðilar eru tilbúnir að hefja verkið á næstu vikum eða mánuðum.“

Í rökstuðningi sínum vísar Landvernd til ýmissa verndarákvæða sem eiga við um svæðið. Svæðið njóti verndar samkvæmt lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum og samkvæmt skráningu á Heimsminjaskrá UNESCO. Einnig sé vistkerfi á svæðinu afar viðkvæmt.

Jafnframt sé ljóst að áhrif á birkiskóg og eldhraun á svæðinu verði neikvæð, en þessi svæði njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Þá bendir Landvernd á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar komi fram að áhrif á fernar fornleifar verði neikvæð og óafturkræf. Þó séu áhrifin ekki talin breyta einkennum jarðminja í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

„Skipulagsstofnun segir þrátt fyrir ofangreint að endurbætur á Þingvallavegi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Landvernd bendir aftur á móti á framangreindar niðurstöður stofnunarinnar sem sýna sannarlega neikvæð umhverfisáhrif. Hvenær verða umhverfisáhrif framkvæmda umtalsverð?“ segir í kærunni.

Landvernd telur málið vanreifað og að full ástæða sé til að opna fyrir samráð meðal almennings um framkvæmdina. **– khn**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hætta útgáfu vegna skerts fjölmiðlafrelsis

**UNGVERJALAND** Áttatíu ára sögu ungverska dagblaðsins Magyar Nemzet lauk í gær. Útgefandinn sagði ástæðuna slæma fjárhagsstöðu og versnandi horfur fyrir fjölmiðlafrelsið eftir kosningasigur flokks Viktors Orbán, Fidesz.

Blaðið var einn stærsti stjórnarandstöðumiðillinn í Ungverjalandi en með vaxandi áhrifum Orbáns dróst lesturinn saman. Í odda skarst milli eigandans, Lajos Simicska, og Orbáns og Simicska leitaði hefnda.

„Nú þegar Orbán hefur náð að verja meirihluta sinn telur Simicska tímasóun að halda útgáfunni áfram. Með tilliti til niðurstaðna kosninganna býst hann við hefndum ríkisstjórnarinnar og hefur því skellt í lás,“ sagði Tamas Boros, stjórnmálagreinandi hjá Policy Solutions, við Reuters. **– þea**

## Yfir 250 fórust í flugslysi í Alsír

**ALSÍR** Tala látinna var komin upp í 257 í gærkvöld eftir að herflugvél brotlendi á norðurströnd Afríkuríkisins Alsírs í gær.

Að sögn BBC voru í vélinni 26 meðlimir Polisario-hreyfingarinnar, sem Alsír styður í baráttu um sjálfstæði Vestur-Sahara frá Marokkó.

Vélin brotlenti á Boufarik-herflugvellinum nærri höfuðborginni Algeirsborg. Tildrög slyssins voru ókunn áður en Fréttablaðið fór í prentun en æðstu yfirmenn hersins hafa fyrirskipað ítarlega rannsókn á slysinu.

Þetta er ekki fyrsta mannskæða flugslys alsírskrar herflugvélar á þessum áratug. Í febrúar 2014 fórust 77 starfsmenn hersins og fjölskyldumeðlimir þegar flugvél brotlenti á fjalli í Oum al-Bouaghi-héraði á leið sinni til Constantine. **– þea**

# GRECO segir lögregluna óvarða gagnvart pólitísku áhrifavaldi

**Íslenskir viðmælendur GRECO segja sterk rótgróin tengsl milli lögreglunnar og tiltekins stjórnmálaflokks. Einn þeirra þátta sem bendi til að löggæsluyfirvöld séu berskjölduð gagnvart pólitískum áhrifum, segir sérfræðingur GRECO. Meðal tilmæla samtakanna er endurskoðun á valdauppbyggingu innan löggæslunnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Íslensk löggæsla þykir sérstaklega berskjölduð fyrir pólitískum áhrifum að mati GRECO, samtaka ríkja gegn spillingu, sem birta í dag niðurstöður úttektar sinnar um æðstu handhafa framkvæmdarvalds og löggæslu á Íslandi.

„Samkvæmt samtölum okkar við fólk í vettvangsferðinni til Íslands er það sambland nokkurra þátta sem bendir til þessa,“ segir Gianluca Esposito, sérfræðingur GRECO sem kom hingað til lands síðastliðið haust og er einn höfunda skýrslunnar.

Esposito vísar í fyrsta lagi til þess að þrátt fyrir að lögreglan sé í orði kveðnu undir stjórn og háð eftirliti ríkislögreglustjóra, sé ábyrgðarkeðjan innan löggæslunnar ekki lóðrétt heldur lárétt. Þannig heyri ekki aðeins ríkislögreglustjóri beint undir ráðherra, heldur heyri lögreglustjórar umdæmanna í raun ekki undir ríkislögreglustjóra heldur einnig beint undir ráðherra. Þetta þýði að allir níu lögreglustjórar landsins stýri daglegum löggæslustörfum undir beinni stjórn ráðherra. Við þetta bætist einnig að héraðssaksóknari, sem hefur eftirlitsskyldur gagnvart löggæslunni og ákæruvaldi, lýtur einnig skipunarvaldi ráðherra.

Í öðru lagi séu ekki aðeins helstu stjórnendur innan lögreglunnar heldur einnig óbreyttir lögreglumenn skipaðir til fimm ára í senn. „Segjum sem svo að ráðherranum líki ekki við einhvern, þá er tiltölulega auðvelt að framlengja ekki ráðningu viðkomandi án þess að ráðherra þurfi að gefa sérstaka skýringu á því,“ segir Esposito og vísar einnig til þess að þrátt fyrir reglur um skipanir í embætti mæli GRECO sérstaklega með því að ráðningar- og skipunarferli innan lögreglunnar verði opnara og gegnsærra, lausar stöður og embætti verði auglýst, hæfniskröfur skýrar og mat á hæfni umsækjenda fari fram eftir gegnsæjum og skýrum reglum.

Í þriðja lagi segir Esposito samtökin hafi fundið fyrir þeirri ásýnd fólks í vettvangsferð sinni að sterk og rótgróin tengsl séu milli íslenskra löggæsluyfirvalda og tiltekins stjórnmálaflokks og fyrir því muni vera sögulegar ástæður. „Tilfinningin er að það þyki jákvætt að vera virkur þátttakandi í þessum tiltekna flokki,“ segir Esposito og bætir við að GRECO hafi einnig orðið áskynja um þau viðhorf innan lögreglunnar að ákjósanlegt þyki fyrir frama innan löggæslunnar að hafa góð tengsl við eða vera meðlimur í viðkomandi stjórnmálaflokki.

Að lokum segir Esposito samtökin hafa fengið upplýsingar og dæmi um tilvik innan lögreglunnar, þar sem þessi hætta á pólitískum afskiptum hafi raungerst með beinum afskiptum ráðherra af störfum lögreglu.

**adalheidur@frettabladid.is**

> **Tilfinningin er að það þyki jákvætt að vera virkur þátttakandi í þessum tiltekna flokki.**
>
> Gianluca Esposito, sérfræðingur GRECO





**Afskipti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi ráðherra, af rannsókn lekamálsins í lögreglustjóratíð Stefáns Eiríkssonar eru öllum kunn.**

### Tilmæli um úrbætur

Auk tilmæla GRECO um skýrari reglur um ráðningar og skipanir í embætti er mælst sérstaklega til þess að valdauppbygging innan lögreglunnar verði endurskoðuð með það að markmiði meðal annars að takmarka afskipti ráðherra og stjórnmála.

Skerpa þurfi einnig á ábyrgð og leiðtogahlutverki ríkislögreglustjóra. Þá er mælt með því að allt innra eftirlit verði á borði miðlægrar deildar sem heyri undir ríkislögreglustjóra. Bent er á að hér á landi séu minniháttar brot í starfi meðhöndluð af lögreglustjórum umdæmanna og í viðtölum sendinefndar GRECO hafi efasemdum verið lýst um að lögreglumenn sem vinni saman í daglegum verkefnum hafi nægilega fjarlægð til að leggja óháð og hlutlaust mat á störf félaga sinna eða stofnana.

Þá er mælst til þess að rammi utan um ábendingar um meint brot lögreglumanna, stjórnenda eða stofnana verði styrktur og vernd fyrir afhjúpendur innan löggæslunnar verði tryggð með skýrum hætti. Aðspurður segir Esposito mikilvægt að slíkir ferlar séu skýrir og einnig, ef sýnt þyki að hún dugi ekki, þurfi að tryggja þeim vernd sem leita þurfi út fyrir löggæslustofnanir, til dæmis til annarra yfirvalda eða fjölmiðla.


Jeep®




ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í JEPPA
COMPASS
LITLI BRÓÐIR GRAND CHEROKEE
VERÐLÆKKUN
DÍSEL 2.0L 140 HÖ. EÐA 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING
ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF MEÐ 4 DRIFSTILLINGUM
Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, akgreinaaðstoð, leður/tau áklæði, hiti í stýri og framsætum, hraðastillir, snertiskjár, regnskynjari, LED ljós að framan og aftan,Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17” álfelgur o.fl. Einnig fáanlegur með 170 hö. bensínvél, sjálfskiptur.
VERÐ FRÁ 5.490.000 KR.
Birt með fyrirvara um prentvillur.
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




Innovation that excites

# NISSAN SPORTJEPPAR

## TILBÚNIR Í FERÐALAG MEÐ ÞÉR




ENNEMM / SIA / NM87048

## NISSAN QASHQAI

Verð frá: **3.550.000 kr.**

**Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

## NISSAN X-TRAIL

Verð frá: **4.790.000 kr.**

**Staðalbúnaður í X-Trail m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Hljómkerfi með 6 hátölurum
- 17" álfelgur
- 7" snertiskjár
- Regnskynjari
- Þokuljós að framan
- Skyggðar rúður að aftan
- D-laga leðurstýri með aðgerðarhnöppum
- Tveggja svæða tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Neyðarhemlun
- Akreinavari
- Skynjar umferðaskilti og birtir á upplýsingaskjá
- Armpúði á milli sæta

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Mikil viðbúnaður við hjartaaðgerð á Landspítalanum. MYND/LILJA

## Hartaaðgerðum mjög oft frestað

**HEILBRIGÐISMÁL** Í fyrra var 36 prósentum allra hjartaaðgerða frestað vegna skorts á legurýmum á gjörgæslu og 20 prósentum vegna annarra þátta. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Læknaráði Landspítalans varðandi skort á legurýmum á gjörgæsludeildum LSH. Ráðið lýsir yfir miklum áhyggjum vegna þessa.

„Dæmi eru um að fresta hafi þurft hjartaaðgerð allt að sex sinnum hjá sama sjúklingi. Endurteknar frestanir aðgerða leiða til mikillar sóunar á dýrmætum skurðstofutíma og starfskröftum sem mætti nýta mun betur,“ segir í yfirlýsingunni.

Ástæður frestana á stórum skurðaðgerðum eru einkum skortur á starfsfólki, skortur á legurýmum, hækkandi aldur þjóðarinnar, aukinn ferðamannastraumur og þröngur og úreltur húsakostur.

Læknaráðið hvetur stjórnvöld til að leggja strax fram fé til stækkunar og breytinga á núverandi húsnæði. „Ljóst þykir að nýr spítali verður ekki tilbúinn til notkunar á allra næstu árum en endurbætur á gjörgæsludeildum þola enga bið.“ – khn

## Allra augu á Zuckerberg



Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, mætti í gær öðru sinni fyrir þingnefnd í Bandaríkjunum til þess að svara spurningum um öryggi persónulegra upplýsinga sem samfélagsmiðillinn safnar saman og notkun greiningarfyrirtækja á borð við Cambridge Analytica á þeim gögnum. NORDICPHOTOS/AFP

# Kvótasalar fá helming umframhagnaðar

**Hið opinbera hefur frá 2010 tekið um 20 prósent af umframhagnaði sjávarútvegsfyrirtækja í auðlindagjald. 80 prósent umframhagnaðarins hafa farið til núverandi útgerðarfyrirtækja og fyrrverandi eigenda aflaheimilda. Formaður SFS segir kerfið óhagfellt útgerðinni.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Frá 2010 til 2016 tók ríkið til sín um fimmtung umframhagnaðar í sjávarútvegi í gegnum auðlindarentu. Þetta er mat Stefáns B. Gunnlaugssonar, dósents við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri. Hin 80 prósent auðlindarentunnar hafa skipst á milli núverandi eigenda útgerðarfyrirtækjanna og þeirra sem hafa selt kvótann frá sér.

Stefán hefur unnið að rannsóknum á sviði fjármála um árabil. Veiðigjöldin voru fyrst sett á 2004 og komu þá í stað fyrri gjalda sem höfðu hvílt á útgerðinni. Veiðigjöld voru í upphafi lág en hækkuðu verulega í tíð vinstri stjórnarinnar eftir hrun og hafa hækkað áfram ef frá er talið árið 2015 .

Tilgangur veiðigjalda er að skattleggja rentuna og greiða kostnað við stjórnun auðlindarinnar. Auðlindarenta er sá umframhagnaður er kemur til vegna nýtingar á takmarkaðri auðlind í eigu alls samfélagsins.

„Í öðrum atvinnugreinum með fullkominni samkeppni leiðir umframhagnaður til þess að nýir aðilar hefja starfsemi. Núverandi aðilar á markaði stækka við sig. Aukin samkeppni leiðir síðan til þess að umframhagnaður hverfur,“ segir Stefán.

Til að meta rentuna notaði Stefán tvær aðferðir. Önnur byggði á áætluðum kostnaði við fjármagn, bæði eigið og lánsfé, en sú seinni byggði á mun á arðsemi fjármagns hjá íslenskum sjávarútvegi og öðrum atvinnuvegum. Stefán reiknaði út nánast sömu auðlindarentu með báðum aðferðunum sem styrkir niðurstöðu hans talsvert.

> **Í öðrum atvinnugreinum með fullkominni samkeppni leiðir umframhagnaður til þess að nýir aðilar hefja starfsemi.**
>
> 
>
> Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri

Engin auðlindarenta varð til í greininni fyrr en eftir hrun vegna þess að afli dróst saman allt frá 1990 og sjávarútvegsfyrirtækin hagræddu í rekstri eftir því. Hins vegar gerist það eftir hrun að afli eykst hratt án þess að fjöldi starfa aukist samhliða því. Einnig veiktist gengi krónunnar gríðarlega á þessum tíma sem jók á hagnað útgerðanna.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa oft gagnrýnt hvernig auðlindagjaldið er upp sett og að margar minni útgerðir eigi afar erfitt með að greiða af veiðigjöldin.

„Eins og staðan er núna eru veiðigjöld of há þar sem við erum að greiða veiðigjöld af fiskveiðiárinu 2016. Íslenska krónan stendur gríðarlega sterkt og við hjá SFS finnum fyrir því að þetta sligi margar útgerðir,“ segir Jens Garðar Helgason, formaður SFS. „Útgerðin hefur skilað miklum tekjum í þjóðarbúið og við erum stolt af því. Hins vegar er erfitt að greiða auðlindagjald tveimur árum eftir að fiskveiðiári lýkur.“ sveinn@frettabladid.is




LANCÔME
PARIS







ADVANCED GÉNIFIQUE
YOUTH ACTIVATING SERUM • EINKALEYFI TIL 2029

# LANCÔME KYNNING

## Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPS*

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.

## LANCÔME MÆLIR MEÐ:




### NÝR GÉNIFIQUE HYDROGEL MELTING MASKI

Nýjasta trendið. Við viljum ekki bíða með að árangur komi í ljós: Þú hefur maskann á í 10, 20 eða 30 mín og hann gefur samstundis ljóma, fyllingu og mýkt. Maskinn inniheldur góðgerlaþrennu og sama magn af Bifi dus Extracti og er í einu glasi af Génifique Serum 30 ml.




### ADVANCED GÉNIFIQUE YEUX

Augnkrem með gel-krem áferð sem inniheldur góðgerlaþrennu sem styrkir uppbygginguna og varnir húðar. Eykur viðnám hennar og dregur úr bólgum í húðinni. Vinnur á dökkum baugum, fínum línum, gegn þrota og gefur fallegan ljóma.

*LANCÔME FÆST EKKI Í HAGKAUP BORGARNESI OG REYKJANESBÆ.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM 12.–18. APRÍL**

HAGKAUP Meira svona alla daga

## Frumvörp frá ráðherrum

Af lagafrumvörpum sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa boðað eru fjölmörg ekki komin til Alþingis.



**Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**
**Lagafrumvörp 11** komu fram 6
**Skýrslur 2** komu fram 2
**Þingsályktanir 1** komu fram 1



**Bjarni Benediktsson**
**Lagafrumvörp 27** komu fram 14
**Skýrslur 0** komu fram 0
**Þingsályktanir 1** komu fram 0



**Lilja Alfreðsdóttir**
**Lagafrumvörp 5** komu fram 2
**Skýrslur 1** komu fram 1
**Þingsályktanir 0** komu fram 0



**Kristján Þór Júlíusson**
**Lagafrumvörp 10** komu fram 6
**Skýrslur 0** komu fram 0
**Þingsályktanir 0** komu fram 0



**Guðlaugur Þór Þórðarson**
**Lagafrumvörp 2** komu fram 1
**Skýrslur 1** komu fram 1
**Þingsályktanir 23** komu fram 6



Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir ofbeldi að demba málum of seint fram á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fá boðuð mál ráðherra komin fyrir þingheim

**Ráðherrar ætluðu sér nokkuð stóra hluti í byrjun þings. Hins vegar hefur aðeins hluti þeirra mála komið til kasta þingsins. Forsætisráðherra hefur áður gagnrýnt slíkt vinnulag.**

**ALÞINGI** Af þeim 110 lagafrumvörpum, sem ráðherrar ætla sér að koma með til þings á yfirstandandi þingi, hafa aðeins 65 komið til þings. Einnig vantar 20 boðaðar þingsályktunartillögur ráðherra.

Fyrsti þingfundardagur að afloknu löngu jólafríi var þann 22. janúar. Ný þingmál, sem eiga að koma á dagskrá fyrir sumarhlé, þurfa að berast skrifstofu Alþingis fyrir lok mars 2018 samkvæmt reglum þingsins. Því er tíminn liðinn sem þingmenn og ráðherrar hafa til að leggja fram ný þingmál. Hins vegar hefur það gerst á hverju ári að ný þingmál komi seint inn í þingið frá ráðherrum en þá þarf að leita heimildar hjá þingmönnum sjálfum.

Þórunn Egilsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, segir vandamálið hafa verið við lýði lengi. „Ríkisstjórnin hefur ekki setið lengi og því er þetta að einhverju leyti eðlilegt. Við vinnum í þeim málum sem munu koma til þings. Auðvitað eru fáir þingfundardagar eftir og ljóst að ekki koma öll málin til þingsins í vor," segir Þórunn. „Ég á ekki von á að fleiri þingsályktanir ráðherra komi til kasta þingsins á þessu þingi og því þurfa þær að bíða til haustsins."

Katrín Jakobsdóttir, núverandi forsætisráðherra, hefur oft á tíðum gagnrýnt þá stöðu sem kemur upp í þingstörfunum. Til að mynda gagnrýndi hún ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir þetta vinnulag við þinglok árið 2015.

„Ég vil skora á hæstvirtan forseta að stilla formönnum stjórnarflokkanna upp við vegg. Það gengur ekki að koma hér með mál seint inn og efna svo í fullkomið kaos hér undir lok þingsins," sagði Katrín.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir þetta vera til marks um að vinnubrögð hafi lítið batnað.

„Það eru ekki margir þingfundardagar eftir ef við skoðum starfsáætlun þingsins og það er í sjálfu sér fullkomið ofbeldi að demba yfir okkur málum seint," segir Björn Leví. „En vitaskuld verður eitthvað af þessum málum notað í lokin til samninga um starfslok eins og verið hefur. En þetta er ekki til marks um vönduð vinnubrögð, síður en svo,"

Af þeim fjölda mála sem þingið bíður enn eftir eru sum hver sem munu taka langan tíma í meðförum þingsins. Til að mynda vantar bæði samgönguáætlun næstu þriggja ára og næstu tíu ára. Samkvæmt þingmálaskrá áttu þær áætlanir að koma til kasta þingsins í febrúar. Nú hefur verið ákveðið að fresta þeim til haustsins.

Þá bólar ekki á frumvarpi umhverfisráðherra um þjóðgarðastofnun og frumvarp fjármálaráðherra um græna skatta og ívilnanir í takt við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum er ekki komið fram. sveinn@frettabladid.is



**Katrín Jakobsdóttir**
**Lagafrumvörp 2** komu fram 1
**Skýrslur 3** komu fram 1
**Þingsályktanir 0** komu fram 0



**Sigríður Andersen**
**Lagafrumvörp 14** komu fram 6
**Skýrslur 0** komu fram 0
**Þingsályktanir 0** komu fram 0



**Ásmundur Einar Daðason**
**Lagafrumvörp 11** komu fram 7
**Skýrslur 0** komu fram 0
**Þingsályktanir 1** komu fram 0



**Svandís Svavarsdóttir**
**Lagafrumvörp 5** komu fram 4
**Skýrslur 1** komu fram 0
**Þingsályktanir 0** komu fram 0



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
**Lagafrumvörp15** komu fram 12
**Skýrslur 0** komu fram 0
**Þingsályktanir 3** komu fram 1



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
**Lagafrumvörp 8** komu fram 6
**Skýrslur 0** komu fram 0
**Þingsályktanir 1** komu fram 1






# Verslunin lokar

# 50%

afsláttur af
öllum vörum

**G-STAR RAW**

**KRINGLUNNI**

MARKAÐURINN

# Með rúmlega tvær milljónir á mánuði

**Stefnir borgar hæstu launin á meðal stærstu sjóðastýringarfyrirtækja landsins og voru laun starfsmanna að meðaltali um 2.083 þúsund á mánuði í fyrra. Launin hækkuðu hins vegar mest á milli ára hjá GAMMA, eða að meðaltali um nærri 330 þúsund krónur á mánuði.**

Meðallaun starfsmanna Stefnis, dótturfélags Arion banka og stærsta sjóðastýringarfyrirtækis landsins, námu tæplega 2.100 þúsundum króna á mánuði í fyrra og hækkuðu um 13 prósent á milli ára. Af stærstu sjóðastýringarfélögunum greiddi Stefnir sem fyrr hæstu launin á síðasta ári en laun starfsmanna GAMMA Capital Management hækkuðu hins vegar mest, eða um 327 þúsund krónur á mánuði, og voru þau að meðaltali um 1.716 þúsund. Í prósentum talið hækkuðu laun starfsmanna félagsins, en fjöldi þeirra var að meðaltali 22 á árinu, því um 23,5 prósent á árinu.

Launagreiðslur til starfsmanna Íslandssjóða og Landsbréfa, dótturfélaga Íslandsbanka og Landsbankans, voru að meðaltali um 1.670 þúsund krónur á mánuði á liðnu ári, eða um 400 þúsundum lægri en hjá Stefni. Á meðan laun starfsmanna Landsbréfa hækkuðu að jafnaði um 5 prósent í fyrra lækkuðu þau um 4,7 prósent í tilfelli Íslandssjóða en það skýrist að hluta til vegna starfslokasamnings við fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins sem var gjaldfærður á árinu 2016.

Starfsmenn Júpíters rekstrarfélags, dótturfélags Kviku banka, voru hins vegar með næsthæstu launin á meðal helstu sjóðastýringarfyrirtækja landsins. Námu þau að meðaltali nærri 1.900 þúsundum króna í fyrra og hækkuðu um rúmlega 100 þúsund á milli ára.

Upplýsingar um launagreiðslur fyrirtækjanna byggja á nýbirtum ársreikningum þeirra um heildarlaun og meðalfjölda starfsmanna á árinu 2017. Í einhverjum tilfellum, meðal annars hjá Stefni, innihalda þær greiðslur kaupauka sem stjórnendur og lykilstarfsmenn félaganna fengu í sinn hlut í fyrra.

## Meðallaun starfsmanna stærstu sjóðastýringarfyrirtækjanna á árinu 2017

| Landsbréf | Stefnir | Júpíter | Íslandssjóðir | GAMMA |
|---|---|---|---|---|
| 1.673.000 kr. | 2.083.000 kr. | 1.885.000 kr. | 1.667.000 kr. | 1.716.000 kr. |
| 5% hækkun milli ára | 12,9% hækkun milli ára | 6% hækkun milli ára | 4,7% lækkun milli ára | 23,5% hækkun milli ára |

### Hagnaðurinn jókst mikið í fyrra

Sjóðastýringarfélög stóru bankanna eru hvað umsvifamest á eignastýringarmarkaði og voru þau með eignir í stýringu upp á samanlagt um 760 milljarða í árslok 2017. Sé hins vegar einnig tekið tillit til Júpíters og GAMMA eru þessi fimm stærstu sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 970 milljarða eignir í stýringu. Íslandsbanki og Landsbankinn eru eins og kunnugt er í eigu íslenska ríkisins.

Þrátt fyrir að eignir í stýringu Stefnis hafi minnkað um liðlega 60 milljarða á árinu, meðal annars vegna innlausna lífeyrissjóða, þá er félagið með nærri 350 milljarða í stýringu og nam hagnaður þess 1.680 milljónum í fyrra og næstum tvöfaldaðist á milli ára. Afkoma Landsbréfa batnaði einnig umtalsvert á síðasta ári, einkum vegna árangurstengdra þóknana af rekstri framtakssjóða, þar sem hagnaðurinn jókst um rúmlega 400 milljónir og var samtals 1.113 milljónir. Hagnaður Íslandssjóða var 183 milljónir borið saman við 97 milljóna hagnað árið áður.

Júpíter skilaði um 59 milljóna króna hagnaði í fyrra og tvöfaldaðist hann á milli ára. Eignir í stýringu voru rúmlega 70 milljarðar í árslok, borið saman við 31 milljarð árið áður, en sú aukning skýrist einkum af sameiningu við sjóði sem áður voru í stýringu Virðingar og Öldu en félögin voru yfirtekin af Kviku banka á árinu. Á sama tíma og meðallaun starfsmanna GAMMA hækkuðu verulega á síðasta ári versnaði afkoma félagsins aftur á móti og dróst hagnaðurinn saman um rúmlega fjórðung og var tæplega 626 milljónir. Námu eignir í stýringu GAMMA 139 milljörðum í árslok.

Á undanförnum árum hefur verið hvað mest launaskrið á meðal sjóðastýringarfélaganna hjá Stefni. Meðalmánaðarlaun starfsmanna Stefnis námu þannig um 820 þúsundum króna á árinu 2009 og hafa þau því hækkað um liðlega 155 prósent á síðustu átta árum. Á sama tíma hefur almenn launavísitala hækkað um rúmlega 60 prósent.

Þá eru meðallaun starfsmanna í stærstu sjóðastýringarfyrirtækjum landsins töluvert hærri en almennt þekkist innan fjármálageirans. Heildarlaun í fjármála- og vátryggingarstarfsemi voru að meðaltali um 893 þúsund krónur á mánuði á árinu 2016, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands, en ekki hafa verið birtar tölur fyrir árið 2017.

hordur@frettabladid.is

www.n1.is facebook.com/enneinn






Michelin CrossClimate+
- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel
- Gott grip við flest allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkin á markaðnum



Michelin Primacy 4
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir akstursgeiginleikar



Michelin Pilot Sport 4
- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega akstursgeiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkin á markaðnum í sínum flokki

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisíðu 440-1320
Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

Alltaf til staðar N1

# Allt á suðupunkti eftir efnavopnaárás

Bandaríkin og Rússland í hár saman vegna meintrar efnavopnaárásar. Donald Trump segir von á eldflaugaskotum. WHO heimtar aðgang að árásarvettvangi. Merkel harmar árangursleysi öryggisráðs SÞ. Rússneskir þingmenn munu funda með Assad Sýrlandsforseta.

**SÝRLAND** Rússar vöruðu Bandaríkjamenn við því í gær að allar þær eldflaugar sem Bandaríkin myndu skjóta á Sýrland yrðu skotnar niður. Áttu þeir þar við möguleg viðbrögð Bandaríkjanna við meintri efnavopnaárás stjórnarhers Bashars al-Assads, forseta Sýrlands, á almenna borgara í bænum Douma í Austur-Ghouta á laugardag.

Rússar eru helstu bandamenn Assad-stjórnarinnar og hafa stutt hana með ráðum og dáð. Til að mynda greindi rússneska fréttaveitan Interfax frá því að hópur rússneskra þingmanna væri á leið til Sýrlands til að funda með Assad á næstunni.

Bandaríkjamenn, sem og Vesturlönd í heild sinni, eru hins vegar andsnúin Assad og þykja þessi ummæli Rússa, nánar tiltekið sendiherra þeirra í Líbanon, því áhyggjuefni þar sem þau þykja til marks um að bein átök Rússa og Bandaríkjamanna séu möguleg nú þegar samband stórveldanna hefur ekki verið verra í áratugi.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, brást við ummælunum með því að segja Rússum að undirbúa sig „af því að eldflaugarnar munu koma, fínar og nýjar og klárar“. „Þið ættuð ekki að vera bandamenn skepnu sem myrðir þjóð sína, og hefur gaman af, með efnavopnum!“ bætti Trump við á Twitter.



Bandaríska herskipið Donald Cook er nógu nálægt Sýrlandi til að geta hæft skotmörk þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

## Hvað vitum við um árásina?

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) sagði í yfirlýsingu í gærmorgun að samkvæmt heimildum stofnunarinnar hefðu 70 fallið í árásinni. Var vitnað í samstarfsmenn stofnunarinnar sem segðu að um 500 hefðu sýnt einkenni eitrunar, meðal annars öndunarörðugleika og ertingu í slímhúð.

WHO fór jafnframt fram á óhindrað aðgengi að vettvangi meintrar árásar til að geta rannsakað málið. Stofnunin um bann við efnavopnum (OPCW) er á leiðinni á svæðið innan skamms í sams konar erindagjörðum.

Hjálparstarfsmenn, læknar og uppreisnaraktívistar í Douma hafa haldið því fram undanfarið að sprengjur, fylltar með einhvers lags eitri, hafi fallið á bæinn.

Hjálparsamtökin UOSSM héldu því fram í vikunni að um saríngas hefði verið að ræða líkt og í árás stjórnarliða á Khan Sheikhoun í fyrra. Það hefði hins vegar verið reynt að fela með því að blanda eitrinu við klór.

Þar sem árásin var gerð á Douma, sem á þeim tíma var síðasta vígi uppreisnarmanna í Austur-Ghouta, og í ljósi fyrri efnavopnaárása Assad-liða, þykir líklegt að stjórnarherinn hafi gert árásina.

Því neita bæði Rússar og Assad-liðar þó. Samkvæmt sýrlensku ríkisstjórninni, sem hefur reyndar alla tíð neitað því að hafa notað efnavopn, er um skáldskap uppreisnarmanna ræða, settan fram til að koma í veg fyrir að stjórnarherinn taki Douma.

„Alltaf þegar sýrlenski herinn sækir fram gegn hryðjuverkamönnum koma upp yfirlýsingar um efnavopnaárásir,“ sagði starfsmaður sýrlenska utanríkisráðuneytisins við Sana.

Sýrlandsher tók Douma í kjölfar árásarinnar eftir að hafa náð rýmingarsamkomulagi við Jaish al-Islam, uppreisnarsamtökin sem stýrðu bænum áður. Hafa stjórnarliðar því endurheimt Austur-Ghouta að langmestu leyti en fellt á annað þúsund almennra borgara í leiðinni.

> **Þið ættuð ekki að vera bandamenn skepnu sem myrðir þjóð sína, og hefur gaman af, með efnavopnum!**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



**70**

**er talið að hafi farist í meintri efnavopnaárás stjórnarliða á laugardaginn.**

En Trump hafði þó greinilega nokkrar áhyggjur af sambandinu við Rússa. Í næsta tísti sagði hann sambandið verra en nokkru sinni fyrr, meira að segja verra en í kalda stríðinu. „Það er engin ástæða fyrir þessu. Rússar þurfa á hjálp okkar að halda í efnahagsmálum,“ sagði Bandaríkjaforseti og bætti því við að samstarfið ætti að geta verið auðvelt. „Stöðvum vopnakapphlaupið?“ spurði hann.

Þá sagði Trump að stóran hluta erjanna við Rússa mætti rekja til „falskrar og spilltrar rannsóknar“ sérstaks saksóknara á meintum afskiptum Rússa af forsetakosningunum 2016 og samráði við framboð Trumps. Tvinnaði hann þar saman helstu vandamál síðustu daga en rassía var gerð á skrifstofu lögfræðings forsetans í tengslum við rannsóknina í vikunni.

Talið er að Bandaríkin séu nú, í samstarfi við Breta og Frakka, að undirbúa hernaðaraðgerðir gegn Assad-liðum.

Mögulega séu Bandaríkjamenn svo að undirbúa enn frekari aðgerðir, einir síns liðs, enda hafi Trump hætt við fyrirhugaða Suður-Ameríkureisu í kjölfar árásarinnar. Samkvæmt The Times hefur Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, þó beðið Trump um frekari sannanir fyrir því að árásin hafi átt sér stað með þeim hætti sem haldið hefur verið fram.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ekki náð neinu samkomulagi um viðbrögð við hinni meintu efnavopnaárás. Á fundi ráðsins á þriðjudag mættust stálin stinn þegar Nikki Haley og Vasílí Nebensía, sendiherrar Bandaríkjamanna og Rússa, rifust. Sagði Nebensía að Bandaríkin væru að skálda til að réttlæta hernaðaraðgerðir.

Haley sagði hins vegar að atkvæðagreiðsla um drög Bandaríkjamanna að ályktun, sem sneri að því að rannsakendur gætu úrskurðað um hver bæri ábyrgð á árásinni, væri harmleikur.

Rússar beittu neitunarvaldi sínu og sagði Haley að með því sviptu Rússar ráðið öllum trúverðugleika. Haley beitti sjálf neitunarvaldi gegn tillögu Rússa um að öryggisráðið eitt gæti úrskurðað um sekt.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagðist í gær harma að öryggisráðið hefði ekki getað komist að sameiginlegri niðurstöðu. Hún vildi hins vegar ekki tjá sig um hvað hún héldi að gerðist næst á svæðinu.

**thorgnyr@frettabladid.is**




Citroën Grand C4 Picasso er rúmgóður 7 sæta fjölskyldubíll, þar sem öll sætin í miðjuröðinni eru jafn stór og á sleðum. Með Isofix festingum getur þú jafnvel komið fyrir 3 barnabílsstólum í sömu sætaröð. Öftustu sætin eru einnig stök og fellanleg niður í gólf sem býður uppá mikinn sveigjanleika.



Veldu þægindi fyrir þig og fjölskylduna. Þú færð Citroën Grand C4 Picasso 7 sæta á frábæru verði eða frá 3.490.000 kr.

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN GRAND C4 PICASSO!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16



# Innréttingar í öllum stærðum og gerðum







**Við aðstoðum þig við að hanna Schmidt eldhúsinnréttingu sem hentar þér og þínum þörfum. Óteljandi möguleikar eru í boði í hæsta gæðaflokki sem völ er á. Komdu og sjáðu úrvalið!**

**Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!**

SCHMIDT
Innréttingar

Parki
INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

# Margar eru skýrslurnar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ráðherra hefur skipað nefnd," er setning sem hljómar ofur kunnuglega í eyrum landsmanna. Nefndir og skýrslur eru nefnilega ær og kýr ráðherra. Það er eins og stjórnvöldum finnist að ekki sé hægt að taka á vanda fyrr en búið sé að kortleggja hann í skýrslu, jafnvel þótt hann blasi við öllum. Af þessu leiðir að hinar óteljandi nefndir skila iðulega niðurstöðum sem geta ekki flokkast öðruvísi en sem almenn tíðindi.

Enn ein skýrslan leit dagsins ljós á dögunum. Það er skýrsla um þolmörk ferðamennsku, sem Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, hefur lagt fram á Alþingi. Eins og oft kemur fyrir í skýrslum eru í þessari skýrslu sögð óskemmtileg tíðindi sem koma þó engan veginn á óvart. Niðurstaðan er sú að álagið á ýmsar náttúruperlur og friðlýst svæði vegna ágangs ferðamanna sé orðið svo mikið að staðirnir séu hreinlega í hættu. Þar skorti stýringu, vörslu og vöktun. Ekki flokkast þetta sem stórfréttir. Landsmenn hafa gert sér grein fyrir þessari stöðu mála í nokkurn tíma og ekki hefði hún átt að fara fram hjá stjórnvöldum. En í þessum málum, eins og of mörgum öðrum, er lítið gert. Það bitnar á náttúru landsins. Ekki þarf annað en að leggja leið sína að Geysi og Gullfossi til að sjá hversu illa leiknir þessir staðir eru og hið sama á við um fjölmörg önnur svæði. Þessi eyðilegging varð ekki á einum degi heldur á löngum tíma þannig að næg tækifæri hefðu átt að vera til aðgerða.

Það er alkunn staðreynd að náttúran er viðkvæm og þarfnast verndar fyrir ágangi. Þegar kemur að ferðamennsku hér á landi hefur gróðasjónarmið of oft verið sett í forgang, reyndar svo mjög að stundum hefur virst sem náttúruspjöll séu einfaldlega flokkuð sem ákveðinn fórnarkostnaður. Eða hvernig má öðruvísi skýra það hversu hægt gengur að grípa til aðgerða, þótt alvara málsins sé ljós?

Ferðamálaráðherra boðar aðgerðir en segir um leið að málið sé flókið, til dæmis sé óljóst hver beri ábyrgðina, sum svæði séu í eigu ríkisins en önnur í eigu sveitarfélaga og einstaklinga. Ekki hljómar þetta svo ofur flókið, þarna þurfa ríki, sveitarfélög og einstaklingar einfaldlega að leggjast á eitt. Örugglega eru þar einhverjir sem eru einungis með gróðasjónarmið í huga en ekki náttúruvernd, en það er einnig hagur peningaaflanna að náttúran fái að njóta sín. Ferðamenn koma til að sjá náttúruna og dást að henni og eru tilbúnir að greiða fyrir þá upplifun. Það er sameiginlegur hagur allra, bæði náttúruverndarsinna og gróðahyggjumanna, að vernda íslenska náttúru.

Það er síðan fullkomlega ljóst hverjir bera siðferðilega ábyrgð á íslenskri náttúru. Það gerum við öll. Það er skylda okkar að hlúa að náttúru landsins og vernda hana. Það verður eilífur smánarblettur á þessari þjóð ef hún ætlar að horfa aðgerðarlaus upp á eyðileggingu á náttúruperlum landsins. Grípa þarf til aðgerða og það strax. Við getum ekki beðið lengur. Flóknara er það nú ekki.

> Stundum hefur virst sem náttúruspjöll séu einfaldlega flokkuð sem ákveðinn fórnarkostnaður.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

Halldór




## Frá degi til dags

**Gas, gas, gas!**

Sturla Jónsson varð alþýðuhetja 2008 er hann leiddi mótmæli vörubílstjóra gegn háu eldsneytisverði. Hann er kominn á kaf í slíkar verðþælingar á ný og á Facebook minnir hann almenning á að rétt eins og tannkrem og dömubindi tengist eldsneytisverðið vísitölu neysluverðs. Sturla bendir á að dæluverð litaðrar dísilolíu, sem er undanþegin gjaldskyldu, er rúmum 80 krónum lægra en ólitaðrar. Sú ólitaða er aftur á móti „notuð í neysluvísitöluna!" Menn hafa mótmælt af minna tilefni.

**Trump-taktar í ráðhúsi**

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, býður á heimasíðu sinni upp á greiningu á viðbrögðum stuðningsmanna Dags B. Eggertssonar við skoðanakönnun Fréttablaðsins. „Borgarstjórinn og félagar hans setja sig í Trump-stellingar gagnvart fjölmiðlum og öðrum andstæðingum sínum," skrifar Björn og furðar sig á að sagnfræðingurinn Guðjón Friðriksson dreifi persónulegum árásum á Eyþór Arnalds með kvörtunum yfir að tekið sé á borgarstjóraefni Sjálfstæðismanna með „silkihönskum". „Sagnfræðingurinn vill með öðrum orðum meira af óhróðri um Eyþór á Facebook í von um að þá vænkist hagur Dags B. Skyldi enginn kunna íslensku í ritskoðunardeild Facebook?"

thorarinn@frettabladid.is

# Hjúkrunarrýmum fjölgar umtalsvert



Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Í hvert skipti sem stór ákvörðun er tekin í heilbrigðiskerfinu hefur hún áhrif um kerfið allt. Þegar hjúkrunarrýmum fjölgar hefur það áhrif á lífsgæði aldraðra sem eru á biðlistum eftir slíkum rýmum, það hefur áhrif á stöðu Landspítalans sem glímir við verulegan vanda að því er varðar aldraða sem ekki er hægt að útskrifa af deildum spítalans. Þar með léttir á deildum spítalans og þjónusta eflist enn frekar við almenning í landinu, við heilbrigðisstofnanir um allt land og heilsugæsluna.

**Biðin allt of löng**

Um langt árabil hefur verið skortur á hjúkrunarheimilum í landinu þannig að bið eftir hjúkrunarrýmum hefur verið allt of löng, og í mörgum tilvikum óásættanleg. Í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019-2023 er tekið með afgerandi hætti á þessu verkefni og um að ræða stórátak í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir uppbyggingu 250 nýrra rýma á tímabili áætlunarinnar en sá fjöldi er nú kominn upp í 550 rými fram til ársins 2023.

**Löngu tímabært**

Um leið og mikilvægt er að fjölga fjölbreyttum úrræðum fyrir aldraða, bæði í heimahjúkrun, heimaþjónustu og dagdvöl er löngu tímabært að stíga þetta skref sem hér er boðað. Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar á næstu árum, hlutfallsleg fjölgun aldraða og aukin þjónustuþörf er veruleiki sem þarf að bregðast við í tæka tíð.

Stórátak í uppbyggingu hjúkrunarheimila er mikilvægt skref í þágu aldraðra á Íslandi en endurspeglar líka skýra áherslu á heilbrigðismál í víðum skilningi í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Í áætluninni er stóraukin áhersla á málaflokkinn, bæði í framkvæmdir og rekstur, en mikilvægast þó er að stilla saman strengi til framtíðar, móta stefnu og skýra áherslur í þágu samfélagsins alls. Það er meginmarkmið mitt í embætti heilbrigðisráðherra.

> Stórátak í uppbyggingu hjúkrunarheimila er mikilvægt skref í þágu aldraðra á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Blettaskallaskáldskapur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Þetta gerðist. Lögreglan kom þar að sem hópur manna hafði brotizt inn í höfuðstöðvar demókrata í Watergate-byggingunni í Washington að næturlagi til að ræna skjölum sem menn Nixons forseta hugðust nota honum til framdráttar í forsetakosningunum þá um haustið. Þegar lögreglan kom á vettvang hafði innbrotsþjófunum tekizt að forða sér öllum nema einum. Hann var handsamaður. Þetta þótti sumum ranglátt: Að taka bara einn þegar allir hinir sluppu! Fjórðungur þingmanna lagði til í þinginu að ræninginn sem var handsamaður skyldi opinberlega beðinn afsökunar á að hafa verið ákærður og dæmdur.

Byrjum aftur. Þetta gerðist auðvitað ekki að öðru leyti en því að innbrotið var sem sagt framið í júní 1972, ræningjarnir voru allir handteknir á staðnum, ákærðir og dæmdir í fangelsi og Nixon forseti hrökklaðist frá völdum tveim árum síðar þegar ljóst var orðið að hann hafði verið með í ráðum og hindrað framgang réttvísinnar með því að reyna að hylja spor þjófanna. Hann vissi sem var að hefði hann ekki sagt af sér hefði þingið sett hann af.

### „Af stórfelldu gáleysi“

Þingsályktunartillaga 15 þingmanna um að Alþingi biðji fv. forsætisráðherra afsökunar á að hafa ákært hann 2010 fyrir vanrækslu í aðdraganda hrunsins afhjúpar skeytingarleysi um lög og rétt og um fórnarlömb hrunsins sem misstu heimili sín og aleigu þúsundum saman eins og Agnar Kr. Þorsteinsson tölvunarfræðingur lýsti í leiftrandi grein í Stundinni. Alþingi ákærði ráðherrann m.a. fyrir „alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við …“

> **Þingsályktunartillaga 15 þingmanna um að Alþingi biðji fv. forsætisráðherra afsökunar á að hafa ákært hann 2010 fyrir vanrækslu í aðdraganda hrunsins afhjúpar skeytingarleysi um lög og rétt og um fórnarlömb hrunsins sem misstu heimili sín og aleigu þúsundum saman.**

Sé maður ákærður og síðan fundinn saklaus fyrir rétti kann að vera ástæða til að biðja hann afsökunar. Sé framið dómsmorð, þ.e. sé saklaus maður dæmdur, er full ástæða til að biðja hann afsökunar. Hvorugt á við um tillöguna sem liggur nú fyrir Alþingi. Landsdómur undir forustu forseta Hæstaréttar dæmdi ráðherrann fv. sekan um brot gegn stjórnarskránni en gerði honum ekki refsingu þar eð um fyrsta brot var að ræða.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar fullyrða í greinargerð: „Niðurstaða landsdóms sýnir að ekki var tilefni til ákæru.“ Þessi fullyrðing er úr lausu lofti gripin enda fór Landsdómur hörðum orðum um embættisfærslu ráðherrans í dómi sínum þar sem segir m.a.: „Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir að hafa af stórfelldu gáleysi látið farast fyrir að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni eins og fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrárinnar, þrátt fyrir að honum hlaut að vera ljós sá háski, sem vofði yfir bankakerfinu og þar með heill ríkisins … með þeim afleiðingum að ekki var um þau málefni fjallað á vettvangi ríkisstjórnarinnar.“

### Þá verður fjandinn laus

Þingmennirnir 15 eru ekki einir á báti. Margir repúblikanar á Bandaríkjaþingi krefjast þess nú líkt og forsetinn að Robert Mueller saksóknara sem rannsakar meint ólögleg Rússatengsl Trumps forseta og manna hans verði vikið frá störfum og rannsóknin lögð niður. Þessa kröfu leggja repúblikanar fram enda þótt einn maður hafi þegar fengið dóm og þrír aðrir hafi þegar verið ákærðir fyrir lögbrot sem saksóknarinn komst að. Mennirnir hegða sér eins og þeir kunni ekki að hugsa eða kunni ekki að skammast sín. Húsleit alríkislögreglunnar FBI hjá einkalögfræðingi forsetans fyrr í vikunni vegna meintra lögbrota og hörð viðbrögð forsetans við húsleitinni þykja nú hafa aukið líkurnar á að forsetinn víki Mueller saksóknara úr starfi. Þá verður fjandinn laus líkt og eftir innbrotið í Watergate 1972.

### Kveðja til Trumps

Luigi Zingales er Ítali, prófessor í hagfræði í Chicago-háskóla. Hann birti grein í New York Times eftir kosningarnar 2016 til að vara andstæðinga Trumps, nýkjörins forseta, við því að hæðast um of að honum. Það mun engum árangri skila, sagði Zingales. Ítalar gerðu endalaust grín að Silvio Berlusconi og sátu samt uppi með hann sem forsætisráðherra von úr viti.

Ég leyfi mér samt að skilja eftirfarandi limru Kristjáns Hreinssonar skálds og heimspekings um Káin, vestur-íslenzka skáldið, svo að hún fjalli um frísúru Trumps Bandaríkjaforseta sem vakti fyrir nokkru heimsathygli þegar léttur vindur lék um höfuð forsetans:

*Víst náði hann Káinn til Klettafjalla*
*og komst þarna stundum í rétta halla,*
*hann settist þar að*
*var sáttur við það*
*en svo var hann líka með blettaskalla.*



# Reykjavík leiði rafbílavæðingu



**Eyþór Arnalds**
skipar 1. sæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**Í borgarlandinu er víða hægt að kaupa bensín og dísil. Það er eðlilegt að aðgengi fyrir rafmagn sé líka gott.**

Nú eru meira en fjögur ár síðan ég fékk fyrsta rafbílinn. Það verður ekki aftur snúið hvað mig varðar. Á þessum fjórum árum hefur mikið vatn runnið til sjávar. Tæknin er komin til að vera og sparnaður í eldsneytiskostnaði er mikill. Já og sótmengun er engin. Samkvæmt upplýsingum Orkuveitu Reykjavíkur er dreifikerfi raforku fært um að anna um 50.000 bílum án frekari fjárfestinga í innviðum. Þessi fjöldi þarf að kaupa jarðefnaeldsneyti fyrir um 25 milljarða króna. Raforkan er ekki bara hrein, heldur kostar hún Orkuveituna lítið ef hlaðið er á nóttunni. Hreinn hagnaður fyrir bæði Orkuveituna og notendur.

**Sjálfstæðismenn leggja til úrbætur**

Verð á rafbílum hefur lækkað umtalsvert og eru þeir í dag orðnir raunhæfur og samkeppnisfær kostur, bæði í verði og drægni. Helsti þröskuldurinn er að finna hleðslustaði fyrir þá sem búa í fjölbýli. Þess vegna hafa Sjálfstæðismenn í borgarstjórn lagt fram tillögu þess efnis að auðvelda aðgengi að hleðslustöðvum í borginni. Slíkt aðgengi tryggir val fyrir fólk. Í borgarlandinu er víða hægt að kaupa bensín og dísil. Það er eðlilegt að aðgengi fyrir rafmagn sé líka gott. Nýjar byggingar verða eftirsóknarverðari ef hægt er að hlaða rafmagnsbíla nálægt þeim. Þannig er borgin að styðja við græn sjónarmið, bæta hag íbúa og Orkuveitunnar án þess að stýra fólki með boðum og bönnum.

Hvergi í heiminum á betur við að auka rafbílanotkun en einmitt á Íslandi. Og einmitt í Reykjavík þar sem þéttbýlið er mest. Í þessum mánuði bárust fregnir af því að sótmengun sé á pari við þá sem er í Rotterdam. Til að ráðast á þetta vandamál þarf bæði að minnka upptök svifryks og þrífa götur miklu betur en nú er gert. Hluti af lausninni er að auðvelda fólki að velja rafmagn á bílinn sinn. Taka sjálfstæða ákvörðun um að velja hreina íslenska orku, spara þannig útgjöld og vinna að hreinni Reykjavík. Við leggjum til að borgin bæti aðgengi og stígi þannig skref inn í 21. öldina. Með þessu getum við breytt borginni til hins betra.

# Þú veist þetta allt



**Jóhannes Kr. Kristjánsson**
blaðamaður

**Ef við berum saman barnaspítalann og meðferðarkerfi barna þá ert þú yfirlæknirinn yfir meðferðarkerfinu.**

*Opið bréf til Halldórs Hauksonar, sviðsstjóra meðferðarsviðs Barnaverndarstofu.*

Þú veist það, Halldór, að þegar börnin okkar veikjast lífshættulega þá er brunað með þau á barnaspítalann þar sem læknateymi tekur á móti þeim og hefur lífsbjargandi meðferð. Allt er gert til að bjarga barninu. Þú veist það líka, Halldór, að þegar barn í neyslu lífshættulegra fíkniefna þarf lífsbjargandi meðferð þá eru úrræðin fá og jafnvel ekki til staðar.

Þú veist það, Halldór, að þínu starfi fylgir mjög mikil ábyrgð. Ef við berum saman barnaspítalann og meðferðarkerfi barna þá ert þú yfirlæknirinn yfir meðferðarkerfinu. Sem slíkur átt þú að finna allar mögulegar leiðir til að bjarga börnum í neyslu. Þú átt að hlusta á „læknana“ sem hafa skoðað og greint „sjúklingana“ og eru með rökstuddar tillögur um lífsbjargandi meðferð. Þú átt að sjá til þess að „sjúklingarnir“ fái viðeigandi meðferð og þú átt að sjá til þess að úrræðin til lækninga séu sem best og sem flest. Þitt eina markmið á að vera að finna leiðir til að bjarga börnum sem eru í neyslu lífshættulegra fíkniefna.

Síðustu ár hefur þú látið loka meðferðarheimilum barna víðsvegar um landið. Á sama tíma hefur þú lagt alla þína krafta í MST-meðferðarkerfið sem gengur út á að barnið fái meðferð í sínu umhverfi – inni á heimilinu. Þú veist það jafnvel og ég að MST-kerfið virkar ekki fyrir börn sem eru komin í lífshættulega neyslu fíkniefna. Þú veist að MST getur virkað ágætlega fyrir börn sem eru á fyrstu stigum hegðunarvanda og það gæti hentað ágætlega sem eftirmeðferðarúrræði fyrir börn sem eru að koma úr langtímameðferð. Þú veist líka að MST-meðferðarkerfið er í eigu bandarísks fyrirtækis sem Barnaverndarstofa greiðir þóknanir fyrir að nota.

Þú veist að það er til myndband af börnunum á meðferðarheimilinu Lækjarbakka sem voru að sniffa úr gaskút í helgarleyfi í sumarbústað með starfsmönnum meðferðarheimilisins. Ég veit að Barnaverndarstofa fékk upplýsingar um neyslu barnanna en kaus að láta barnaverndarnefndir þeirra sem áttu í hlut ekki vita.

Þú veist hvað starfsmennirnir á meðferðargólfinu segja um ástandið í meðferðarmálum barna í dag! Þeir segja frá allt öðrum veruleika en þú sagðir frá í Kastljósi RÚV í vikunni. Þeir segja að MST-meðferðarkerfið virki ekki fyrir börn með mjög erfiðan hegðunarvanda eða börn í lífshættulegri neyslu fíkniefna. Þeir segja að það vanti sérhæfð meðferðarheimili. Þeir segja að ekki sé hlustað á þeirra tillögur um úrbætur í meðferðarkerfinu. Þeir segja að þú og aðrir starfsmenn Barnaverndarstofu þaggið niður í þeim þegar þeir vilji gagnrýna meðferðarkerfið sem þú stjórnar.

Veistu hvað þú ert búinn að gera, Halldór? Þú hefur byggt upp kerfi sem stjórnað er af örfáum einstaklingum sem sitja við skrifborð í turni Barnaverndarstofu og gefa ordrur um hitt og þetta án samráðs við mikilvæga starfsfólkið sem vinnur við að reyna að bjarga börnunum okkar. Það fólk er að gefast upp í starfi sínu – það eina sem heldur í það eru þessir pínulitlu sigrar þegar það sér á eftir barni nokkuð visst um að það muni pluma sig næstu mánuði og jafnvel til langframa.

Ég styð starfsfólkið í meðferðarkerfinu sem er að vinna með erfiðustu börn landsins oft við bágbornar aðstæður. Ég styð samtökin Olnbogabörn og Sigvalda og Öddu sem eru nú að berjast fyrir lífi sonar síns. Ég stóð einu sinni í þeirra sporum þegar ég var að reyna að bjarga stelpunni minni. Það tókst því miður ekki en þú hefur nú tækifæri til að gera allt sem í þínu valdi stendur til að byggja upp meðferðarkerfi sem hefur það eina markmið að bjarga börnunum okkar. Þú veist að það átt þú að gera, Halldór.

# Byggðasöfn og brauð





**Guðrún Jónsdóttir**
safnstjóri, Borgarfirði

**Sigríður Sigurðardóttir**
fráfarandi safnstjóri, Skagafirði

**Söfn hafa orðið fyrir ruðningsáhrifum frá uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Þau koma í ljós í ýmsum myndum. Margir sveitarstjórnarmenn virðast telja að ferðamenn vilji fremur sjá glæstar tilbúnar sýningar heldur en upprunalega muni, sem eru látnir víkja.**

Ísland, sækjum það heim, var mikið notað slagorð í lok síðustu aldar, ætlað til að fjölga komum ferðamanna. Margt hefur breyst síðan þá og við tökum nú árlega á móti margföldum íbúafjölda landsins. Náttúran, sagan og menningin heilla ferðamenn. Þegar þeir eru komnir út á land leita margir þeirra að byggðasöfnunum (staðbundnum minjasöfnum): „Where is the local museum?“ Söfnin hafa brugðist vel við. Frásagnarmáti þeirra hefur breyst. Þau hafa lagað sig að áherslum í ferðaþjónustu og gefa, mörg hver, erlendum ferðalöngum tækifæri til að kynna sér svæðisbundna menningu. Mýtan um aska og rokka í röðum á ekki lengur við. Söfnin eru menningarhús, full af lífi. Kjarni sýninga þeirra er samt alltaf sá sami: ekta safngripir. Um það er spurt: „Is this original?“ Það fylgir því sérstök tilfinning að sjá upprunalega muni og fólk leitar einmitt að þeim. Byggðasöfnin eru eins og gott brauð, meðlæti sem er hluti upplifunarinnar.

Við stöndum á krossgötum. Aðstaða og afþreying fyrir ferðamenn er í mikilli uppbyggingu og það er vel. Fróðleikur um liðinn tíma, sögu byggðanna, skiptir máli. Miðlun hans er á ábyrgð sveitarfélaganna, sem eiga flest byggðasöfnin. Íbúar byggðanna komu þeim á fót á sínum tíma. Mörg þeirra búa við erfið rekstrarskilyrði. Þau eru ekki ofarlega á lista sveitarstjórnarmanna þegar önnur útgjöld kalla.

Söfn hafa orðið fyrir ruðningsáhrifum frá uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Þau koma í ljós í ýmsum myndum. Margir sveitarstjórnarmenn virðast telja að ferðamenn vilji fremur sjá glæstar tilbúnar sýningar heldur en upprunalega muni, sem eru látnir víkja. Þess eru jafnvel dæmi að grunnsýningar hafi verið teknar niður og safnkosti pakkað niður í kassa og hann lent í húsnæðishraki. Slíkum aðgerðum fylgir hætta á þekkingarrofi og skemmdum. Við þær aðstæður er menningararfinum hætta búin.

Fólk vill geta kynnt sér söguna og sjá upprunalega gripi sem tengjast henni; upplifa hið raunverulega. Brottfluttir íbúar vilja heimsækja gamlar slóðir og rifja upp gamlar minningar, fræðimenn vilja rannsaka, skólanemar eiga að fá fræðslu. Nú ræða sveitarstjórnarmenn hvers það sé að reka minjasöfn.

Aðgerða er þörf eigi áfram að vera hægt að stunda öflugt safnastarf í þessu landi. Margra áratuga menningarstarf er í hættu. Land sem missir tengsl við sögu sína verður fátækt land, jafnvel þótt þar séu mörg hótel.

–

*Nútíð við fortíð*
*nornirnar tengja.*
*Heilögum síma,*
*högg ei það band!*
**– Steingrímur Thorsteinsson**

Bregðumst ekki framtíðinni með því að skera á þráðinn. Við köllum eftir annarri forgangsröðun.

# Svarthvíta hetjan mín



**Steingrímur Ari Arason**
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

**Dúkkulísurnar sungu um miðbik níunda áratugarins dægurlag um svarthvítu hetjuna sína og spurðu hvernig hún væri í lit. Guðjón segir nú skýrslu Ríkisendurskoðunar svarta Hvítbók forstjórans. Ég segi hana vera í lit.**

Guðjón Brjánsson alþingismaður skrifaði í gær, 11. apríl, þriðju greinina í tilefni skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda heilbrigðisþjónustu. Í henni tínir hann til athugasemdir sem varða SÍ og hann telur að eigi sér stoð í skýrslunni. Margar þeirra eru réttmætar, aðrar spurning um sjónarhorn og enn aðrar eru byggðar á misskilningi eða rangtúlkun.

**Mergur máls**

Þær niðurstöður og ábendingar sem Ríkisendurskoðun setur fram eru mikilvægt innlegg í þá vinnu sem nú fer fram á vegum Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra og lýtur að mótun heilbrigðisstefnu til næstu ára. Það blasir jafnframt við að Sjúkratryggingar Íslands hafa þar stóru hlutverki að gegna og að það er orðið brýnt að hefja uppbyggingu stofnunarinnar sem slegið var á frest vegna efnahagshrunsins. Spurn eftir heilbrigðisþjónustu er að vaxa langt umfram hagvöxt og þar af leiðandi er afar brýnt að innleiða skilvirka forgangsröðun fjármuna. Með hliðsjón af þörfum sjúkratryggðra verður að skilgreina vel þá þjónustu sem við viljum að ríkið taki þátt í að greiða fyrir. Til að tryggja að þjónustan sé veitt með heildstæðum og hagkvæmum hætti verða greiðslur ríkisins að fylgja sjúklingum til veitenda þjónustunnar í samræmi við þörf og fjölda verka. Til þess voru og eru Sjúkratryggingar Íslands.

**Margar hliðar máls**

Umfjöllun um einstök mál eða athugasemdir í skýrslu Ríkisendurskoðunar getur verið vandasöm. Dæmi um það er umfjöllun Guðjóns í fyrstu tveimur greinunum, annars vegar um lækniskostnað og hins vegar um endurhæfingu.

Guðjón gerir athugasemd við að kostnaður SÍ vegna sérgreinalæknaþjónustu hafi aukist „gríðarlega á undanförnum árum, langt umfram aðra þætti og hlutfallslega yfirgnæfandi mest á höfuðborgarsvæðinu.“ Veruleikinn er á hinn bóginn ekki svarthvítur heldur í lit. Það sést þegar þessi tilvitnun er borin saman við þá staðreynd að frá árinu 2014 til 2017 hefur þjónustuverð Landspítalans (svokallað DRG-verð) hækkað um 27,8%, en einingarverð samkvæmt samningi SÍ við sérgreinalækna um 16,5%. Það sést einnig vel þegar áætlun vegna kostnaðar sjúkratrygginganna við þjálfun (og þá fyrst og fremst sjúkraþjálfun) er skoðuð. Þannig áætla SÍ að kostnaður vegna þjálfunar verði 5.230 m.kr. á árinu 2018 samanborið við 2.670 m.kr. árið 2016. Þetta jafngildir 96% kostnaðarhækkun á tveimur árum. Enn og aftur er þetta dæmi um nauðsyn þess að setja hlutina í rétt samhengi og forðast „trúboð og órökstuddar bábiljur“, eins og Guðjón orðar það.

Guðjón gerir athugasemd við að því skuli varpað fram í skýrslunni „að mikill munur sé á kostnaði við rekstur endurhæfingarmiðstöðvarinnar á Reykjalundi og á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.“ Í framhaldinu gagnrýnir hann Ríkisendurskoðun, segir stofnuninni hafa fatast flugið „því þessi samanburður er ekki raunhæfur, þessar stofnanir eru ekki sambærilegar.“ Hér hallar réttu máli, en í skýrslunni segir orðrétt: „Samkvæmt samanburði Sjúkratrygginga var framlag ríkisins á hvern meðferðartíma í þverfaglegri endurhæfingu ríflega tvöfalt hærra til Reykjalundar en til sambærilegrar þjónustu hjá Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.“ Orðalagið er skýrt og það á ekki að vera hægt að misskilja. Ríkisendurskoðun er ekki að bera stofnanirnar saman heldur tiltekna þjónustuþætti sem teljast sambærilegir.

**Hvernig ertu í lit?**

Dúkkulísurnar sungu um miðbik níunda áratugarins dægurlag um svarthvítu hetjuna sína og spurðu hvernig hún væri í lit. Guðjón segir nú skýrslu Ríkisendurskoðunar svarta Hvítbók forstjórans. Ég segi hana vera í lit.

Í kjölfar efnahagshrunsins lögðust menn á árarnar við að verja heilbrigðisþjónustuna eftir fremsta megni. Umgjörðin lét á sjá og uppbygging stjórnsýslunnar, þar á meðal Sjúkratrygginga Íslands, fékk að bíða. Framkvæmdir við húsnæði Landspítalans eru nú komnar á fulla ferð, en stjórnsýslan mætir enn afgangi. Því miður þýðir sú frestun að dæmum um að við séum að spara aurinn og kasta krónunni fjölgar. Sú staðreynd breytir því ekki að margt hefur verið vel gert og árangur náðst á mörgum sviðum. Viðurkennum það, svo og að nauðsynleg uppbygging krefst ekki alltaf niðurrifs.

# Hver tók á móti þér?



**Ebba Margrét Magnúsdóttir**
fæðingarlæknir og formaður læknaráðs Landspítalans

Svarið við þessari spurningu er líklega hjá flestum einhver góð ljósmóðir eða fæðingarlæknir.

Nú eru ljósmæður í kjarabaráttu við ríkið og hafa nokkrir tugir þeirra sagt starfi sínu á Landspítalanum lausu. Það er grafalvarleg staða en er skiljanleg þegar málið er skoðað til hlítar.

Ljósmæður eru eingöngu kvennastétt með 6 ára háskólanám að baki. Þær hafa lokið 4 ára háskólanámi í hjúkrunarfræði og síðan bætt við sig tveimur árum í ljósmóðurfræði. Hafi þær unnið í einhver ár sem hjúkrunarfræðingar og unnið sig upp í launum þá er það svo að eftir tveggja ára ljósmóðurnám þá lækka launin þegar þær byrja að vinna sem ljósmæður. Það sjá það allir að þetta getur ekki gengið. Við erum að leggja áherslu á gildi menntunar í landinu og hún kostar mikið fé og tíma. En ef hún færir fólki engar kjarabætur þá er enginn hvati til að mennta sig frekar.

Við sem vinnum við fæðingarþjónustu vitum að þetta starf er einstakt. Það að taka á móti nýjum Íslendingum í þennan heim er forréttindastarf en mjög krefjandi. Börnin fæðast á öllum tímum sólarhringsins og líka á rauðum dögum. Starf ljósmæðra er vissulega krefjandi og getur reynt á bæði líkamlega og andlega. Rannsóknir sýna að þeir sem vinna vaktavinnu lifa skemur en þeir sem vinna dagvinnu og tíðni alvarlegra veikinda er einnig hærri hjá vaktavinnufólki.

Starfið í mæðraverndinni, í fæðingarþjónustu og síðan að fylgja eftir nýbakaðri fjölskyldu krefst teymisvinnu ljósmæðra og fæðingarlækna. Það er því miður svo að það fara ekki allir heim með heilbrigð lifandi börn og því fólki þarf líka að sinna á okkar vakt. Við á Íslandi höfum náð einstökum árangri í lágri tíðni burðarmálsdauða á heimsvísu og á sama tíma hefur keisaratíðnin ekki aukist eins og víða í hinum vestræna heimi. Þessu höfum við náð með mikilli faglegri þjálfun og samstarfi fagaðila sem að fæðingarþjónustu koma. Skjólstæðingar okkar eru móðirin, barnið og fjölskyldan í heild. Við þurfum að hlusta á ekki bara einn hjartslátt heldur alltaf tvo og stundum fleiri þegar um fjölburameðgöngur er að ræða. Ábyrgðin er mikil og oft þarf að taka ákvarðanir hratt og bregðast við með réttum hætti.

**Semja þarf strax við ljósmæður**

Það tekur mörg ár að þjálfa reynda ljósmóður og því má það ekki gerast að þær hætti nú störfum og leiti til annarra starfa eins og reyndin er með marga hjúkrunarfræðinga á LSH. Það vantar nú á annað hundrað hjúkrunarfræðinga á spítalann. Sorglegt er að vita til þess að hjúkrunarfræðingar með 2 ára aukanám eins og skurðhjúkrunarfræðingar og svæfingarhjúkrunarfræðingar skuli velja að starfa frekar í fluginu en á LSH. Hér verður að koma á umbótum í mannauðsmálum, gera starfið eftirsóknarvert og borga laun í samræmi við ábyrgð og reynslu. Þannig missum við ekki ljósmæður eða hjúkrunarfræðinga til annarra starfa. Menntun og þjálfun þessara stétta þarf að meta og greiða laun samkvæmt því.

**Hvernig getur það gerst árið 2018 á vakt Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra að kvennastétt með 6 ára háskólanám að baki sé að hverfa frá starfi? Þessi ríkisstjórn setti heilbrigðismál og innviði í öndvegi.**

Hvernig getur það gerst árið 2018 á vakt Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra að kvennastétt með 6 ára háskólanám að baki sé að hverfa frá starfi? Þessi ríkisstjórn setti heilbrigðismál og innviði í öndvegi. Það er afgangur af ríkissjóði og verið að greiða niður erlendar skuldir. Ég skora á fjármálaráðherra að gefa samninganefnd ríkisins heimild til að semja við ljósmæður og það strax. Sumarið er fram undan og þá er álag á fæðingardeild LSH mikið vegna sumarfría starfsfólks og vegna þess að nágrannasjúkrahúsin draga oft úr sinni starfsemi. En fæðingum fækkar ekki þó að sólin fari að skína og við ekki setjum við tappa í konurnar. Við förum í hanskana og tökum glöð á móti nýjum Íslendingum.

# Horfumst í augu við vandann



**Egill Þór Jónsson**
félagsfræðingur, í 4. sæti lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir fögur fyrirheit fjölgaði íbúðum í fyrra um einungis 322 í allri höfuðborginni, stærsta sveitarfélagi landsins.**

Á uppvaxtarárum mínum lærði ég fljótt að fyrsta skrefið við lausn vandamála felst í viðurkenningu á vandanum. Staðreyndin er hins vegar sú að það er ekki alltaf einfalt að standa andspænis sannleikanum og horfast í augu við vandann. Við þekkjum það flest.

Einn stærsti vandi sem borgaryfirvöldum hefur láðst að horfast í augu við – og standa því frammi fyrir nú – er hinn margumtalaði húsnæðisvandi. Hann byggist fyrst og fremst á því hversu hægt gengur hjá meirihlutanum að byggja enda stefna hans ýtt undir lítið framboð af lóðum. Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir fögur fyrirheit fjölgaði allri höfuðborginni, stærsta sveitarfélagi landsins. Á meðan íbúðum í einu af minni sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins, Mosfellsbæ, fjölgaði umtalsvert meira, eða um 401. Ísköld staðreynd, blákaldur sannleikur.

Sjálfur er ég 27 ára og bý enn hjá móður minni í Breiðholtinu. Undanfarin tvö ár hef ég starfað sem teymisstjóri á sambýli fyrir geðfatlaða, í starfi sem ég hef unun af og krefst háskólamenntunar. Hver einustu mánaðamót hef ég lagt samviskusamlega fyrir og hjálpað til við rekstur heimilisins. Þrátt fyrir þetta er ég enn í þeirri stöðu að geta ekki fjárfest í húsnæði.

Mér finnst stundum erfitt til þess að hugsa að ekki eru allir jafn heppnir og ég. Þannig er, að það lifa ekki allir við þann lúxus að geta búið í foreldrahúsum. Sjálfur þekki ég dæmi þess að fólk á aldri við mig hefur með engu móti tök á að búa heima, er kannski að ala upp börn á leikskólaaldri, fast á leigumarkaði og í láglaunastörfum jafnvel.

Veruleikinn er sá að þessi þróun hefur orðið til þess að fólk gefst upp og flyst í önnur nærliggjandi sveitarfélög. Hin mikla uppbygging í Mosfellsbæ er gott dæmi um þessa þróun. Við þetta getum við ekki unað. Það er kominn tími til breytinga. Ef Reykjavík á að vera fyrir alla, unga sem aldna, er nauðsynlegt að bregðast hratt við en það verður ekki gert án þess að borgarstjórn sýni kjark og horfist í augu við vandann. Ég sem frambjóðandi í 4. sæti lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er tilbúinn til þess.


# Tónlistarnám í takt við framtíðina



mít

Nú er opið fyrir umsóknir í **Menntaskóla í tónlist** fyrir skólaárið 2018-2019. Skólinn er stofnaður af Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH og býður upp á fjölbreytt tónlistarnám í rytmískri og klassískri tónlist. Námið er góður valkostur fyrir þá sem vilja stunda fjölbreytt tónlistarnám í skapandi og skemmtilegu umhverfi . MÍT býður upp stúdentsbraut þar sem hægt er að ljúka stúdents prófi með tónlist sem aðalnámsgrein. Einnig býður skólinn upp á almenna tónlistarbraut sem hentar metnaðarfullum nemendum á ýmsum aldri.

## MÍT opnar fyrir umsóknir

Kynntu þér námið á heimasíðu skólans: **menton.is.**
Umsóknarfrestur er til 21. apríl og inntökupróf verða haldin í lok apríl/byrjun maí.

Sótt er um námið á **menton.is.**

# Messufall í Meistaradeildinni

**Manchester City féll úr leik fyrir Liverpool í 8-liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Pep Guardiola hefur ekki enn tekist að koma City á stall þeirra bestu í Meistaradeildinni, keppni sem hann hefur ekki unnið í sjö ár.**

**FÓTBOLTI** Ljósblái herinn hans Peps Guardiola tapaði 5-1 samanlagt fyrir Rauða hernum frá Liverpool í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Staða Manchester City var erfið eftir 3-0 tap í fyrri leiknum á Anfield og þrátt fyrir góða frammistöðu í fyrri hálfleik í leiknum á þriðjudaginn urðu vonir City að engu þegar Mohamed Salah jafnaði í 1-1 á 56. mínútu. Roberto Firmino skoraði svo sigurmark Liverpool 13 mínútum fyrir leikslok.

Guardiola horfði á seinni hálfleikinn úr stúkunni á Etihad. Undir lok fyrri hálfleik var mark ranglega dæmt af City vegna rangstöðu. Spánverjinn mótmælti og var sendur upp í stúku af landa sínum, Antonio Mateu Lahoz. Eftir leikinn sagðist Guardiola ekki hafa móðgað dómarann, aðeins sagt honum að markið hefði átt að standa.

**Þrjú töp í röð**

Tapið í gær var það þriðja á einni viku hjá City. Liðið tapaði báðum leikjunum gegn Liverpool og í millitíðinni fyrir Manchester United í leik þar sem City gat tryggt sér Englandsmeistaratitilinn.

Það er þó ekki spurning hvort heldur hvenær City verður meistari, enda með 13 stiga forskot á United og á mjög auðvelda dagskrá fram undan. Þá eru lærisveinar Guardiola búnir að vinna deildabikarinn. En liðið ætlaði sér lengra í Meistaradeildinni, sem var ein af helstu ástæðunum fyrir því að City réð Guardiola fyrir tveimur árum.

City komst einni umferð lengra í Meistaradeildinni í ár en í fyrra en lið sem eyðir rúmlega 250 milljónum punda í leikmenn á tímabilinu ætlar sér meira en að detta út í 8-liða úrslitum.

City hefur reyndar ekki gert neinar rósir í Meistaradeildinni síðan olíufurstarnir frá Abú Dabí keyptu félagið fyrir áratug. City hefur lengst komist í undanúrslit fyrir tveimur árum þegar liðið tapaði fyrir Real Madrid. City hefur yfirburði heima fyrir en á enn eftir að leggja Evrópu undir sig.

**Ekki komist í úrslit síðan 2011**

Guardiola vann Meistaradeildina tvisvar á fyrstu þremur árum sínum sem stjóri Barcelona. En síðan 2011 hefur honum hvorki tekist að koma liði í úrslit Meistaradeildarinnar né landa bikarnum með stóru eyrun.

Barcelona féll úr leik fyrir Chelsea 2012 og tímabilið á eftir var Guardiola í fríi frá þjálfun. Hann tók við Bayern München 2013 og undir hans stjórn komst liðið í undanúrslit Meistaradeildarinnar. Þar lentu Bæjarar illa í því og réðu ekkert við skyndisóknir Real Madrid sem vann einvígið, samanlagt 5-0.

Árið eftir hentu gömlu lærisveinar Guardiola í Barcelona Bayern úr leik í undanúrslitunum, samtals 5-3. Einvígið var nánast búið eftir 3-0 tap í fyrri leiknum. Lionel Messi gerði Bayern lífið leitt í þeim leik en Guardiola hefur ekki unnið Meistaradeildina síðan hann hætti að þjálfa argentínska snillinginn.

Bayern komst einnig í undanúrslit á þriðja og síðasta tímabili Guardiola þar en féll úr leik fyrir Atlético Madrid á útivallarmarki. Í fyrra, á fyrsta tímabilinu undir stjórn Guardiola, strandaði City svo á Monaco í 16-liða úrslitunum. Franska liðið fór áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.



**Guardiola faðmar Franck Ribéry í leik Bayern München og Real Madrid 2014. Bayern tapaði 4-0.** NORDICPHOTOS/GETTY





**Guardiola hefur mátt þola sár töp í Meistaradeildinni undanfarin ár.** NORDICPHOTOS/GETTY



**»» Lið undir stjórn Guardiola hafa unnið 13 af 30 leikjum í útsláttarkeppni Meistaradeildarinnar frá tímabilinu 2011-12.**

**Varnarleysi á stóra sviðinu**

Varnarleikurinn hefur orðið liðunum hans Guardiola að falli í Meistaradeildinni undanfarin ár og þau eiga í sérstaklega miklum vandræðum með lið sem geta beitt skæðum skyndisóknum, eins og Liverpool. City fékk samtals á sig fimm mörk gegn Liverpool í ár og sex gegn Monaco í fyrra. Real Madrid skoraði fimm gegn Bayern 2014 og Barcelona fimm árið eftir.

Guardiola gefur engan afslátt af sinni hugmyndafræði og stundum kemur það honum í koll. Líkurnar á því að hann breyti til og leggi meiri áherslu á varnarleik eru ekki miklar. Leikstíllinn sem hann predikar hefur þrátt fyrir allt skilað honum fjölda titla og verið lofaður í bak og fyrir.

**Betur má ef duga skal**

Þrátt fyrir ófarir síðustu þriggja leikja hefur Guardiola náð betra jafnvægi í leik City en í fyrra. Liðið hefur t.a.m. aðeins fengið á sig 24 mörk í 32 leikjum í ensku úrvalsdeildinni og aðeins United hefur haldið oftar hreinu. En betur má ef duga skal. Leikirnir gegn Liverpool og United sýndu það. Guardiola er með opin tékkhefti og mun eflaust ná í sterka leikmenn í sumar til að freista þess að koma City í fremstu röð í Evrópu. **ingvithor@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla, undanúrslit**

**Haukar - KR 83-84**

**Haukar:** Kári Jónsson 21, Haukur Óskarsson 17, Paul Anthony Jones 16, Emil Barja 14, Finnur Atli Magnússon 6, Breki Gylfason 4, Kristján Leifur Sverrisson 3, Hjálmar Stefánsson 2.
**KR:** Kristófer Acox 18, Brynjar Þór Björnsson 16, Helgi Már Magnússon 12, Kendall Pollard 12, Björn Kristjánsson 11, Darri Hilmarsson 11, Pavel Ermolinskij 4.

*Staðan* í einvígi liðanna er 2-1 KR í vil, en liðin mætast næst á laugardaginn.

**ÍR - Tindastóll 69-84**

**ÍR:** Danero Thomas 24, Matthías Orri Sigurðarson 18, Ryan Taylor 13, Kristinn Marinósson 5, Sveinbjörn Claessen 4, Hákon Örn Hjálmarsson 3, Trausti Eiríksson 2.

**Tindastóll:** Antonio Hester 31, Sigtryggur Arnar Björnsson 24, Pétur Rúnar Birgisson 14, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 5, Helgi Rafn Viggósson 4, Axel Kárason 3, Viðar Ágústsson 3.

*Staðan* í einvígi liðanna er 2-1 Tindastóli í vil, en liðin mætast næst á laugardaginn.

**Olís-deild kvenna, undanúrslit**

**ÍBV - Fram 24-27**

**ÍBV:** Sandra Erlingsdóttir 6, Karólína Bæhrenz 5, Ester Óskarsdóttir 5, Greta Kavaliauskaite 5, Sandra Dís Sigurðardóttir 1, Shadya Goumaz 1, Asun Batista 1.
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 9, Karen Knútsdóttir 8, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Steinunn Björnsdóttir 3, Þórey Rósa Stefánsdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1.

*Einvígið endaði* 3-1 fyrir Fram sem leikur til úrslita, en liðið mætir annaðhvort Haukum eða Val í úrslitaviðureigninni.

**Meistaradeild Evrópu, 8-liða úrslit, seinni leikir**

**B. München - Sevilla 0-0**

*Einvígi liðanna endaði samanlagt 2-1 fyrir Bayern München sem fer þar af leiðandi áfram í undanúrslit keppninnar.*

**R. Madrid - Juventus 1-3**

1-0 Mario Mandžukić (2.), 2-0 Mario Mandžukić (37.), 3-0 Blaise Matuidi (61.), 1-3 Cristiano Ronaldo (90.).
*Einvígið liðanna endaði samanlagt 4-3 fyrir Real Madrid sem fer þar af leiðandi áfram í undanúrslit keppninnar.*

## Fram getur varið titilinn

**HANDBOLTI** Fram fór með sigur af hólmi, 27-24, þegar liðið mætti ÍBV í fjórða leik liðanna í undanúrslitum Olísdeildar kvenna í handbolta í Vestmannaeyjum í gærkvöldi.

Fram fer af leiðandi áfram í úrslitaeinvígi deildarinnar. Fram á möguleika á að verja titil sinn, en liðið mætir annaðhvort Haukum eða Val í úrslitaeinvíginu. Staðan í einvígi Hauka og Vals er 2-1, en liðin mætast í fjórða leiknum í Hafnarfirði í kvöld.

## Björgvin líklega með á morgun

**HANDBOLTI** Björgvin Hólmgeirsson gæti snúið aftur í lið ÍR þegar það mætir ÍBV á morgun í fyrsta leik liðanna í 8-liða úrslitum Olís-deildar karla í handbolta. Björgvin lék fyrstu tvo leiki ÍR í deildinni í vetur áður en hann meiddist í baki.

„Björgvin hefur æft með okkur í vikunni og hann lítur vel út miðað við það að hafa nánast ekkert leikið með okkur í vetur,“ sagði Bjarni Fritzson, þjálfari ÍR, við Fréttablaðið. **– hó**


VÆNTANLEGT!
SUMARKROPPIÐ 2018

## Merkisatburðir

**1919** Átján manns farast í snjóflóðum við Siglufjörð og síldarverksmiðja gjöreyðileggst.

**1927** Íþróttafélagið Völsungur er stofnað á Húsavík.

**1931** Knattspyrnufélagið Haukar er stofnað í Hafnarfirði.

**1945** Franklin D. Roosevelt andast og Harry S. Truman tekur við embætti forseta Bandaríkjanna, sá 33. í röðinni.

**1952** Gúmmíbjörgunarbátur er í fyrsta sinn notaður hér við land er vélbáturinn Veiga sekkur við Vestmannaeyjar. Tveir menn farast en sex bjargast.

**1953** Menntaskólinn á Laugarvatni verður fyrsti sjálfstæði menntaskólinn í dreifbýli á Íslandi.

**1961** Júrí Gagarín er fyrstur manna til að fara út í geiminn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Reynir Guðmundsson**

múrarameistari, Kveldúlfsgötu 21, Borgarnesi,

lést þann 8. apríl á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 20. apríl kl. 14.

**Herdís Jónasdóttir**
**Jónas Guðmundsson**
**Fjóla Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Guðmundsson** **Nína Rún Höskuldsdóttir**
**Hrönn Guðmundsdóttir** **Gunnar Máni Hermannsson**
**Saga, Hugi, Emma, Reynir, Tómas og Frosti**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, sambýlismaður, bróðir og afi,

**Ragnar Lýðsson**

húsasmíðameistari,

lést þann 31. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju þann 14. apríl kl. 14 og jarðsett verður í Haukadal. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Björgunarsveit Biskupstungna, kennitala 520288-1049 og reikningsnúmer 0151-26-1100.

**Ólafur Ragnarsson** **Ragnhildur H. Sigurðardóttir**
**Hilmar Ragnarsson** **Elfa Björk Kristjánsdóttir**
**Ingi Rafn Ragnarsson** **Heiða Sigurðardóttir**
**Ellen Drífa Ragnarsdóttir** **Davíð Örn Friðriksson**
**Sigurlaug Jónsdóttir**
**barnabörn og aðstandendur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lára Valsteinsdóttir**

Lautasmára 3, Kópavogi,

lést laugardaginn 7. apríl á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 18. apríl klukkan 15.

**Ólöf Stefánsdóttir** **Jón Aðalsteinn Jóhannsson**
**Jóhannes Stefán Stefánsson**
**Sigurlaug J. Stefánsdóttir** **Karl Gauti Hjaltason**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Anna Atladóttir**

Fífumóa 7, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi laugardaginn 7. apríl. Útför fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 14. apríl kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

**Soffía Sveinsdóttir** **Elmar Viðarsson**
**Knútur Sveinsson** **Signý Eva Auðunsdóttir**
**Bjarni Sveinsson**
**Sölvi Sveinsson**
**systkini og barnabörn.**



**Ragnheiður og Guðríður Skugga við textílverk Ragnheiðar sem vísar í holdsveikraspítalann.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Þar mætast fortíð og nútíð

**Guðríður Skugga og Ragnheiður Guðmundsdóttir eru meðal meistaranema úr Listaháskólanum sem eiga verk á sýningunni „við mið“ sem opnuð verður í Sigurjónssafni.**

Það er líf og fjör í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Þar á að opna sýninguna „við mið“ á morgun, föstudag, klukkan 17 og meistaranemar úr myndlistardeild Listaháskólans eru að koma fyrir verkum sínum á tveimur hæðum safnsins, innan um skúlptúrverk Sigurjóns (1908-1982).

Öll eru þessi nýju listaverk innblásin af verkum Sigurjóns og sögu og staðháttum á Laugarnesinu og eru þó afar fjölbreytt og ólík að efni og gerð. Eða eins og stendur í hugleiðingum sýningarstjóra: „Hér er samvinnan og hið óljósa samtal í forgrunni sem teygir anga sína bæði aftur í tímann og fram á við.“

Á bak við sýninguna standa alls ellefu listamenn, að Sigurjóni meðtöldum. Guðríður Skugga er ein þeirra. Hún stendur uppi í stiga á neðri hæðinni með hallamál að finna rétta punktinn fyrir aðra af tveimur ljósmyndum sem hún hefur endurgert og smíðað trausta og eftirtektarverða málmramma utan um.

Í forgrunni annarrar myndarinnar sjást saltfiskstæður og -breiður og svolítið brot af Esjunni í bakgrunni en á báðum myndunum er hús sem logar virðast leika um. „Þetta eru gamlar ljósmyndir af Laugarnesinu,“ útskýrir Guðríður Skugga. „Þær voru aðgengilegar á internetinu og allir máttu nota þær. Ég endurgerði filmur og prentaði aftur og svo brenndi ég út holdsveikraspítalann sem brann 7. apríl 1943. Auk þess er ég með texta í ramma sem ég hengi upp á milli myndanna. Það sem mér finnst merkilegt er að grunnurinn að spítalanum skuli vera bílastæðið hér utan við safnið og að við skulum ganga á sömu steinum og voru þar þá. Það er mjög sterk tenging.“



**Kimi Tayler vinnur að verki sínu.**



**Ljósmyndaverk eftir Guðríði Skuggu, þar sem spítalinn brennur.**

Ragnheiður Guðmundsdóttir er að útskrifast úr Listaháskólanum í vor eftir tveggja ára nám og er að setja upp textílverk á efri hæðinni. „Þetta er efni sem ég hef verið að vinna með. Það vísar í skinn eða húð og ég tengi það holdsveikraspítalanum sem hér stóð. Ég keypti efnið, gataði það og tætti svolítið og bar svo á það efni sem gerir það stíft. Set svo lag ofan á lag þannig að þrívídd skapist.“

Sýningin „við mið“ er samstarfsverkefni Listasafns Íslands, Listaháskóla Íslands og listfræði við Háskóla Íslands og það eru nemar úr HÍ sem annast sýningarstjórn. **gun@frettabladid.is**



Bróðir minn, frændi okkar og mágur,

**Þormóður Haraldsson**

Austurbrún 2,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 31. mars. Útförin fer fram föstudaginn 13. apríl kl. 13 frá Áskirkju.

**Guðbjörg Haraldsdóttir Bay**
**Sigríður Pétursdóttir** **Hreinn S. Hákonarson**
**Margeir Pétursson** **Sigríður Indriðadóttir**
**Vigdís Pétursdóttir** **Ævar Aðalsteinsson**
**Halldóra Hermannsdóttir**



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Sigurðardóttir**

frá Varmalandi, Öldustíg 1, Sauðárkróki,

lést fimmtudaginn 5. apríl á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 14. apríl klukkan 14.00.

**Ásgrímur Þorsteinsson** **Anne Melén**
**Ólöf Þorsteinsdóttir** **Ágúst Kvaran**
**Steinar Mar Ásgrímsson**
**Þorsteinn Ásgrímsson**

# Fólk

FIMMTUDAGUR 12. APRÍL 2018

## Tíska



# Með fjölbreyttan fatastíl

Anna Fríða Gísladóttir fylgist vel með nýjum tískustraumum. Henni þykir gaman að klæðast vönduðum fötum og er veik fyrir samfestingum, skóm og yfirhöfnum.

Svarti jakkinn er úr Zöru og er í raun blanda af jakka og bol, að sögn Önnu. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Daníel Wirkner, nemi í gullsmíði, er heillaður af víravirki þjóðbúninganna og vill viðhalda því gamla handbragði. Víravirkið ratar jafnt í fingerða kokteilhringi og rokkaraskart í verkum hans. →4




SUMARGLEÐI

VALDAR VÖRUR Á
20-60% AFSLÆTTI

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND












Hálsmenin eru úr Spúútnik, hvítu buxurnar eru úr Other Stories, jakkinn er úr Zöru og bolurinn er DKNY.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Anna Fríða Gísladóttir hefur í mörg horn að líta í starfi sínu sem markaðsstjóri Domino's, ásamt því að taka að sér önnur markaðstengd verkefni. Hún hefur mikinn áhuga á eldamennsku og segir að sér finnist fátt skemmtilegra en að bjóða góðu fólki í mat á heimili sínu í Vesturbænum. „Svo er ég ævintýragjörn og ferðast mikið í frítíma mínum," segir hún.

**Spáir þú mikið í tískustrauma?** Já, mér finnst gaman að fylgjast með því sem er í gangi hverju sinni.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum fatastíl?** Ég hef nokkuð fjölbreyttan fatastíl en það yrði þó seint sagt um mig að ég gangi í mjög litskrúðugum fötum. Mér þykir gaman að klæðast vönduðum fötum og spá í smáatriðunum.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Ég ferðast fremur mikið og þá fá oft vel valdar flíkur að fylgja með heim. Ég versla af og til á netinu en finnst gott að finna áferð á efninu á þeirri flík sem ég er að spá í áður en ég kaupi hana.

**Áttu þér uppáhaldsfataverslun?** Nei, enga ákveðna en ég fer þó sjaldnast tómhent út úr & Other Stories.

**Hvaða föt eru í mestu uppáhaldi hjá þér?** Ég er frekar veik fyrir samfestingum, skóm og yfirhöfnum.

**Uppáhaldshönnuður?** Ég hef ekki fylgt neinum ákveðið, heldur fer það oft eftir árstíðum. Eflaust eru margar íslenskar konur sammála mér en danskir og sænskir hönnuðir klikka sjaldnast í mínum bókum.

**Notar þú fylgihluti ?** Já, ég er alltaf með hálsmen frá Mariu Black sem kærastinn minn gaf mér, ásamt silfurhring sem smíðaður var á mig af Stefáni Boga gullsmið sem er með skartgripaverslunina Metal á Skólavörðustíg. Ég á stórt safn af fallegum vönduðum skartgripum sem ég hef oft ekki „tímt" að nota en ég held að það sé kominn tími til breyta því. Síðan finnst mér gaman að setja á mig áberandi eyrnalokka eða hálsmen þegar ég fer eitthvert út.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ég sækist meira eftir innblæstri hjá einstaklingum þegar kemur að fatastíl hjá mér. Það eru þá einna helst vinkonur mínar og aðrar glæsilegar konur sem ég þekki ekki en fylgist með í gegnum Instagram sem spila þar stóra rullu. Ef ég hugsa um einhvern einstakling sem tískufyrirmynd, þá væri það einhver sem veit hvaða flíkur og stílar fara viðkomandi vel og er samkvæmur sjálfum sér.

**Bestu og verstu fatakaupin?** Bestu fatakaupin eru yfirleitt þær flíkur sem eru bæði vandaðar og tímalausar. Mér dettur einna helst í hug beige-lituð ullarkápa sem ég keypti fyrir 6 árum í Berlín og er enn þá eins og ný og hvít silkiskyrta frá Massimo Dutti sem er álíka gömul og enn í góðu standi.

Í gegnum tíðina hef ég svo sannarlega keypt föt sem ég myndi ekki endilega kaupa í dag en það er ekki þar með sagt að það hafi verið mistök. Ég trúi því að fólk eigi að prófa sig áfram og finna sinn stíl þegar kemur að tísku, vera þó samkvæmt sjálfu sér en taka smá áhættu hér og þar. Mér finnst leiðinlegt að viðurkenna að það tók mig of langan tíma að átta mig á mikilvægi þess að kaupa færri en vandaðri flíkur.

**Hvaða flíkar gætir þú ekki verið án?** Allar konur þurfa að eiga góðar gallabuxur.



Gallabuxurnar eru úr Geysi, skórnir eru Billibi og skyrtan er frá Filippu K.
MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

„Ég trúi því að fólk eigi að prófa sig áfram og finna sinn stíl þegar kemur að tísku, vera þó samkvæmt sjálfu sér en taka smá áhættu hér og þar.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# MID SEASON
# SALE




**40%**

afsláttur af völdum vörum!

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Óendanlegir möguleikar

Daníel Wirkner, nemi í gullsmíði, er heillaður af víravirki þjóðbúninganna og vill viðhalda því gamla handbragði. Víravirkið ratar jafnt í fíngerða kokteilhringi og rokkaraskart í verkum hans.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Víravirki er ekki eingöngu notað í íslenskt þjóðbúningasilfur, það er hægt að gera svo margt skemmtilegt með það," segir Daníel Wirkner gullsmíðanemi en hann hannaði og sýndi forláta kokteilhring úr víravirki á HönnunarMars.

Hringurinn er samvinnuverkefni Daníels og Önnu Guðlaugar Sigurðardóttur sem sá um smíðina en bæði eru þau nemar í Gullkistunni hjá Dóru Jónsdóttur gullsmið.

„Við vildum kalla fram stóran kokteilhring í víravirki með tilvísun í lótusblómið. Það fór gífurleg vinna í hringinn og við fengum góðar viðtökur á HönnunarMarsinum. Hringurinn er einstakur og ekki verða smíðaðir fleiri eins," segir Daníel. Víravirkið sé einstök verkþekking sem ekki megi glatast.

„Gullkistan er eitt af elstu gullsmíðaverkstæðum á landinu og viskan sem þar er að finna og fróðleikurinn sem Dóra býr yfir heillaði mig. Hafandi prófað framleiðsluferlana annars staðar langaði mig að læra þetta gamla handbragð sem mikilvægt er að varðveita. Mig langar að þróa það áfram," segir Daníel.



Daníel Wirkner nemur gullsmíði í Gullkistunni. Hann er heillaður af víravirki og vill ekki að sú verkkunnátta hverfi. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Harðhausaskart úr víravirki sem Daníel vann fyrir Dimmu.



Kokteilhringurinn sem Daníel sýndi á HönnunarMars.



Elegant smíð.

## Rokkaraskart

Víravirkið hefur Daníel meðal annars notað í skartgripasmíði fyrir rokkarana í hljómsveitinni Dimmu og segir krúsídúllur og snúninga þess falla vel að rokkaraímyndinni.

„Það var skemmtilegt hliðarspor að gera eitthvað öðruvísi og rokkaralegt. Það dásamlega við víravirkið eru óendanlegir möguleikar. Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu, fékk grip sem var vísun í Þórshamarinn," útskýrir Daníel.

En hvað segir fólk við nýstárlegum útfærslum á annars hefðbundnu og kannski heilögu þjóðbúningaskarti?

„Ég hef frekar fengið jákvæð viðbrögð en hitt. Mér finnst þjóðbúningurinn heldur ekki þurfa að einskorðast við hátíðisdaga. Sérstaklega ekki skartið. Víravirkisarmbönd og nælur mætti bera daglega."

> Það var skemmtilegt hliðarspor að gera eitthvað öðruvísi og rokkaralegt. Það dásamlega við víravirkið eru óendanlegir möguleikar.
>
> Daníel Wirkner

## Demanturinn ofmetinn

Verkefni Daníels eru af ýmsum toga og langur vegur frá hauskúpuhringum og rokkarahálsmenum til fíngerðra lótusblóma. Hann segist hrifinn af elegans og einbeitir sér þessa dagana að svoleiðis smíð. Demantar rati þó ekki endilega í skartgripina.

„Núna einblíni ég á elegans og smíða mikið úr gulli. Mér finnst gaman að gera stóra hluti en nota öðruvísi steina en demantinn. Mér finnst demanturinn ofmetinn. Í framtíðinni langar mig að hanna stóra skartgripi sem kosta ekki hálfan handlegg. Mér finnst nefnilega vanta í trúlofunarmenninguna hér heima að konum séu gefnir stórir hringar. Það er hægt að gera svo skemmtilega hluti án þess að þeir kosti svakalega mikið."



# Miðborgin

FIMMTUDAGUR 12. APRÍL 2018

**Kynningar:** Penninn Eymundsson, Kex Hostel, Gleraugnasalan 65



Þegar Arnar Jónsson hleypti ungur heimdraganum frá Akureyri og flutti til Reykjavíkur til að fara í Þjóðleikhússkólann 1962 fannst honum hann strax kominn heim. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Hér á ég heima

Miðbær Reykjavíkur hefur spilað stóra rullu í lífi leikarans Arnars Jónssonar sem hefur lifað þar og starfað síðan 1962. Hann segir mannlífið samt við sig í miðbænum þótt flest annað hafi gjörbreyst á 56 árum.

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is



Það reyndist happ að búa í miðbænum þegar ég hrundi niður af stillansa þegar börnin voru orðin fimm og þurfti að bæta við hæð á húsið okkar á Óðinsgötu. Í sama mund og ég féll fimm metra niður ók lögregla á mótorhjóli fram hjá og hringdi um leið á sjúkrabíl sem kom innan örfárra mínútna því Lansinn var handan við hornið. Það mátti ekki tæpara standa því þá var ég kominn í lostviðbragð,“ segir Arnar um mikið slys sem hann lenti í árið 1984. Við fallið brotnuðu báðir hælar hans og ökklar svo hann þurfti að vera í hjólastól í hálft ár á eftir og læra að ganga upp á nýtt. Í spýtu sem virst hafði traust leyndist kvistur í lágbandi þar sem plankinn var lagður ofan á og því fór sem fór.

„Slysið varð á fyrsta degi framkvæmdanna, rétt fyrir hádegi. Þórhildur var rétt farin út og hjá henni var efst á lista að tryggja Arnar sinn en fyrst þurfti hún að skjótast niður í Þjóðleikhús, þar sem hún fékk fréttirnar. Þá gleymdist að tryggja svo ég var ótryggður að auki, en svona gengur þetta. Ég hélt að ferill minn sem leikari væri búinn.“

## Keyptu hús í fátækrahverfi

Arnar fluttist til Reykjavíkur að norðan árið 1962, þegar hann hóf nám í Þjóðleikhússkólanum.

„Það voru gífurleg viðbrigði fyrir ungan mann frá Akureyri að komast í höfuðstaðinn en mér fannst það mjög góð tilfinning og nánast eins og ég væri að koma heim,“ segir Arnar sem kynntist fljótt ástinni sinni, Þórhildi Þorleifsdóttur leikstjóra. Saman bjuggu þau á Sólvallagötu, í Njörvasundi og á Kleppsvegi áður en þau keyptu hús á Óðinsgötu 9 árið 1972.

„Þegar við keyptum Óðinsgötuna hélt fólk að við værum galin,“ segir Arnar og hlær. „Miðbærinn var þá hálfgert fátækrahverfi með

**Framhald á síðu 2 →**

**Framhald af forsíðu** ➪

fullt af litlu, ódýru og oft niðurníddu húsnæði, og íbúarnir voru fátækar barnafjölskyldur, aldraðir og drykkjufólk. Í bakhúsum var mikið um smáverkstæði og íbúðaverð var í lægri kantinum enda voru Þingholtin þá ekki komin í tísku.“

Húsið á Óðinsgötu 9 var 200 fermetrar á tveimur hæðum og verðið til jafns við 79 fermetra íbúð þeirra Arnars og Þórhildar í Kleppsholtinu þá.

„Eftir slysið vorum við nálægt því að missa allt og við bættist kreppan á árunum 1984-5. Þórhildur var skyndilega komin með sex börn, og þar af eitt í hjólastól. Það lifir enginn af leikaralaunum einum saman, og allra síst barnmargar fjölskyldur, en af því að Þórhildur hafði áður verið hótelstjóri á Skógum datt henni það snjallræði í hug, til að bjarga lífi okkar og eignum, að starfrækja „Bed & Breakfast“ heima á Óðinsgötu. Þegar gestkvæmt var sváfum við fjölskyldan á einni flatsæng úti í horni eða ég henti börnunum aftur í skott og fór með þau út á land á meðan Þórhildur var með gistiheimilið. Svona gekk þetta í sautján ár, eða þar til við seldum húsið fyrir einum tólf árum, en þar er enn tekið á móti ferðafólki í gistingu,“ upplýsir Arnar.

## Kann vel við túristana

Þau Arnar og Þórhildur búa nú á Skólavörðustíg með glæsilegt útsýni yfir miðbæinn. Þau búa á fjórðu hæð og segir Arnar það halda sér í formi að ganga upp stigana.

„Mér tókst ekki að tæla lífsförunautinn lengra en hefði alveg eins viljað færa mig nær næsta golfvelli,“ segir Arnar sem hóf að leika golf um fimmtugt, til að fá blóðflæði í fæturna eftir slysið á Óðinsgötu og varð í kjölfarið keppnismaður í golfi.

Hann segir þægilegt að búa á Skólavörðustíg og þótt ferðamannastraumurinn sé þungur kann Arnar því vel, enda vanur því að umgangast ferðamenn síðan á Óðinsgötunni forðum.

„Ferðamenn flæða hér fram og til baka og þeim fylgir líf og fjör. Þegar maður býr svona hátt uppi heyrir maður ekki ysinn af götunni upp. Sífellt kvart og kvein yfir túristum er ástæðulaust og þeir trufla mann ekki nokkurn skapaðan hlut. Ferðafólkið eykur bara fjölbreytni og setur skemmtilegan brag á bæinn, en það sem virkilega truflar alla í miðbænum er bílaumferðin og við erum helst ekki á ferðinni á milli fjögur og sex á daginn því þá situr maður fastur,“ segir Arnar.

Þau Þórhildur leigja ferðafólki enn gistingu í sumarhúsi sínu í Biskupstungum.

„Við höfum tekið eitt lán um ævina, sem var lífeyrissjóðslán og fyrir það keyptum við sumarbústað í Úthlíð. Þar erum við eins oft og við mögulega getum og flytjum þangað á sumrin. Þar er golfvöllur á næsta leiti og stórfjölskyldan kemur oft til okkar. Í bústaðinn fór ég til að læra rullurnar þegar ég vann sem mest og nú get ég lesið þar ljóðin og hlustað á fuglasöng, en inn á milli leigjum við húsið út til að hafa örlítið í hnefa þegar okkur er ekki leyft að vinna lengur,“ segir Arnar sem má ekki lengur vera á föstum samningi sem leikari sökum aldurs.

„Það er vegna þess að það kostar örfáar fleiri krónur að fastráða mann. Ástandið er enn verra fyrir konur sem nánast fá á sig skotleyfi eftir fimmtugt og eiga erfitt með að fá vinnu. Þannig hefur Þórhildur ekki neitt að gera og allt er þetta dálítið strembið.“

Arnar er þó síður en svo hættur að leika. Fram undan er kvikmyndaleikur og í sumarbyrjun verður tekin upp sjónvarpsmynd byggð á einleik Þorvalds heitins Þorsteinssonar sem hann skrifaði fyrir Arnar og verður í leikstjórn Þórhildar.

„Við finnum okkur verkefni; það er allt í lagi. Ég á líka mörg líf. Eitt er ljóðalíf mitt því ég er nú að lesa inn ljóð. Mig langar að gera margt í sambandi við túlkun og lestur ljóða, og vera með ljóðvarp á podcast, eins og útvarp, til að útbreiða fagnaðarerindi ljóðsins. Ég má vitaskuld leika enn og það er skrýtið að sminka unglinga upp í gamalmenni þegar þau eru til og í pokkakbót kannski ágætis leikarar sem hafa að miðla þekkingu, reynslu og orku. Það er beinlínis asnalegt þegar maður hefur allt þetta til að bera.“

## Kærleikur í þorpinu

Í mannlífinu hefur miðbærinn lítið breyst, að sögn Arnars.

„Það einkennir miðbæinga að vilja helst vera á þessari þúfu. Hér ríkir notalegur þorpsandi og menn stoppa og spjalla án þess að vera sérstakir vinir. Ég minnist í því sambandi Þorsteins frá Hamri, sem er nýfarinn frá okkur, en það var viss punktur í tilverunni að rekast á hann. Maður þarf ekki stöðugt að hitta vini sína því þeir eru í hjarta manns. En að sjá þá og vita af þeim, heilsa þeim glaðlega og skiptast á nokkrum orðum, er alveg nóg og allt er það töluvert mikils virði.“

Sama eigi við um litlar verslanir í hverfinu þar sem vinalegt andrúmsloft ríki.

„Síðan ég kom fyrst til Reykjavíkur hafa orðið gríðarlegar breytingar á miðbænum. Í dag eru Þingholtin eitt af dýrari hverfum borgarinnar og samsetning íbúanna hefur gjörbreyst. Á Skólavörðustíg var einstaka búð sem hélt velli, eins og Fatabúðin á horni Týsgötu, og margir reyndu fyrir sér með rekstur í götunni en sjaldnast gekk neitt. Svo varð allt í einu sprenging, nokkru áður en ferðamannastraumurinn hófst, og Skólavörðustígurinn varð ein af flottustu götum bæjarins þar sem allt blómstrar og dafnar,“ segir Arnar og hlakkar til að átta sig á hvernig miðbærinn muni líta út þegar byggingarkranarnir hverfa.

„Þótt það sé ljómandi gott að þétta byggðina er ég ansi hræddur um að menn séu að fara offari. Það er vont að verið sé að troða stórum byggingum ofan í litla reiti miðbæjarins og mín skoðun að skynsamlegra hefði verið að hafa þetta aðeins opnara. Þegar kemur að nýbyggingum þykir mér alvarlegast að nýr og stærri Landspítali verður til stöðugra vandræða í miðbænum vegna umferðarvandans sem á síst eftir að minnka.“

Frá svölum Arnars er útsýni yfir fangelsisgarðinn við gamla tukthúsið.

„Þar hefði ég getað selt aðgang á sínum tíma,“ segir hann hlæjandi og vonar að fundinn verði góður tilgangur fyrir gamla fangelsið.

„Þegar fangarnir köstuðu á körfu í garðinum og misstu hann út fyrir vegginn hljóp ég niður og kastaði honum til baka, því þeir þurftu jú að hafa sinn bolta.“

Arnar segir hættulaust að gera sér ferð í miðbæinn.

„Ástandið var miklu verra þegar búllurnar voru opnar til hálf fimm á morgnana. Þá voru göturnar eins og orrustusvæði en eftir að lokað var fyrr hefur allt breyst til batnaðar. Menningin hefur á sér annan blæ og menn eru farnir að hægja á sér í drykkju og látum, enda er mikið af fínum veitingastöðum í bænum. Því ættu allir að drífa sig í miðbæinn. Hér ríkir skemmtilegt og heimsborgaralegt andrúmsloft.“



Arnar er með mörg járn í eldinum, les ljóð, inn á auglýsingar og leikur í sjónvarpi og kvikmyndum. Hann segir skrýtið að unglingar séu sminkaðir upp sem gamalmenni þegar gamalreyndir leikarar séu til í verkin. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Skólavörðustígur hefur yfir sér einstakan sjarma með Hallgrímskirkju tignarlega efst á Skólavörðuholtinu. Þar blómstrar menning og verslun.

Saumnálin

MERKINGAR, VIÐGERÐIR OG FATABREYTINGAR
FLJÓT OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

LAUGAVEGI 168 - 105 REYKJAVÍK - S. 552 8514

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is

2015

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery

REYKJAVÍK

# HUGGULEG HÁDEGI

| | |
|---|---|
| RÉTTUR VIKUNNAR | 1.590 KR |
| FISKUR DAGSINS | 1.990 KR |

## LIFANDI TÓNLIST
## KL 20.00 SUNNUDAGA

## HAPPY-HOUR
## 15.00 - 19.00 ALLA DAGA
## HÚSBJÓRINN 500 KR

# Hönnun og gjafavara en hallar ekki á bókina

## Elfar Pétursson er verslunarstjóri í nýjustu verslun Pennans Eymundsson í miðborginni, en hún stendur þar sem áður var Landsbankinn að Laugavegi 77.

Þegar við erum með þrjár búðir á svona litlu svæði þurfa þær allar að hafa sína sérstöðu,“ segir Elfar. „Við reynum að vinna svolítið saman hér í miðborginni, að það sé hægt að nálgast flest allt sem Penninn Eymundsson býður upp á í einhverri af þessum þremur verslunum þó engin þeirra sé nógu stór til að hægt sé að bjóða upp á allt í einni búð. Svo þarf líka að vera gaman fyrir viðskiptavinina að kíkja í hverja búð og það sé ekki það sama í boði í þeim öllum. Í minni búð leggjum við áherslu á hönnunarvörur sem Penninn ehf. flytur inn frá Vitra. Þetta er leyndarmál sem ekki margir vita af en eru mjög vandaðar vörur.“

Vitra er svissneskt fyrirtæki sem á ýmis merki, meðal annars hönnun Eames hjónanna. „Við leggjum áherslu á gjafavöruna frá þeim, alls konar skúlptúra og blómavasa, líkön og fleira,“ segir Elfar og nefnir House fuglinn (House Bird) sem dæmi sem er mjög frægur hönnunargripur. „Þó við leggjum þessa áherslu á gjafavöruna þá hallar ekkert á bókina, við fáum allar nýjar íslenskar bækur hingað og erum auk þess með fjölbreytt úrval erlendra bóka, til dæmis um hönnun.“ Aðspurður segir Elfar íslenska hönnunarvöru einnig vera á boðstólum. „Við erum með nokkra íslenska birgja eins og Hring eftir hring, ANGAN skin care og Sveinbjörgu svo dæmi séu tekin.“ Hann nefnir að verslunin sé sótt bæði af Íslendingum og ferðamönnum. „Við fáum útlendinga inn í búðina og guði sé lof því það væri ekki markaður á svona litlu svæði fyrir svona margar Penninn Eymundsson verslanir þar sem væri opið til tíu öll kvöld ef við fengjum ekki inn ferðamennina. Það vill oft gleymast að ferðamannastraumurinn eykur ýmis gæði fyrir Íslendinga, til dæmis hvað úrval verslana og veitingastaða varðar.“

Talandi um veitingastaði þá er Te og kaffi kaffihús á Laugavegi 77 eins og í öðrum verslunum Pennans Eymundsson í miðborginni. „Kaffihúsið er ólíkt hinum að því leyti að við erum með langborð sem býður upp á ýmsa möguleika, til dæmis að kynnast einhverjum nýjum. Við langborð þarf fólk að vera sátt við að sitja með einhverjum ókunnugum. Og svo er algengt að fólk hafi samband og fái að halda hérna húsfundi og fleira.“

Hann segir viðskiptavinahópinn frekar blandaðan. „Hingað koma margir frá fyrirtækjunum í kring og fólkið sem býr hérna í nágrenninu, bæði til að drekka kaffi og blaða í bókum og tímaritum,“ segir Elfar og bætir við: „Og svo erum við mjög söluhá í kattabókum. Það er sérkennilegt að segja frá því að þessi búð selur langflestar kattabækur innan fyrirtækisins.“ Hann hefur ekki skýringar á reiðum höndum um ástæðuna fyrir þessu. „Kannski er það vegna þess að við höfum svo gaman af þeim sjálf hérna að við leggjum mikið upp úr þeim. Þetta eru litlar gjafabækur sem heita nöfnum eins og Mindfulness for Cats, Cats in hats, Be more Cat og svo framvegis. Svona lífsleikni-kattabækur.“ Og þessi áhersla hefur aukið fjölbreytni viðskiptavinahópsins. „Við fáum kött í heimsókn til okkar öðru hvoru,“ segir Elfar. „Hún heitir Tissý og mætti bara einn daginn. Við gefum henni ekki að borða enda væri heilbrigðiseftirlitið ekki sátt við það en hún spígsporar um búðina og hjálpar til við að kynna kattabækurnar. Og nýtir sér örugglega fróðleikinn úr þeim í leiðinni.“



Elvar Pétursson, verslunarstjóri á Laugavegi 77, en sú verslun á met í sölu kattabóka. MYND/ERNIR


Í versluninni á Laugavegi 77 er áherslan mest á hönnunarvörur frá hinu þekkta svissneska fyrirtæki Vitra.


Kaffihús Te og kaffi eru starfrækt í öllum bókabúðum Pennans Eymundsson í miðborginni, starfsfólki og gestum til mikillar ánægju.

# Mikilvægt að öllum líði vel

## Rúnar Logi Ingólfsson er verslunarstjóri stærstu og elstu verslunar Pennans Eymundsson í miðbænum en bókaverslun hefur verið starfrækt í Austurstræti 18 síðan 1920.

Þetta er stærsta verslunin í miðborginni og hún er aðeins meira deildaskipt og meira vöruúrval í henni en hinum verslununum,“ segir Rúnar Logi. „Við leggjum metnað okkar í að hér eigi að vera hægt að nálgast næstum því allt sem Penninn Eymundsson hefur upp á að bjóða. Við reynum að vera með gott úrval í öllu, hvort sem það eru ritföng, gjafavörur eða bækur. Við erum auðvitað fyrst og fremst bókaverslun með mjög góða bókadeild hvort sem um er að ræða íslenskar eða erlendar bækur. Erlenda bókadeildin okkar er ein sú stærsta á landinu og við erum einnig með mikið úrval af ferðabókum, einna mest á landinu af bókum frá fjarlægum stöðum. Þá er líka sérstök barnadeild og við leggjum áherslu á að úrval bóka og leikfanga þar sé fjölbreytt og skemmtilegt.“

Bókabúð Sigfúsar Eymundssonar hefur verið í þessu húsi frá 1960 en áður stóð þar hús sem hýsti verslunina frá 1920. Á þessum reit hefur því verið bókabúð í næstum hundrað ár.

„Við sem vinnum hér erum meðvituð um að það eru ákveðin forréttindi að fá að vinna í verslun sem er svona rótgróin og gömul,“ segir Rúnar Logi. „Viðskiptavinahópurinn er breiður og fólk sem hefur komið hérna í áratugi til að kaupa sér tímaritið sitt eða dagblaðið enda bjóðum við upp á tímaritaáskrift og sérpöntunaráskrift fyrir erlenda bækur. Verslunin er deildaskipt og afgreiðslufólkið hefur dýpri sérþekkingu á sinni deild sem gagnast viðskiptavininum.“ Búðin er á sjö hæðum eða pöllum með kaffihúsinu og Rúnar Logi viðurkennir að það sé ágæt líkamsrækt að hlaupa upp og niður tröppurnar á daginn. „Við erum með lyftu sem gengur frá neðsta palli og upp á efsta svo fólk með barnavagna eða í hjólastólum getur sótt kaffihúsið.“ Kaffihús Te og kaffi í Pennanum Eymundsson Austurstræti nýtur mikilla vinsælda, ekki síst vegna þaksvalanna. „Fólk kemur hingað mikið út af kaffihúsinu og það er næstum því alltaf gott veður á svölunum, allavega á sumrin.“ Rúnar hefur starfað í bókabúðinni síðan hann var unglingur. „Ég er búinn að hanga í þessum búðum síðan ég var krakki og byrjaði að vinna í þeim einhvern tíma fyrir löngu,“ segir hann brosandi. „Það var eiginlega þannig að ég hékk alltaf í búðinni og á endanum var ég ráðinn.“ Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að taka vel á móti viðskiptavinum og leggur metnað sinn í það sem verslunarstjóri. „Eftir mín unglingsár í bókabúðinni finnst mér mikilvægt að öllum líði vel í bókabúðinni og finnist þeir velkomnir þangað.“


Rúnar Logi stundaði bókabúðina af áfergju sem unglingur og það endaði með því að hann var ráðinn til starfa. MYND/EYÞÓR

# Menningararfurinn í fyrirrúmi

Valgerður Haraldsdóttir er verslunarstjóri í verslun Pennans Eymundsson á Skólavörðustíg þar sem aðaláherslan er á bækur, einkum þó ljóð og fagurbókmenntir.

Við á Skólavörðustígnum reynum að leggja áherslu á að fá allar nýjar bækur til okkar en sérstaklega viljum við þó sinna þeim flokki bóka sem kallast fagurbókmenntir,“ segir Valgerður. „Við leggjum mikinn metnað í að bjóða fjölbreytt úrval af ljóðabókum eftir unga höfunda og finnst einnig mikilvægt að hér finni fólk alltaf heimsbókmenntirnar, ekki hvað síst menningararfinn okkar, til að mynda Laxness og Íslendingasögurnar.“ Hún nefnir einnig áherslu á árstíðabundnar bækur. „Nú þegar vorar stillum við til dæmis fram bókum um garðrækt og ferðalög, einkum ferðir á framandi slóðir sem Íslendingar gætu haft gaman af að lesa. Hingað koma auðvitað ferðamenn en við viljum leggja áherslu á að bókabúðin sé íslensk og fyrir íslenska viðskiptavini líka.“ Valgerður bendir á að sérstaða bókabúðarinnar felist meðal annars í kaffihúsinu sem er eitt vinsælasta kaffihús í miðbænum. „Við bókabúðarmegin erum gríðarlega ánægð með þessa samsetningu, tímarit, bækur og kaffi. Helsti kosturinn við að hafa kaffihús og bókabúð svona saman er að við fáum fólkið inn sem finnst gaman að vera í bókabúð, kemur ekki endilega bara til að kaupa heldur til að skoða og dvelja og njóta umhverfisins. Fólk getur komið hingað og verið eitt og lesið blöðin eða hitt vini og ættingja á föstum tímum í hverri viku og þannig verður til stór hópur dyggra viðskiptavina bæði kaffihússins og bókabúðarinnar.“ Hún bendir á að kaffihúsum í bókabúðum fari fækkandi víða erlendis. „Það hefur minnkað, þetta sambýli bókabúða og kaffihúsa, svo við finnum að ferðamennirnir eru mjög hrifnir af þessu, bæði breiða úrvalinu og svo kaffihúsinu.“


Í Pennanum Eymundsson á Skólavörðustíg er áhersla lögð á fjölbreytt úrval bóka og tímarita. MYND/ERNIR

Valgerður bendir á að þrátt fyrir að búðin á Skólavörðustíg sé ekki mjög stór sé þar ýmislegt að sjá og skoða. „Við höfum alltaf reynt að vanda okkur mest í bókunum en svo erum við líka með úrval af ritföngum og erlendum bókum eins og matreiðslubókum, gjafabókum, fræðibókum og þess háttar. Svo leggjum við áherslu á að bjóða upp á nýja íslenska tónlist, bæði á geislaplötum og vínyl en sú útgáfa hefur aukist. Við erum bara með íslenska gæðatónlist og þessi nýju ungu íslensku bönd. Við erum með tónlistina dreifða út um allt og líka leikföngin og gjafavörurnar. Hér er ekki sérstök gjafavörudeild því við höfum aldrei verið með pláss til að stilla gjafavöru upp sérstaklega. Þá erum við líka með mjög gott úrval af íslenskum bókum á erlendum tungumálum og þó við höfum ekki mikið pláss þá leggjum við áherslu á að vera með stórt pláss fyrir barnabækurnar.“


Valgerði Haraldsdóttur, verslunarstjóra á Skólavörðustíg, finnst kaffihús og bókabúð rekast einstaklega vel saman.

Haustin eru tími útgáfu og útgáfuhófa í bókaheiminum og Penninn Eymundsson á Skólavörðustíg hefur ekki farið varhluta af því. „Við höfum líka verið vinsæll staður fyrir útgáfuboð, meðal annars út af staðsetningunni og svo er búðin ekkert of stór svo það verður alltaf notalegt, sama hversu margir mæta,“ segir Valgerður og bætir við: „Það myndast oft mjög skemmtileg stemming á haustmánuðum. Við höfum ekki pláss fyrir tónleika, græjur og þess háttar en það er alltaf gaman að fagna nýrri bók með aðstandendum hennar.“

Valgerður segir að staðsetning búðarinnar sé frábær. „Skólavörðustígurinn hefur náttúrlega svolitla sérstöðu. Hér eru vandaðar verslanir allt í kring og það er mikið af uppákomum hér við Skólavörðustíg, Kjötsúpudagurinn, Blúshátíðin og Blómadagurinn til að nefna nokkur dæmi. Kaupmannasamtök Skólavörðustígsins eru mjög virk og við njótum auðvitað góðs af því.“

# Saga Pennans og Eymundsson er samtvinnuð sögu miðborgarinnar

Penninn og Eymundsson hafa selt bækur og ritföng í miðborginni síðan 1872.

Athafnamaðurinn Sigfús Eymundsson opnaði fyrstu bókaverslun á Íslandi þann 29. nóvember 1872 á horni Austurstrætis og Lækjargötu, nánar tiltekið að Lækjargötu 2 þar sem verslunin var til ársins 1920. Bókaverslunin naut frá upphafi mikils trausts og virðingar og setti sitt mark á bæjarlífið. Sigfús hóf bókaútgáfu árið 1886 og flutti jafnframt inn ýmsar vörur, varð fyrstur manna til að flytja inn ritvélar og selja póstkort á Íslandi, en hann tók myndirnar sjálfur.

1909 keypti Pétur Halldórsson bæði verslun og bókaútgáfu af Sigfúsi sem lést tveimur árum síðar. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar hélt áfram að blómstra undir stjórn Péturs sem árið 1920 flutti verslunina að Austurstræti 18, einnig í hjarta borgarinnar þar sem hún hefur verið nánast óslitið síðan. Árið 1959 keypti Almenna bókafélagið Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar og tók einnig yfir bókaútgáfuna. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar var sannkallað menningarsetur í miðri borg á níunda áratug síðustu aldar og miðpunkturinn í bæjarlífinu.

Árið 1932 stofnaði Baldvin Pálsson Dungal pappírs- og ritfangaverslunina Pennann, ásamt bróður sínum Halldóri. Verslunin var til húsa í Ingólfshvoli á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Penninn var lengi eina verslunin sem seldi minjagripi en fyrst og fremst fékkst Penninn við innflutning á pappírsvörum og ritföngum.

Árið 1969 urðu kaflaskil í sögu Pennans þegar Baldvin Dungal, eigandi fyrirtækisins, lést snögglega. Sonur hans, Gunnar B. Dungal, tók þá við rekstri fyrirtækisins sem rak á þessum tíma verslanir í Hafnarstræti 18, Laugavegi 84 og Laugavegi 176. Fimm árum síðar opnaði Penninn verslun sína í Hallarmúla 2 og þegar fram liðu stundir varð sú verslun flaggskip fyrirtækisins.


Gestir í Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar í Austurstræti í jólabókaflóðinu 1972, á 100 ára afmæli verslunarinnar. MYND/AF VEF PENNANS

Árið 1982 fékk Penninn bóksöluleyfi og opnaði bókadeild í verslun sinni í Hafnarstræti. Sama ár hóf Penninn jafnframt innflutning á skrifstofuhúsgögnum.

Það var fyrst árið 1990 sem Penninn og Eymundsson leiddu saman hesta sína. Verslanirnar tvær fóru undir sama þak þegar ritfanga- og gjafavörudeild Pennans var flutt í kjallara Austurstrætis 18 og fyrirtækin gerðu með sér samkomulag um sölu á bókum. Penninn átti að bjóða fjölbreytt úrval ritfanga, teiknivara og gjafavöru ásamt landsins mesta úrvali af pennum en Eymundsson skyldi sjá um íslenskar og erlendar bækur, tímarit og blöð.

Í apríl 1996 keypti Penninn verslanir Eymundsson í Austurstræti, Kringlunni og Borgarkringlunni. Árið 1998 samþykkti Borgarráð að heimila Pennanum að útbúa bókakaffi í versluninni í Austurstræti 18, en fyrirtækið hafði keypt fasteignina á vormánuðum. Þar með varð til eitt ástsælasta bókakaffi landsins sem lifir góðu lífi enn í dag.

Í árslok 2002 voru eigin verslanir fyrirtækisins tíu talsins, auk þess sem það var í samstarfi við fimm búðir á landsbyggðinni. Starfsmönnum hafði fjölgað úr 60 í 220.

Árið 2003 var samið um kaup á fjórum af Bókabúðum Máls og menningar. Um var að ræða verslanirnar að Laugavegi 18, í Bankastræti, í Mjóddinni og Síðumúla. Á árunum 2014-16 voru allar verslanir fyrirtækisins sameinaðar undir vörumerki Pennans Eymundsson.

Í dag rekur Penninn 16 verslanir um land allt undir nafninu Penninn Eymundsson. Þá rekur Penninn húsgagnaverslun í Skeifunni 10 og Fyrirtækjaþjónustu Pennans. Jafnframt rekur Penninn tvær ferðamannaverslanir undir merkjum Islandia í Bankastræti 2 og Kringlunni.

# Græn svæði eru heilsueflandi

## Í Reykjavík er fjöldi grænna svæða þar sem hægt er að njóta útiveru allt árið um kring. Arnarhóll og Austurvöllur njóta mikilla vinsælda og gaman er að skoða leyndar perlur eins og Alþingisgarðinn.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Græn svæði í þéttbýli hafa góð áhrif á heilsu og vellíðan almennings. Í Reykjavík er fjöldi grænna svæða og þau eru flokkuð m.a. eftir stærð. Stór, græn svæði kallast borgargarðar og eru yfirleitt blanda af upprunalegri náttúru og manngerðu umhverfi. Til borgargarða teljast t.d. Klambratún, Hljómskálagarðurinn, Elliðaárdalur og Öskjuhlíð. Minni græn svæði, sem eru staðsett í miðri byggð, kallast hverfisgarðar og flestir þeirra eru í miðbænum og Vesturbænum. Í mörgum þeirra er aðstaða til útivistar og leiksvæði fyrir börn. Margir hverfisgarðanna eiga sér merka sögu.



Bakarabrekkan telst til hverfisgarða höfuðborgarinnar.

### Arnarhóll var bóndabýli

Arnarhóll var fyrst skilgreindur sem almenningsútivistarsvæði árið 1927 og hefur alla tíð verið vinsæll sem slíkur. Fyrr á öldum var búskapur á Arnarhóli, eða allt fram til ársins 1828 en skömmu eftir það var býlið sem þar stóð rifið. Efst á Arnarhóli er styttan af Ingólfi Arnarsyni, landnámsmanni í Reykjavík, eftir Einar Jónsson myndhöggvara en hún er eitt helsta kennileiti borgarinnar. Í næsta nágrenni eru margar merkilegar byggingar á borð við Hæstarétt Íslands, Þjóðmenningarhúsið, Seðlabanka Íslands og Stjórnarráðshúsið. Um áratugaskeið hefur fólk safnast saman á Arnarhóli á hátíðisdögum eða þegar mikið stendur til, t.d. á þjóðhátíðardaginn 17. júní og Menningarnótt.

### Hjarta borgarinnar

Í hugum margra slær hjarta borgarinnar við Austurvöll. Upphaflega var Austurvöllur hluti af túni svonefnds Víkurbæjar sem stóð á þeim slóðum þar sem Aðalstræti er í dag. Sá bær var rifinn árið 1752 þegar Innréttingarnar voru byggðar. Austurvöllur er elsti almenningsgarður Reykjavíkur og hefur lengi verið einn ástsælasti samkomustaður borgarbúa, ekki síst í góðu veðri. Alþingishúsið, Dómkirkjan og Hótel Borg eru á meðal bygginga sem standa við Austurvöll en á honum miðjum er stytta af Jóni Sigurðssyni. Austurvöllur er gjarnan notaður fyrir skemmtanir og ræðuhöld á hátíðisdögum og þar eru oft haldnir baráttufundir. Búsáhaldabyltingin fór að mestu fram á Austurvelli.

### Græn og gróin brekka

Bakarabrekkan, eða túnið fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík, og Mæðragarðurinn mynda samfellt grænt svæði með fram austanverðri Lækjargötu. Þar er stórt útitafl sem setur sinn svip á miðborgina en taflmennirnir eru eftir Jón Gunnar Árnason myndhöggvara. Bankastræti kallaðist upphaflega Bakarabrekka því þar stóð fyrsta bakarí borgarinnar, Bernhöftsbakarí. Nafninu var breytt í kjölfar þess að Landsbanki Íslands hóf starfsemi sína við götuna, nánar tiltekið í Bankastræti 3. Það hús var fyrsta íbúðarhúsið í Reykjavík sem var byggt úr tilhöggnu grágrýti líkt og Alþingishúsið, og er talið að þessi tvö hús séu byggð af sömu iðnaðarmönnunum. Frá 1942 hefur Snyrtivöruverslunin Stella verið rekin í húsinu.

### Alþingisgarðurinn

Bak við Alþingishúsið er garður sem lítið fer fyrir en hann er að mestu umkringdur háum vegg. Hann er ekki fjölsóttur en hefur verið opinn almenningi frá árinu 1950. Alþingisgarðurinn telst vera elsti íslenski almenningsgarðurinn sem hefur varðveist í upprunalegri mynd. Hann var gerður seint á 19. öld að frumkvæði Árna Thorsteinssonar, þáverandi landfógeta, en það var Tryggvi Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður og bankastjóri Landsbanka Íslands, sem lagði út fyrir hluta af framkvæmdum, vann að gróðursetningu og hugsaði um garðinn síðari hluta ævi sinnar.

Meira má lesa um græn svæði og hverfisgarða í höfuðborginni á vefnum www.reykjavik.is.

ÍSLANDS APÓTEK




ÍslandsApótek Laugaveg 46 er sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá ÍslandsApóteki

Opnunartímar:
Virka daga 09:00 – 19:00
Laugardaga 10:00 – 16:00
Sunnudaga 12:00 – 16:00

Laugavegi 46 • 101 Reykjavík • s. 414 4646

# Ferskt á gömlum grunni

## Nýir aðilar tóku við Holti restaurant nýlega. Útliti staðarins var lítið breytt en frekar lögð áhersla á nýjan matseðil.

Hópurinn á bak við KEX hostel tók nýlega við Holti restaurant sem er til húsa í hinu sögufræga Hótel Holti í Þingholtunum í Reykjavík. Ragnar Eiríksson, yfirmatreiðslumaður á Holti restaurant, segir að Geirlaug Þorvaldsdóttir, eigandi Hótels Holts, hafi hringt í sig síðla hausts í fyrra og aldrei þessu vant hafi hann svarað í símann. „Hún sagðist endilega vilja hitta mig og ræða mjög spennandi verkefni sem reyndist vera rekstur veitingadeildar Holtsins. Auðvitað varð ég mjög spenntur og hringdi strax í Ólaf framkvæmdastjóra sem þá var staddur á vesturströnd Bandaríkjanna, vakti hann og sagði honum að núna værum við að fara að leggja undir okkur Hótel Holt.“

Ragnar segir Holtið vera náttúrulega stofnun út af fyrir sig og hópurinn hafi því viljað breyta sem minnstu en þó senda þau skilaboð að þetta væri nýr staður með nýjum áherslum í mat og drykk. „Hönnuði okkar, Hálfdáni Pedersen, tókst sérstaklega vel upp við að halda í gamla lúkkið en fríska um leið upp á veitingasalinn og barinn. Við léttum einnig talsvert á matseðlinum og leggjum nú áherslu á fimm og sjö rétta smakkseðlana og vínpörun með þar sem við pörum vínglas við hvern rétt, eins og við gerum á Dilli.“

Staðurinn er einnig opinn í hádeginu virka daga og stefnt er á að vera með opið í „helgarsteik“ um helgar. „Hún er hugsuð fyrir þá sem langar að fá sér hádegismat í góðum hópi um helgar en geta ekki hugsað sér enn einn bröns-plattann.“

Viðtökurnar hafa verið góðar að sögn Ragnars sem segir landsmenn forvitna að sjá hvað hefur breyst á Holtinu. „Við erum að sjá þó nokkuð af þeim trygga hópi sem hefur sótt Holtið í gegnum árin og eru fegin að ekki hafi öllu verið rutt út og nýtt sett í staðinn. Einnig er gaman að sjá yngri gesti en við tökum eftir því að mörg í okkar aldurshópi höfðu ekki komið á Holtið og voru jafnvel búin að gleyma þessum sögulega stað. Okkur langaði til að fjarlægja þennan þröskuld, að Holtið sé of „fínt“ til að heimsækja nema á stórafmælum. Mér sýnist okkur hafa tekist það, t.d. með Kampavínsstundinni sem er milli kl. 16 og 18 sem hefur slegið í gegn enda erfitt að finna betri díl á kampavíni.“



Búið er að létta matseðilinn talsvert og áhersla er lögð á fimm og sjö rétta smakkseðlana og vínpörun. MYND/LILJA JÓNSDÓTTIR

Nánari upplýsingar má finna á www.holtrestaurant.is.

# Býður sælkeraferð um Grandann

Magnús Ingi Magnússon sem jafnan er kenndur við Texasborgara hefur sett upp sælkeraferðir um Grandann þar sem hann fræðir Íslendinga og erlenda ferðamenn um sögu svæðisins og býður upp á fisk, hákarl og brennivín.



Magnús Ingi Magnússon er ekki af baki dottinn. Nú geysist hann um Kaliforníu á mótorhjóli og þegar hann kemur heim ætlar hann að vera með leiðsögn fyrir ferðamenn um Grandann.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Magnús Ingi segist hafa verið á ferðalagi í Frakklandi og farið í slíka matar- og fræðsluferð með leiðsögn. „Ég veit að svona gönguferðir eru víða um heim og mér fannst þetta vanta á Grandann. Mig langaði þess vegna að prófa að setja upp sælkeraferð og ætla að gera enn meira að því þegar veðrið batnar með vorinu,“ segir hann. „Hingað til hafa þetta helst verið útlendingar sem hafa haft áhuga á ferðunum en Íslendingar eru líka velkomnir, til dæmis fyrirtækjahópar í óvissuferð,“ segir Magnús Ingi.

Ferðirnar eru farnar á morgnana frá kl. 10-12.30 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. „Ef ég fæ hóp sem vill kom á laugardegi er það alveg í boði,“ segir hann. „Hópurinn hittist á Sjávarbarnum þar sem ég býð upp á hákarl og brennivín. Ég hef ekki tekið færri en tíu manns í einu. Í fyrstu segi ég fólki frá uppbyggingunni á þessu svæði, hvernig það hefur þróast en síðan göngum við um svæðið og skoðum meðal annars Fiskmarkaðinn. Fólk fær að sjá hvernig fiskurinn kemur inn í landið og í lok ferðar fær það síðan að smakka hann á Sjávarbarnum.“

Magnús segist til dæmis hafa fengið Norðmenn en hann bjó í Þrándheimi í Noregi í þrjú ár og sagðist hafa rætt við þá á norsku. „Ég hef verið matreiðslumaður í fjörutíu ár og unnið víða, meðal annars á skemmtiferðaskipum. Síðan hef ég verið atvinnurekandi í þrjátíu ár svo ég hef ýmsu að miðla. Ég var fyrsti

> ” Ferðamönnum finnst við Íslendingar ótrúlega heppin þjóð að eiga þennan góða fisk. Það er stutt frá Sjávarréttabarnum á Fiskmarkaðinn og Atlantshafið allt um kring.

maðurinn sem kom með matsölustað á Grandann sem var opinn á kvöldin og um helgar en fyrir voru Kaffivagninn og Grandakaffi. Ætli ég hafi ekki verið nokkurs konar brautryðjandi á þessum slóðum. Á síðustu árum hefur margt breyst á Grandanum, veitingahúsum hefur fjölgað auk þess sem opnuð hafa verið söfn og gallerí. Ég fagna hverri nýrri opnun því það fjölgar fólki á Grandanum.

Við þurfum að gera eitthvað fyrir ferðamennina og gamli Grandinn er ákaflega áhugaverður. Ferðamönnum finnst við Íslendingar ótrúlega heppin þjóð að eiga þennan góða fisk. Það eru til dæmis bara nokkrar mínútur á Sjávarréttabarinn til mín frá Fiskmarkaðnum og Atlantshafið allt um kring,“ segir Magnús. „Fólk sem kemur frá Mið-Evrópu er hugfangið af þessum villta fiski sem við getum boðið upp á. Sumt af þessu fólki fær ekkert nema eldisfisk. Ég er með myndir af þeim tegundum fiska sem við veiðum og ferðamönnum þykir mjög spennandi að heyra sögur af fiskiþjóðinni og útgerðinni víða um land. Ég hef boðið þeim íslenskt snakk úr steiktu fiskroði og segi þeim frá því hvernig við notum fiskafurðir í snyrtivörur og lyf. Þeim finnst þetta stórmerkilegt. Maður reynir að segja skemmtilega frá þessu öllu og síðan borðum við saman í lok ferðar,“ segir hann.

Þegar við ræddum við Magnús var hann á leið til Los Angeles að kynna sér sælkeraferðir í Kaliforníu. „Ég ætla að fara á mótorhjóli frá LA til San Francisco og jafnvel eitthvað lengra. Bara að sjá til hvað ég kemst langt, verð bara einn á ferð sem er þægilegt. Ég fór um Flórída í janúar og hafði gaman af því. Aðalvertíðin byrjar síðan hjá mér á Grandanum um miðjan maí,“ segir Magnús Ingi en meðal þess sem hann ætlar að bjóða upp á fyrir þá sem koma í leiðsögn fyrir utan sjávarrétti er heimabakað rúgbrauð og hjónabandssæla með kaffinu.

# Gleraugnaverslun í úrvalsflokki

Gleraugnasalan á Laugavegi 65 var stofnuð árið 1961 og er elsta gleraugnaverslun á Íslandi. Hún býður upp á fjölbreytt úrval gleraugna og leggur áherslu á framúrskarandi vörur og þjónustu.



Darri Ásbjörnsson og Rüdiger Þór Seidenfaden taka vel á móti viðskiptavinum. MYND/EYÞÓR

Gleraugnasalan á Laugavegi 65 er elsta gleraugnaverslun landsins og sú eina sem er sólarmegin á Laugaveginum. Verslunin státar af 57 ára sögu, en hún var stofnuð árið 1961.

„Við höfum þjónað hér á Laugavegi frá byrjun, fyrst neðar á Laugavegi, en svo fluttum við hingað árið 1973,“ segir Rüdiger Þór Seidenfaden, sjónfræðingur og eigandi verslunarinnar. „Við höfum verið umboðsaðili fyrir Silhouette-gleraugu í yfir 50 ár og vorum áður þekkt fyrir það, því við vorum fyrsta gleraugnabúðin með sjónvarpsauglýsingar og það vissu allir landsmenn hvað Silhouette-gleraugu voru. Seinna urðum við svo umboðsaðilar fyrir Porsche-gleraugu, Adidas-gleraugu og fleiri merki.“



Hjá Gleraugnasölunni er meðal annars hægt að fá glæsileg trégleraugu.

## Fjölbreyttar gerðir gleraugna

„Við bjóðum upp á mikið af íþróttagleraugum fyrir alls kyns íþróttir, sérstaklega golf, og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, íþróttamaður ársins, notar einmitt golfgleraugu frá okkur,“ segir Rüdiger. „Við bjóðum líka upp á gleraugu fyrir hjólreiðamenn og skíðafólk og öll helstu merkin í sólgleraugum.

Hjá okkur fást einnig laxveiðigleraugu með styrk í glerinu sem eru hvergi annars staðar fáanleg,“ segir Rüdiger. „Fyrri eigandi verslunarinnar var mikill laxveiðimaður og hann fór um allan heim til að fá laxveiðigleraugu sem væru unnin nákvæmlega eftir hans hugmyndum. Fyrirtækið sem framleiddi þau fyrir hann er hætt að framleiða þau í dag, þannig að lagerinn sem er til hjá okkur er einstakur og við höfum meðal annars selt þau til Sviss, þar sem var mikil ánægja með þau. Nú er bara „fyrstir koma, fyrstir fá“, því það er svo lítið af gleraugum eftir.

Fyrir fjórum árum tókum við svo upp á því að selja trégleraugu. Í þeim er enginn ofnæmisvaldur og þau er mjög létt, en um leið eru þau viðkvæmari,“ segir Rüdiger. „En þau hafa verið mjög vinsæl og margir fá sér þau sem aukagleraugu því þau líta vel út.“

## Áhersla á gæðaþjónustu

„Við leggjum mikla áherslu á góða og alhliða þjónustu,“ segir Rüdiger. „Við bjóðum upp á mjög vandaðar og nákvæmar sjónmælingar og það er þekkt í stétt augnlækna að mælingarnar okkar séu framúrskarandi. Svo erum við með okkar eigið verkstæði og öll framleiðsla okkar fer fram hér á Íslandi.

Lengi buðum við ekki upp á linsur, því við vildum ekki bara selja einhverjar linsur,“ segir Rüdiger. „En nú erum við með




Mikið úrval sólgleraugna fæst hjá Gleraugnasölunni, meðal annars frá Porsche.

sérfræðing sem sér um þær fyrir okkur. Það er allt svona hjá okkur, við viljum bara vera með toppvöru og við leggjum mjög mikla áherslu á að allur okkar varningur og þjónusta sé í úrvalsflokki.

Við leggjum líka mikla áherslu á að þjóna landsbyggðinni vel og þegar við vinnum gleraugu fyrir fólk sem kemur utan af landi fær það gleraugun yfirleitt strax,“ segir Rüdiger. „Gleraugnasalan býður því upp á mjög fjölbreytta og vandaða þjónustu og það er líklega ekki að ástæðulausu að þetta sé elsta gleraugnaverslun landsins, við hljótum að vera að gera eitthvað rétt.“

# Hús með ríka tónlistarsögu

Duus hús í Fischersundi gegndi stóru hlutverki í tónleikasögu Reykjavíkur seinni hluta síðustu aldar þar sem margar sveitir héldu sína fyrstu tónleika og áttu traust athvarf. Fischersund er stutt og þröng gata niður úr Grjótaþorpinu og liggur niður að Aðalstræti í miðbæ Reykjavíkur. Búið er að rífa húsið fyrir nokkru en þar stendur í dag Hótel Plaza CenterHotel.

Duus hús var bæði hefðbundin krá og tónleikastaður. Húsið var ekki stórt en á tveimur hæðum. Uppi var hefðbundin aðstaða fyrir gesti en á fyrstu hæð var lítið svið og pláss fyrir hóflega stóran hóp tónleikagesta sem margir eiga góðar minningar frá þessum tíma.

Í Duus húsi mátti hlýða á alls konar lifandi tónlist, rokk, blús, djass og popp, en sveitaballasveitir sniðgengu staðinn sem var allt of lítill fyrir lífleg böll. Meðal ólíkra sveita sem tróðu þar upp voru HAM, Vinir Dóra, Sykurmolarnir og Stuðmenn.

Eftirminnilegustu tónleikarnir sem haldnir voru í húsinu eru að mati margra þeir sem Sykurmolarnir héldu fyrir François Mitterrand Frakklandsforseta, frú Vigdísi Finnbogadóttur forseta og aðra gesti árið 1990.



Sykurmolarnir halda tónleika fyrir Mitterrand, Vigdísi Finnbogadóttur og fleiri gesti á Duus í lok ágúst 1990. MYND/JÓHANN A. KRISTJÁNSSON



Bæjarins beztu urðu 80 ára í fyrra.

## Heldur vinsældum

Þegar fólk skoðar veitingahús í Reykjavík á TripAdvisor kemur fljótt í ljós að Bæjarins beztu er með þeim vinsælustu. Staðurinn, sem er í raun bara skúr í Hafnarstræti, fær fjórar af fimm stjörnum. Það er reyndar mjög skemmtilegt því að á síðasta ári fagnaði staðurinn 80 ára afmæli og stendur enn fullkomlega undir nafni. Þeir sem koma til Reykjavíkur þurfa að prófa eina með öllu hjá Bæjarins beztu ekki síður en Bill Clinton, þáverandi forseti Bandaríkjanna, sem frægt varð. Ýmsir heimsfrægir tónlistarmenn hafa sömuleiðis stoppað við lúguna og fengið sér eina.

Í umsögn á TripAdvisor segir Bandaríkjamaður: „Vinur minn sagði að ég yrði að prófa pylsu á Bæjarins beztu. Með hjálp Google Maps fundum við staðinn og vorum átta sem fengum okkur pylsu og allir sögðu WOW. Og ég sem hélt að bestu pylsurnar væru í New York. Steikti laukurinn og sinnepið var mjög spes."



## Hægt að sækja um styrki úr Miðborgarsjóði

Reykjavíkurborg hefur opnað fyrir umsóknir um styrki úr Miðborgarsjóði. Hægt er að sækja um styrk til og með 29. apríl næstkomandi. Miðborgarsjóðurinn á að stuðla að því að miðborgin sé góður staður til að búa á og áhugaverður og aðlaðandi staður fyrir alla Íslendinga og erlenda gesti.

Alls eru 30 milljónir króna í boði árið 2018. Það er lögð áhersla á að styrkja verkefni sem „hvetja til fjölbreytni, frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna í eflingu miðborgarinnar". Það er svo lögð sérstök áhersla á að styrkja verkefni sem samræmast stefnu Reykjavíkurborgar um málefni miðborgar, en leiðarljós hennar er að miðborgin sé heildstæð, aðlaðandi, fjölbreytt, vel tengd og vistvæn og fyrir alla.

Allir eru hvattir til að sækja um styrk, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki eða hagsmuna- eða grasrótarsamtök.

Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um rafrænt á heimasíðu sjóðsins, www.reykjavik.is/midborgarsjodur.





Gæðakerrur fyrir öll tækifæri
- mikið úrval aukahluta

Garð- og tómstundakerrur
Kerrur með frábæra akstursseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Frá 139.000,- m/vsk



Frá 389.000,- m/vsk



Sterkar iðnaðarkerrur
Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

Tækjakerrur
- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá 1.279.000,- m/vsk



Söluaðilar

Toyota Kauptúni, Kauptúni 6, Garðabæ, Sími: 570-5070
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, 603 Akureyri, Sími 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbær, Sími 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, 800 Selfossi, Sími 480-8000
TOPPBÍLAR, Klettháls 2, 110 Reykjavík, Sími 587-2000
KRAFTVÉLAR, Dalvegur 6-8, 201 Kópavogur, Sími 535-3500
















ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

**DEKURDAGAR -**
Nýjar vörur og **frábær tilboð!**
Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**

**20-50%**
afsláttur af völdum vörum **dagana 12-15.apríl**













Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Englar í himnaríki tískunnar

**Dolce & Gabbana fóru ekki hefðbundnar leiðir þegar þeir kynntu hausttískuna 2018 í Mílanó. Skrautleg efni, konungleg mynstur og englar voru allsráðandi. Fötin voru jafnt fyrir bæði kynin.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Dolce & Gabbana hafa aldrei farið troðnar slóðir í hönnun sinni. Sumum fannst þeir opna hlið að hinu eina sanna tískuhimnaríki að þessu sinni. Sýningin var konungleg, litfögur og öðruvísi, um það voru allir sammála. Gullbryddingar á jökkum og krögum báru vott um að D&G telja lúxusinn ekki vera ofviða fólki sem eltir nýjustu hönnun og tísku. Hvort fólk vill ganga með englamynstur framan á sér á síðan eftir að koma í ljós.

Dolce & Gabbana hafa á undanförnum árum höfðað sterkt til ungra aðdáenda á sýningum sínum, til dæmis í gegnum Instagram þar sem milljónir manna fylgja þeim. Á þessari sýningu bar svo við að börn frægra komu fram sem fyrirsætur, þar á meðal 19 ára sonur rapparans Puff Daddy, Christian Combs, sem sýndi fyrstur. Auk hans komu fram Kevin Chaplin, barnabarn Charlie, Dylan Jagger Lee, sonur Pamelu Anderson og Tommy Lee, og Paris Brosnan, sonur leikarans Pierce.

Með þessari sýningu vildu þeir Dolce & Gabbana höfða til svokallaðra „millennials“, aldamótakynslóðarinnar sem fædd er á árunum 1980-2000.





My Style tískuhús
Stærðir 38-52
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



Blússa 9.900 kr.
Stærð 34 - 48
Einnig til í öðru sniði í stærð 42 - 52.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

HELLULAGNIR
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
Eind ehf

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
Eind ehf

Hreinsa þakrennur, laga á þökum og tek að mér ýmis verkefni. Uppl:847-8704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni


## Keypt & Selt

## Til sölu




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677



**STUBBAHÓLKUR VEGGFESTUR**
Kr. 14.500 + VSK Stubbastandur@gmail.com S: 842-2535

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Atvinna

**STARFSMENN S.S. SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR**

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig
Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**
talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600
Bryndís
GSM: 773 7400
TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**WORK NORTH**
HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN
Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Úti- og innimálun**
Gerum föst verðtilboð í utanhússmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira.
Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.
Vaskir Drengir ehf
Björgvin P. Hallgrímsson
Löggiltur málarameistari
vaskirdrengir@gmail.com
sími 844-9188

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, rennur í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

**LOK Á HEITA POTTA**





**Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.**
**Metum ástand og gerum við.**
***www.fjardarbolstrun.is***
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta





Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is





**Honda CR-V ES**

Nýskráður 4/2005, ekinn 189 þús.km., bensín, sjálfskiptur, dráttarkrókur, einn eigandi.

**Verð kr. 790.000**





**Honda CR-V Elegance**

Nýskráður 10/2012, ekinn 65 þús.km., bensín, sjálfskiptur, alcantara sætisáklæði, fjarlægðarskynjarar, litað gler, flottur fjórhjóladrifinn bíll.

**Verð kr. 2.790.000**





**Honda CR-V Elegance navi**

Nýskráður 8/2016, ekinn 50 þús.km., bensín, sjálfskiptur, leiðsögukerfi, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar og margt fleira.

**Verð kr. 4.190.000**





**Honda CR-V Executive**

Nýskráður 4/2016, ekinn 34 þús.km., bensín, sjálfskiptur, hlaðinn búnaði m.a leðurinnrétting, glerþak, lykillaust aðgengi o.fl.

**Tilboð kr. 4.990.000**

**Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**

TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.


## Hönnun

KG
HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**STARFSMENN Í BOÐI**

Höfum nokkra erlenda iðnaðarmenn og verkamenn í boði til lengri eða skemmri tíma. Manngildi starfsmannaþjónusta Símar 780-1660 og 868-4551 work@mgs.is

Trésmiður um sextugt óskar eftir fastri vinnu. Margt kemur til greina. Uppl. í s. 8488707

## Tilkynningar

## Fundir

**AÐALFUNDUR IÐNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS**

verður haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2018 kl. 19:30 í húsnæði Marels Austurhrauni 9.
Hefðbundin aðalfundarstörf, önnur mál.
Stjórnin.

## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**







**PANTIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM - SÝNUM SAMDÆGURS**





## JAÐARLEITI 2-6

- Aðeins 11 íbúðir eftir í þessum vinsælu húsum.
- Glæsilegar íbúðir miðsvæðis í Reykjavík.
- Stæði í bílgeymslu hússins fylgja sumum íbúðum.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

| STÆRÐ FRÁ: | VERÐ FRÁ: |
|---|---|
| 67.1 - 144.2 m² | 44.9M |



Gunnlaugur Þráinsson
löggiltur fasteignasali
844 6447
gunnlaugur@fastborg.is



Úlfar Þór Davíðsson
löggiltur fasteignasali
897 9030
ulfar@fastborg.is



Þóra Birgisdóttir
Framkvæmdastjóri, Lögg. fasteignasali
777 2882
thora@fastborg.is

## GERPLUSTRÆTI

- Nýtt fjölbýlishús við Gerplustræti 31-37 á fallegum útsýnisstað í Helgafellslandi í Mosfellsbæ.
- Íbúðirnar eru 2ja til 5 herbergja og flestar með sérinngengi frá svalagangi.
- Lyftuhús með lokaðri bílgeymslu sem gengið er í beint frá lyftu og stigahúsi.
- Glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

| STÆRÐ FRÁ: | VERÐ FRÁ: |
|---|---|
| 60 - 145m² | 44.5M |

**OPIÐ HÚS** **LAUGARDAGINN 14. APRÍL FRÁ KL. 13-15**





Brandur Gunnarsson
löggiltur fasteignasali
897 1401
brandur@fastborg.is



Davíð Ólafsson
löggiltur fasteignasali
897 1533
david@fastborg.is



Sigurður Fannar Guðmundsson
löggiltur fasteignasali
897 5930
sigurdur@fastborg.is



Úlfar Þór Davíðsson
löggiltur fasteignasali
897 9030
ulfar@fastborg.is



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Milt verður á landinu í dag og verða vindar suðlægir. Búast má við björtu veðri norðan- og austanlands og þar gæti hiti náð 12 stigum, en öllu svalara verður sunnan- og vestanlands og þar mun rigna með köflum fram eftir degi.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | 9 | | | | 5 | | |
| | 2 | | | 3 | | | 7 | |
| | | 6 | 5 | | | 8 | 9 | |
| | | | | 9 | | 6 | | |
| | 1 | 4 | 7 | 8 | | | | 5 |
| | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 3 | | | | | | |
| 5 | | | 8 | | 4 | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 4 | | 2 | 3 | 5 | | |
| | 8 | | 6 | | 9 | | | 1 |
| 5 | 7 | 6 | | | 1 | 9 | | |
| | | 2 | | 8 | 4 | | | 5 |
| | | | 3 | 1 | | | 7 | 2 |
| 7 | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | 7 | 6 | 3 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| | 3 | 7 | 4 | | | 8 | 1 | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | 7 | | 9 | | 1 | | | 4 |
| | | 3 | | | | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | 3 | 6 | |
| | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | | | 9 | | 2 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. galeysi
5. samtök
6. í röð
8. ávíta
10. ekki
11. borg
12. á endanum
13. ríki í sv-asíu
15. málmur
17. snjóhrúga

**LÓÐRÉTT**
1. smyrsl
2. hófdýr
3. tala
4. annáll
7. bræðingur
9. skokka
12. gljáhúð
14. stigandi
16. hvort

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** vangá, **5.** así, **6.** rs, **8.** snubba, **10.** ei, **11.** róm, **12.** loks, **13.** írak, **15.** nikkel, **17.** skafl.
**LÓÐRÉTT: 1.** vaselín, **2.** asni, **3.** níu, **4.** árbók, **7.** samsull, **9.** brokka, **12.** lakk, **14.** rís, **16.** ef.

## Skák Gunnar Björnsson

Moritz átti leik gegn Emmrich í Þýskalandi árið 1922.
**Svartur á leik**
**1.… Dxh2+!! 2. Kxh2 Rg4+ 3. Kg1 Rh3+ 4. Kf1 Rh2# 0-1.**
Lenka Ptácníková tekur þessa dagana þátt á EM kvenna í Slóvakíu. Lenka hefur byrjað vel og hefur 1½ vinning eftir 3 umferðir þrátt fyrir að hafa teflt við stigahærri skákkonur í hverri umferð.

**www.skak.is:** Kópavogsmót í skólaskák.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# BÍLAR

## Sölumet hjá VW á fyrsta ársfjórðungi



Flestir áttu von á því að miklir söluörðugleikar myndu hrjá Volkswagen í kjölfar dísilvélahneykslis fyrirtækisins fyrir um tveimur árum, en hneykslið virtist bíta sáralítið í stöðuga sölu Volkswagen bíla. Sú þróun hélt sannarlega áfram á fyrsta fjórðungi þessa árs því Volkswagen setti sölumet og seldi 5,9% fleiri bíla en á sama tíma árið áður. Alls seldi Volkswagen 1,53 milljónir bíla. Best gekk að selja á stærsta bílamarkaði Volkswagen og fleiri bílaframleiðenda, þ.e. í Kína, þar sem söluaukningin nam 8,6%. Fín söluaukning varð einnig í Bandaríkjunum en 0,8% söluminnkun var á heimamarkaðnum í Þýskalandi.

Í nýliðnum mars gekk Volkswagen frábærlega við sölu bíla sinna og náði 584.700 bíla sölu og ef þessi velgengni verður stigvaxandi á árinu má búast við algeru metári hjá Volkswagen. Í fyrra átti Volkswagen Group, móðurfyrirtæki Volkswagen, metár í sölu og skilaði mesta hagnaði sem fyrirtækið hefur náð á einu ári og næstum tvöfaldaði fyrra eigið met. Undir Volkswagen Group falla meðal annars bílamerkin Audi, Porsche, Skoda, Seat, Lamborghini, Bugatti og Bentley, auk Volkswagen. Volkswagen Group er stærsti bílaframleiðandi heims og náði þeim titli nýlega af Toyota.



Hluti erlendra starfsmanna BL er sestur á skólabekk til að læra íslensku.

## Erlendir starfsmenn BL læra íslensku

Hjá bílaumboðinu BL eru um 10% starfsmanna af erlendum uppruna. Nýverið var þeim öllum boðið að taka stöðupróf í íslensku og hafa fjórtán þeirra nú hafið nám á 1. stigi í íslensku. Kennt er í tvær klukkustundir í einu í tíu skipti og lýkur námskeiðinu í lok maí. Kennslan er á vegum Retor fræðslu sem býður fyrirtækjum slíka þjónustu. Að sögn Önnu Láru Guðfinnsdóttur, starfsmannastjóra BL, leggur fyrirtækið áherslu á íslensku sem leiðandi tungumál í starfsemi sinni. „Í því fjölmenningarsamfélagi sem Ísland er í dag er nauðsynlegt að fyrirtækin aðstoði erlent starfsfólk sitt við að verða sem virkastir þátttakendur í samfélaginu. Í því sambandi er íslenskukunnátta á meðal lykilatriða í aðlögun að samfélaginu og í tengslamyndun við aðra, ekki síst við samstarfsfólk og viðskiptavini,“ segir Anna Lára.





ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar hér með til aðalfundar félagsins **fimmtudaginn 26. apríl** næstkomandi kl. 16:30 í höfuðstöðvum félagsins, **Víkurhvarfi 7, 203 Kópavogi.**

Drög að dagskrá frá stjórn:

1. Setning fundar, skipun fundarstjóra og fundarritara
2. Hefðbundin aðalfundarstörf, m.a.
   - Skýrsla stjórnar og kynning á starfsemi félagsins
   - Kynning á reikningum félagsins
   - Samþykkt ársreiknings
   - Meðferð rekstrarhagnaðar/taps
   - Kosning stjórnar og endurskoðanda
   - Greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda
   - Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu
3. Tillögur um breytingar á samþykktum:
   - Heimild stjórnar til útgáfu nýrra hlutabréfa verði felld niður
   - Heimild til útgáfu hluta vegna kauprétta framlengd
   - Ákvæði um starfskjarastefnu fært inn í samþykktir
4. Kynning forstjóra
5. Kynning framkvæmdastjóra rannsókna- og nýsköpunarsviðs
6. Önnur mál

**Aðrar upplýsingar**
Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

12. apríl 2018
Stjórn ORF Líftækni hf.



ORF LÍFTÆKNI




Kia Stinger vann í flokknum „Best of the Best“ .

# Kia sópar til sín Red Dot verðlaunum

Frá árinu 2009 hefur Kia unnið 21 Red Dot verðlaun, en nú hlutu Stinger, Stonic og Picanto verðlaun í sínum flokkum.

Kia vann til þrennra Red Dot verðlauna á dögunum fyrir bíla sína Stinger, Stonic og Picanto. Þessir þrír nýju bílar frá Kia unnu allir í sínum flokkum auk þess sem Stinger vann í flokknum „Best of the Best“ hjá Red Dot sem þykir sérlega eftirsóknarvert.

Red Dot-verðlaunin eru ein þau virtustu í hönnunarheiminum. Þessir þrír bílar unnu einnig alþjóðlegu hönnunarverðlaunin, iF Design Award, í ársbyrjun. Stinger og Stonic eru báðir glænýir bílar úr smiðju Kia, en Picanto er að koma nýr af þriðju kynslóð.

» **Þessir þrír nýju bílar frá Kia unnu allir í sínum flokkum auk þess sem Stinger vann í flokknum „Best of the Best“ hjá Red Dot sem þykir sérlega eftirsóknarvert.**

Kia hefur náð framúrskarandi árangri í Red Dot verðlaununum og hlotið alls 21 verðlaun þar síðan árið 2009 þegar Kia Soul fékk þau í fyrsta skipti það ár. „Hönnunarteymi Kia hefur unnið hörðum höndum af því að framleiða fallega og góða bíla og þetta er viðurkenning fyrir þá vinnu,“ sagði Þjóðverjinn Peter Schreyer, einn af æðstu yfirmönnum Kia og yfirhönnuður Kia Motors. Schreyer, sem var áður yfirhönnuður hjá Audi, hefur átt stóran þátt í velgengni Kia á síðustu árum.

# Jeppar og jepplingar 68% sölunnar í Bandaríkjunum

Jeppa- og jepplingaæðið sem runnið hefur á kaupendur í Bandaríkjunum náði nýjum hæðum í nýliðnum fyrsta fjórðungi ársins. Jeppar og jepplingar voru 68% af sölunni en fólksbílar aðeins 32%. Sala bíla í Bandaríkjunum var með ágætum á þessum 1. ársfjórðungi og jókst um 2% frá árinu áður. Á þessum þremur mánuðum seldust 4.117.766 bílar og ekki nóg með að það hafi verið betri sala en 2017 þá var hún einnig betri en metárið 2016, sem var stærsta bílasöluár þar vestra frá upphafi. Vaxandi sala japanskra bílaframleiðenda hélt áfram á ársfjórðungnum og jók t.d Toyota markaðshlutdeild sína um 0,7% á meðan Ford tapaði 0,6%. Frábær sala Jeep-bíla hélt áfram og jókst markaðshlutdeild Jeep í Bandaríkjunum um 0,7%.

Á lúxusbílasviðinu náði Volvo eftirtektarverðum árangri og stóraukin sala Volvo-bíla skýrði helminginn af 2,9% aukningu í heildarsölu lúxusbíla. Sá lúxusbílaframleiðandi sem tapaði mestri hlutdeild var Lincoln, sem seldi 17% færri bíla en á fyrstu 3 mánuðunum í fyrra. Í jepplingaflokki náði Nissan Rogue (X-Trail í Evrópu) aftur söluforystunni af Toyota RAV4. Sala Nissan Rogue jókst um 15% á ársfjórðungnum sem kannski telst ekki svo stórkostlegt í ljósi þess að salan í þessum flokki bíla jókst um 13%.



Nissan Rogue, sem ber nafnið X-Trail í Evrópu.

» **Sala bíla í Bandaríkjunum var með ágætum á þessum 1. ársfjórðungi og jókst um 2% frá árinu áður.**


KRAKKADAGAR
20% afsláttur af barnafötum og barnaskóm, línuskautum
og reiðhjólum fyrir börn, dagana 12.-18. apríl*
20%
AFSLÁTTUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Markmiðið að virkja listirnar sem breytandi afl

**Dagskrá Listahátíðar í Reykjavík var kynnt í gær og þar kennir fjölbreyttra grasa. Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, segir eitt af meginmarkmiðunum að ná til fleira fólks með listina.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Vigdís Jakobsdóttir segist leggja áherslu á að sem allra flestir geti fengið frábæra upplifun af hátíðinni óháð efnahag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Já, ég er leikstjóri í grunninn og stelpuskott frá Ísafirði sem hafði einhverra hluta vegna alltaf áhuga á leiklist," segir Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, aðspurð um hvaðan hún komi að listinni. En þann 2. júní næstkomandi hefst Listahátíð í Reykjavík og verður það fyrsta hátíðin þar sem Vigdís er við stjórnvölinn. Vigdís segir reyndar um sinn bakgrunn að hún hafi verið í sjö grunnskólum alls og geti því ekki talist vera einvörðungu frá Ísafirði en það hafi þó verið þar á unglingsárunum sem hún uppgötvaði að hún vildi verða leikstjóri. Eftir menntaskóla lá leiðin til Bretlands þar sem hún lærði við The University of Kent og hún segir að það nám hafi reynst góður grunnur fyrir það sem hún hefur tekið sér fyrir hendur á lífsleiðinni. „Ég hef reyndar alltaf starfað við listir fyrir utan eitt sumar á Árbæjarsafni eftir að ég kom heim úr námi. Hef ég þó farið víða," segir Vigdís og brosir.

**Fann klanið mitt**

Vigdís hefur á orði að leikstjórnin hafi stundum fengið að liggja til hliðar en hún hafi þó líka formgerst í kennslu sem veiti henni mikla ánægju. „Ég var snemma komin inn í Þjóðleikhúsið og er eiginlega alin upp þar sem listamaður. Þar fékk ég tækifæri til þess að stofna fræðsludeild og er ótrúlega stolt af því að hafa náð því í gegn á sínum tíma, 2002, og þá sérstaklega Þjóðleik sem er verkefni sem varð til á tíma mínum þar. En frá Þjóðleikhúsinu fór ég í Listaháskólann þar sem ég var fagstjóri í listkennsludeild í mörg ár og fékkst við að þjálfa listamenn í kennslu. Það er gríðarlega skemmtilegt að vera kennara-kennari. Í listkennsludeildinni mætist líka listafólk úr öllum greinum sem er skemmtilegur suðupottur."

Vigdís segir með blik í auga að hún sé með það sem kallað er portfolio-feril, einhvers konar margfaldan starfsferil sem hafi nýst henni gríðarlega vel sem grunnur að starfinu við Listahátíð í Reykjavík. „Ég hef undanfarin áratug tekið þátt í alþjóðlegu starfi í samtökum sem heita ASSITE. Þetta eru samtök sem starfa í hátt í 90 löndum og samanstanda af leikhúslistafólki sem gerir sýningar fyrir unga áhorfendur. Ég dróst inn í þetta haustið 2008, rétt fyrir örlagadaginn mikla, þegar ég þáði að fara á námskeið í Venesúela. Sem betur fer var ég búin að kaupa flugmiða áður en hrunið skall á því þetta stefnumót listamanna breytti lífi mínu. Þarna fann ég klanið mitt – fólkið sem hugsar eins og ég í listinni og er að gera leikhús á sömu forsendum og ég er að gera."

*En hverjar eru þessar forsendur í listinni?* „Ég trúi því að listirnar geri heiminn betri. Að þær geri fólk betra. Það er mín bjargfasta trú. Það er ástæðan fyrir því að ég stofnaði fræðsludeildina við Þjóðleikhúsið á sínum tíma og fyrir því að kennslan er mér svona hugleikin. Fyrir mér eru listirnar breytandi afl og það er þannig sem ég hef nálgast allt sem ég geri. Líka Listahátíð."



Close-Act Theatre, hollenskur leikhópur þekktur fyrir myndrænar sýningar í yfirstærð, mætir til borgarinnar með risaeðlusýninguna Saurus.

**Að virkja listina**

Það er eitt og hálft ár liðið frá því Vigdís tók við sem listrænn stjórnandi hátíðarinnar sem er nú að nýju tvíæringur eftir að hafa verið haldin árlega um skeið. Vigdís segir að þær áherslur sem hún hafi komið með inn í starfið hafi komið fram hjá henni strax í umsóknarferlinu um starfið og hún hafi í framhaldinu búið við þann lúxus að hafa tíma umfram það sem til að mynda fyrirrennarar hennar bjuggu við. „Ég valdi á þessum tíma að vera aðeins í hálfu starfi til að byrja með og fyrsta hálfa árið var ég bara hérna ein og það reyndist mér dýrmætur tími. Þá kom ég að stefnumótun sem hafði staðið fyrir dyrum og lagði svona grunninn og þessi tími gaf mér tækifæri til þess að eiga samtal og samráð við samstarfsaðila hátíðarinnar. Það eru allar helstu listastofnanir og fagfélög listamanna á landinu auk fleiri aðila, þannig að hátíðin sem slík á gríðarlega sterkt og gott bakland.

Stóra ákvörðunin sem ég tók var að hlusta og ákveða líka að hafa kjark til þess að heyra hvað baklandið hafði fram að færa. Ég hafði hugmyndir sjálf en var í raun tilbúin til þess að fórna þeim ef á þyrfti að halda. En það kom mér svo satt best að segja á óvart hvað það var mikill samhljómur um hvaða áttir skyldi stefna í og það gladdi mig. Kjarni þess var að setja sér það markmið að ná til fjölbreyttari hóps. Baklandið, rétt eins og ég, vill þó ekki gefa afslátt af gæðum; að hér séu stórviðburðir á mælikvarða listarinnar og mörk hennar þanin. En hugmyndin um að ná til breiðari hóps var það sem öllum fannst skipta mestu máli – og að hátíðin ætti í fjölþættu samstarfi. Að virkja listina sem þetta breytandi afl. Út frá þessu mótum við áhorfendastefnu sem hefur svo áhrif á allt sem við gerum."

**Ekki krónu með gati**

Vigdís segir að það sé gaman að geta loks talað opinskátt um dagskrána því hún sé nú orðin opinber. „Það er líka gaman að segja frá því að við verðum mjög víða í borginni og ekki einvörðungu í miðborginni, við förum meira að segja alla leið til Ísafjarðar og upp á hálendið. Verðum



Bill Murray og sellósnillingurinn Jan Vogler mæta saman á Listahátíð.

líka með flott götuleikhús í Grafarvogi. Við erum að gera verkefni sem eru sérstaklega unnin út frá hverfum eins og Blesugróf, þar sem gengið er um þetta skemmtilega hverfi sem fáir þekkja, og þar verða flutt þrjú stutt leikverk. Markmiðið er að gera þetta að sannkallaðri borgarhátíð. Hluti af því verður líka að endurvekja klúbb Listahátíðar sem verður í Hafnarhúsinu. Klúbburinn er hugsaður sem miðja fyrir hátíðina og þar verða listamenn með spjall, plötusnúðar, tónlistaruppákomur, gjörningar og fleiri skemmtilegir viðburðir. Það verður öllum opið og allt ókeypis sem er líka hluti af áhorfendastefnunni að hafa líka nóg að bjóða fyrir þá efnaminni. Að þú getir fengið frábæra upplifun af hátíðinni án þess að eiga krónu með gati," segir Vigdís og brosir.

Yfirskrift hátíðarinnar er Heima og Vigdís segir að hún gæti útskýrt þessa tengingu fyrir nánast hvern einasta viðburð á dagskránni. „Við kynntum þetta þema fyrir fulltrúaráðinu fyrir rúmu ári og vorum svo með opið kall í framhaldinu sem skilaði okkur þó nokkrum verkefnum alla leið á hátíðina. En af því að þetta koma snemma þá gat listafólkið nálgast þetta með fjölbreyttum hætti og við gerðum það líka í verkefnavalinu. Þarna varð til ákveðinn vefnaður sem er þarna alltumvefjandi.

Sem dæmi um fjölbreytni ➡

innan þessa þema nefnir Vigdís verk eftir finnska listamanninn Anssi Pulkkinen. Vörubílspall sem er hlaðinn af sýrlenskum rústum. „Þarna erum við komin með stríðið í Sýrlandi hingað í fangið og erum búin að vinna mikið hliðarverkefni út frá þessu m.a. í samstarfi við Rauða krossinn sem spannar allt frá arabískri dansveislu til málþings um réttinn til heimilis.“

**EF LEIKHÚSFÓLK ER BEÐIÐ UM AÐ NEFNA ÞRJÁ FRÆGUSTU LEIKSTJÓRA Í HEIMI ÞÁ ER HANN SENNILEGA ALLTAF Á ÞEIM LISTA OG AÐ FÁ HANN HINGAÐ HEIM MEÐ OKKAR BÓKMENNTAARF ER FRÁBÆRT.**

### Bill Murray og Jórunn Viðar

Aðspurð um hvort að það séu einhverjir viðburðir sem hún er sérstaklega spennt fyrir þá segir hún það óneitanlega vera þá stórviðburði sem þau hafi kynnt snemma. „Að fá leikstjórann Robert Wilson með sína Eddu-sýningu til landsins er frábært. Ef leikhúsfólk er beðið um að nefna þrjá frægustu leikstjóra í heimi þá er hann sennilega alltaf á þeim lista og að fá hann hingað heim með okkar bókmenntaarf er frábært. Það getur engin leikhúsáhugamanneskja látið þetta fram hjá sér fara.

En svo erum við auðvitað að fá Bill Murray með mjög sérstakt og skemmtilegt kvöld og margir eflaust orðnir forvitnir um hvað hann ætlar að gera. Þetta er ekki uppistand heldur klassískir tónleikar með stuttum, góðum verkum, í meðförum þriggja æðislegra tónlistarmanna með Jan Vogler sellóleikara fremstan í flokki. Upphafið að þessu má rekja til þess að Vogler og Murray hittust í flugvél þar sem sá fyrrnefndi var eitthvað að vandræðast með sellóið sitt sem hafði auðvitað sitt sæti þarna á fyrsta farrými. Murray fer eitthvað að grínast með þetta og vissi ekkert hver þetta er en Vogler þekkti ekki heldur Murray og var alveg hissa á að það væru bíómyndir með honum þarna í kerfinu. En upp frá þessu tókst mikil vinátta með þessum mönnum en Murray er mikill bókmenntaáhugamaður og fer að deila þeirri þekkingu með Vogler sem kenndi leikaranum þess í stað sitthvað um tónlist. Það er þetta tvennt, klassíska tónlistin og bókmenntirnar, sem þeir mæta með í farteskinu og verða á þessum skemmtilega viðburði í Eldborg. Þetta verður dásamleg kvöldstund með listafólki að gera það sem það elskar. Murray er dásamlegur upplesari.“

Vigdís segir að óperan Brothers eftir Daníel Bjarnason sé svo þriðji stóri viðburðurinn sem hún hlakki mikið til og eins megi nefna Mahler hjá Sinfóníunni og tónleika með sönglögum Jórunnar Viðar sem verði haldnir í Gamla bíói. „Þetta er Jórunn Viðar í nýjum litum þar sem við fáum unga og spennandi tónlistarmenn á borð við Sigríði Thorlacius, Sóleyju Stefánsdóttur, Katrínu í Mammút og Högna Egilsson og fleiri, til þess að takast á við þetta magnaða höfundarverk Jórunnar. Þetta er gríðarlega spennandi verkefni þar sem er verið að tengja saman kynslóðir og menningararfleifð og opna upp fyrir nýjum kynslóðum. Jórunn Viðar er líka eitt af þessum tónskáldum sem við þurfum að lyfta á hærri stall. Hún á það skilið.“

### Farin að hlakka til

Vigdís tekur fram að það séu þó ekki síður ókeypis viðburðirnir sem séu tilhlökkunarefni. „Það er langur listi af viðburðum sem kosta ekkert og líka af viðburðum sem fara fram utandyra og er margt af því fyrir alla fjölskylduna eins og risaeðlusýningin sem er opnunaratriðið í ár. Eins má nefna stóra samsýningu í myndlist sem er sett upp í gluggum í miðborginni og þú getur farið í klúbbinn og fengið göngutúr með leiðsögn um þessa sýningu. Þetta kostar ekkert og er unnið beint inn í þema hátíðarinnar. Svo verður líka ókeypis sýning á netinu þar sem þú kveikir á GPS-kerfinu í símanum þínum, hlustar á tónverk eftir Úlf Eldjárn og gengur svo um Reykjavík og tónlistin breytist eftir því hvar þú ert hverju sinni. Úlfur talar um þetta sem borgina sem er falin í borginni og hlustandinn getur haft áhrif með því að taka bókstaflega nýja stefnu. En það eru fjölmargir fleiri svona viðburðir sem ég hvet fólk til þess að kynna sér og koma svo og taka þátt og njóta listarinnar. Það má reyndar nefna það að einn listviðburðurinn er þegar hafinn undir yfirskriftinni R-1918 en þar ljá 200 borgarbúar dagsins í dag fortíðinni rödd sína á RÚV með lestri á textum frá Landsbókasafninu í hverju hádegi. Þessi viðburður mun ná hámarki á hátíðinni sjálfri og um að gera fyrir alla að fylgjast með frá byrjun.“

Það er rétt að taka fram að þetta er aðeins brot af þeim viðburðum sem eru fram undan á hátíðinni en spurð um það hvernig henni líði með þetta segir Vigdís að það sé ákveðinn léttir að fá loks að kynna dagskrána. „Þetta er löngu tilbúið og nú þegar dagskráin er farin út get ég látið það eftir mér að hlakka til.“



Transhumance eru heimsfrægar kindur frá Kanada sem munu gleðja alla aldurshópa með sýningu í nýja útileikhúsinu við Veröld – hús Vigdísar.



# Varmadælur & loftkæling

Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk

Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Midea
It's your Idea

# Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

- FÁNAR
- LÍMMIÐAR
- AUGLÝSINGASKILTI

Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.

Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.

FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi

Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

## Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is






Flárátt og meðvirkt æðsta ráðið stendur yfir líki kúgarans þar sem banvænt ráðabrugg gerjast í huga hvers og eins.

# Lífshættulegur farsi

**KVIKMYNDIR**

**The death of Stalin**
★★★★★

**Leikstjóri:** Armando Iannucci
**Aðalhlutverk**: Steve Buscemi, Simon Russell Beale, Jeffrey Tambor



Simon Russell Beale

Sovétríkin undir ógnarstjórn Stalíns voru ekkert sérstaklega góður staður að vera á. Ofsóknarbrjálæðið var fullkomið. Fólk var látið hverfa í Gúlagið, var handtekið fyrirvaralaust, pyntað og drepið. Allt í flöktandi takti við geðsveiflur einræðisherrans ógurlega.

Enginn var öruggur. Ekki einu sinni nánustu samverkamenn Stalíns. Sá sem var í náðinni í gær gæti hæglega verið drepinn í dag. Almenningur skrimti við sult og seyru í stöðugum ótta um að gera eitthvað rangt, segja eitthvað rangt, hugsa eitthvað rangt.

Lífið hékk á þessum bláþræði og hver sem er, nágranni, maki, vinur, gat verið njósnari með sperrt eyru tilbúinn að klaga minnstu yfirsjón eða mismæli. Þessi taugaveiklun litaði einnig daglegt líf karldurganna í æðsta ráði Stalíns. Titrandi stíga þeir línudansinn í kringum dyntina í leiðtoganum. Eitt feilspor getur kostað þá lífið.

Þessi litla klíka fer í algert fár þegar Stalín geispar golunni 1953 og þá upphefst farsakenndur darraðardans undirferlis, flokkadrátta og skuggalegs ráðabruggs þar sem allir vilja skúrkarnir vitaskuld taka sess Stalíns.

En refskákin snýst þó um annað og meira en valdagræðgi þar sem þeim er öllum ljóst að ekki komist allir lifandi frá eftirköstum dauða Stalíns.

Þessir vafasömu heiðursmenn eru allir þekkt nöfn úr sögu Sovétríkjanna og 20. aldarinnar almennt; Lavrenti Bería, Georgí Malenkov, Vjatsjeslav Molotov og síðast en ekki síst Níkíta Khrústsjov.

## Kolsvartur húmor

The Death of Stalin er þvottekta farsi og húmorinn eðlilega kolsvartur. Snilld handritshöfundarins og leikstjórans, Armando Iannucci, felst einmitt í því hvernig honum tekst að töfra fram drepfyndinn og galsafenginn farsa í Moskvu 1953 með öllum þeim ömurleika og feigð sem þar sveif yfir vötnum.

Samtölin eru ofboðslega vel skrifuð og flæða áfram eins og straumhart fljót í spriklandi margræðni og kaldhæðni. Þessum frábæra texta skilar síðan pottþéttur leikhópur óaðfinnanlega.

> **SAMTÖLIN ERU OFBOÐSLEGA VEL SKRIFUÐ OG FLÆÐA ÁFRAM EINS OG STRAUMHART FLJÓT Í SPRIKLANDI MARGRÆÐNI SINNI OG KALDHÆÐNI. ÞESSUM FRÁBÆRA TEXTA SKILAR SÍÐAN POTTÞÉTTUR LEIKHÓPUR ÓAÐFINNANLEGA.**

Bería, yfirmaður leyniþjónustunnar, og Khrústsjov eru frekastir til fjörsins og skylmingar þeirra eru þungamiðja myndarinnar. Öndvegisleikararnir Steve Buscemi og Simon Russell Beale fara með himinskautum í hlutverkum þessara fláráðu en átakanlega kómísku illmenna.

Bería er sýnu verstur í þessu kommúnistagengi, sadískur nauðgari og barnaníðingur, á meðan Khrústsjov kemur fyrir sem hallærislegur bullukollur og slímugur snákur. Russell Beale er dásamlegur Bería og Buscemi alveg meiriháttar Khrústsjov og samleikur þeirra tveggja er unun á að horfa.

Adrian McLoughlin er bráðfyndinn Stalín, Jeffrey Tambor mergsýgur rullu hins hégómlega hryggleysingja Georgís Malenkov sem er næstráðandi Stalíns. Michael Palin leikur sér að því að túlka Vjatsjeslav Molotov og einhvern veginn er mjög viðeigandi að þessi gamli Monty Python-grínari láti til sín taka þar sem kolrugluð atburðarásin og andrúmið í myndinni minnir á köflum á Monty Python-skets.

Andrea Riseborough og Rupert Friend eru bráðskemmtileg og harmræn í hlutverkum Svetlönu og Vasílí, barna harðstjórans. Olga Kurylenko er beitt og tignarleg í hlutverki píanóleikarans Mariu Júdínu, mikilvægs tannhjóls í atburðarásinni.

Sá öflugi leikari Jason Isaacs, Lucious Malfoy í Harry Potter, trommar síðan upp sem alger senuþjófur í hlutverki Zhúkovs, yfirhershöfðingja Rauða hersins. Sá er heldur betur hreðjamikill, með brjóstið þakið orðum og glingri að hætti þeirra í Sovét.

The Death of Stalin lætur því miður ekki mikið yfir sér og hætt er við að hún fljúgi undir radar í Háskólabíói og Borgarbíói. Hún er nú samt mynd sem engir unnendur góðra gamanmynda mega missa af og enn síður áhugafólk um sögu 20. aldarinnar og Sovétríkjanna.

**Þórarinn Þórarinsson**



**Það gustar af Jason Isaacs í hlutverki stríðshetjunnar og tuddans Zhúkovs yfirhershöfðingja.**

**NIÐURSTAÐA:** Þessi mynd er eins og vel skorinn demantur. Gráglettinn og léttleikandi farsi um ömurlegt tímabil á síðustu öld. Veisla fyrir unnendur góðra bíómynda og áhugafólk um sögu Sovétríkjanna.

# SUMAR-GJAFIR
## 12. APRÍL – 22. APRÍL

# 20% AFSLÁTTUR AF
## SPILUM & PÚSLUM, DJECO VÖRUM OG BARNABÓKUM

**Djeco drekar**

Verð með afslætti: 1.039 kr.
Verð áður: 1.299 kr.








**Djeco pappírstígrisdýr**

Verð með afslætti: 1.887 kr.
Verð áður: 2.359kr.

**Djeco púsl**

Verð með afslætti: 1.199 kr.
Verð áður: 1.499 kr.










**Litir – dót í bók**

Verð með afslætti: 1.999 kr.
Verð áður: 2.499 kr.

**Kormákur krummafótur**

Verð með afslætti: 1.911 kr.
Verð áður: 2.389 kr.

**Ekki er allt sem sýnist / Ég er ekki myrkfælinn**

Verð með afslætti: 2.232 kr.
Verð áður: 2.790 kr.










**Hvolpasveitarpúsl**

Verð með afslætti: 1.183 kr.
Verð áður: 1.479 kr.

**Sjóræningjapúsl**

Verð með afslætti: 1.599 kr.
Verð áður: 1.999 kr.

**Ritfangabox – púsl**

Verð með afslætti: 3.199 kr.
Verð áður: 3.999 kr.


Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 12. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Aron Hannes og hljómsveit
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Grundarfjarðarkirkja
Aron Hannes ásamt hljómsveit mun halda tónleika í Grundarfjarðarkirkju. Hljómsveitina skipa: Bergur Einar Dagbjartsson á trommur, Reynir Snær Magnússon á gítar, Magnús Jóhann Ragnarsson á hljómborð og Snorri Örn Arnarsson á bassa.

**Hvað?** Gítarflautan á Tónstöfum í Bókasafni Seltjarnarness
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Flautu- og gítardúett. Kristrún Helga Björnsdóttir og Annamaria Lopa spila á Tónstöfum.

**Hvað?** Vortónleikar Háskólakórsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Neskirkja
Á efnisskrá eru mörg og fjölbreytt verk, þekkt og óþekkt. Meðal annars mun kórinn flytja Stemmur sem Gunnstein Ólafsson útsetti, Haustnótt eftir Oliver Kentish, hið geysifjöruga Nyon Nyon eftir Jake Runestad, Ecco Mormorar L'onde eftir Monteverdi og Stjörnublóm eftir Lajos Bárdos, ásamt öðrum íslenskum og erlendum perlum.

**Hvað?** Konur rokka á Lofti
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Stelpur rokka! standa fyrir mánaðarlegum viðburðum á Lofti. Frítt er inn, öll velkomin og aðgengi gott fyrir fólk með hreyfihömlun.

### Viðburðir

**Hvað?** Kóngar í ríki sínu – Sögustund
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Árborgar
Í dag mun Kiddý lesa upp úr bókinni Kóngar í ríki sínu eftir Hrafnhildi Valgarðsdóttur fyrir yngstu kynslóðina klukkan 17.30 á Bókasafni Árborgar, Selfossi. Allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Opin æfing
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Íslenski dansflokkurinn býður áhugasömum að koma og kíkja á æfingu á verkinu Hin lánsömu á Stóra sviði Borgarleikhússins.

**Hvað?** Litríkt sumar með Guðríði Helgadóttur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur fjallar um spennandi og litríkar tegundir sumarblóma sem henta við öll sumarleg tækifæri. Hún fer yfir helstu aðstæður í görðum og gefur hugmyndir að blómum sem henta fyrir mismunandi skilyrði. Uppeldi, ræktun og umhirða plantnanna verður tekin fyrir, hvaða tegundir geta vaxið saman í pottum og kerum og gefnar hugmyndir að skemmtilegum samsetningum. Viðburðurinn fer fram á 1. hæð aðalsafns og er liður í erindaröð um vorverkin sem verður á Bókasafni Kópavogs í apríl og byrjun maí.

**Hvað?** Kaffikviss
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Akraness
Í dag efnir Bókasafn Akraness til spurningakeppni eða kaffikviss úr verkum Guðrúnar frá Lundi en aðallega þó Dalalífi í tengslum við sýninguna Kona á skjön sem nú stendur yfir í safninu. Spurningakeppnin er öllum opin og um að gera að mæta og taka þátt enda um laufléttar og skemmtilegar spurningar að ræða fyrir þá sem þekkja vel til verka Guðrúnar eða eru nýbúnir að lesa Dalalíf. Marín Guðrún Hrafnsdóttir stýrir dagskrá. Verðlaun og heitt á könnunni



Aron Hannes skellir sér til Grundarfjarðar í kvöld með hljómsveit.



Guðríður Helgadóttir fjallar um blóm í Bókasafni Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Sýningin Augnablik verður opnuð í Norr11 í dag.

### Sýningar

**Hvað?** Opnun | Augnablik – Rakel Tomas
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Norr11, Hverfisgötu
Rakel Tomas og Norr11 bjóða þér á sýningaropnun fimmtudaginn 12. apríl kl. 18.00 í sýningarrými Norr11, Hverfisgötu 18a. Gjafapokar í boði fyrir stundvísa gesti og 25% afsláttur af öllum eftirprentunum.

**Hvað?** Tímahjólið – Sýningaropnun í Gallerí Gróttu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Kristinn Örn Guðmundsson opnar ljósmyndasýningu sína Tímahjólið. Á sýningunni verða m.a. ljósmyndir sem listamaðurinn tók á miðaldadögum á Gásum við Eyjafjörð. Líf og starf fólks í Gásakaupstað miðalda er endurvakið með listrænu auga listamannsins.

**Hvað?** Opnun – Minn Kópavogur
**Hvenær?** n 18.00
**Hvar?** Artgallery Gátt, Hamraborg
Myndlistafélags Kópavogs heldur samsýningu undir nafninu „Minn Kópavogur". Sýnd verða fjölbreytt verk að venju. Sjá má eldri verk í bland við glæný verk unnin í þessum mánuði á myndlistarnámskeiðum á vegum félagsins.

**Hvað?** Leiðsögn listamanns: Anna Fríða Jónsdóttir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Anna Fríða Jónsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína Tón í D-sal Hafnarhússins.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Doktor Proktor & Tímabaðkarið ........ 18:00
Benji the dove ........ 18.00
Doktor Proktor & Prumpuduftið ........ 18:00
Distant Sky - Nick Cave ........ 20.00, 22:00
Prump í Paradís: Hard Ticket to Hawaii ........ 20.00
Hleyptu Sól í hjartað ........ 20:00
Andið eðlilega ENG SUB ........ 22:00



# PIER

## 20%-40%

afsláttur af
**BORÐSTOFUBORÐUM & STÓLUM**



## 25%

afsláttur af öllum
**BORÐSTOFUHIRSLUM**







## 20%

afsláttur af öllum
**BORÐBÚNAÐI**

Skoðið nýju sumarhúsgögnin á
**www.pier.is**

Gildir 12.-18. apríl. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**AMERICAN IDOL**
KL. 19:25
Bráðskemmtileg sería af American Idol með frábærum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Frábær fjölskylduþáttur.

Frábært
Fimmtudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

**NCIS**
KL. 20:50
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.







**DECEPTION**
KL. 21:35
Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjónhverfingarmann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.

**THE BLACKLIST**
KL. 22:20
Hér er James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



BÍÓ
**FAR FROM THE MADDING CROWD**
KL. 22:00
Myndin gerist á Viktoríutímanum í Englandi, en þar eru þrír biðlar á eftir hinni ákveðnu og sjálfstæðu Bathsheba Everdene.



Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




## STÖÐ 2

07.00 **The Simpsons**
07.20 **Tommi og Jenni**
07.40 **Strákarnir**
08.05 **The Middle**
08.30 **Ellen**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **The Doctors**
10.15 **Hell's Kitchen**
10.55 **Á uppleið**
11.30 **Óbyggðirnar kalla**
11.50 **Grey's Anatomy**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Emma's Chance**
14.30 **Everything is Copy**
16.00 **Cats v Dogs: Which is Best?**
17.00 **Bold and the Beautiful**
17.20 **Nágrannar**
17.45 **Ellen**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.55 **Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 **Sportpakkinn**
19.20 **Fréttayfirlit og veður**
19.25 **American Idol**
20.50 **NCIS**
21.35 **Deception** Stórgóður og léttur sakamálaþáttur sem fjallar um einn fremsta og fyrrum virtasta sjónhverfingamanninn Cameron Black sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknustu glæpamálum sem berast á borð hennar.
00.00 **Real Time with Bill Maher**
22.20 **The Blacklist**
23.05 **Here and Now** Vandaðir gæðaþættir frá HBO. Tim Robbins og Holly Hunter fara með hlutverk hjóna sem eiga blandaða fjölskyldu, þrjú ættleidd börn frá Sómalíu, Víetnam og Kólumbíu ásamt einu sem þau eignuðust saman. Öll upplifa þau bandaríska menningu á gjörólíkan hátt sem getur reynt verulega á fjölskylduböndin. Höfundur þáttanna er Alan Ball sem gerði Óskarsverðlaunamyndina American Beauty og verðlaunaþættina Six Feet Under og True Blood.
00.55 **Gasmamman**
01.40 **Homeland**
02.25 **Vice**
02.55 **Broadchurch**
03.45 **Death Row Stories**
04.30 **Knock Knock**

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 **Bayern München - Sevilla**
08.40 **Real Madrid - Juventus**
10.20 **Meistaradeildarmörkin**
10.50 **ÍBV - Fram**
12.30 **ÍR - Tindastóll**
14.10 **Domino's-körfuboltakvöld**
14.40 **Bayern München - Sevilla**
16.20 **Real Madrid - Juventus**
18.00 **Meistaradeildarmörkin**
18.30 **Premier League World**
19.00 **CSKA Moskva - Arsenal**
21.05 **MD í hestaíþróttum - Samantekt**
21.50 **Premier League Review**
22.45 **Haukar - Valur**

## STÖÐ 2 SPORT 2

08.20 **Domino's-körfuboltakvöld**
08.45 **Valur - Haukar**
10.30 **Arsenal - Southampton**
12.15 **Messan**
13.25 **Leipzig - Leverkusen**
15.05 **Barcelona - Leganes**
16.50 **Real Madrid - Atletico Madrid**
18.30 **Spænsku mörkin**
19.00 **Sporting - Atletico Madrid**
21.05 **ÍR - Tindastóll**
22.45 **Marseille - Leipzig**

## STÖÐ 3

19.10 **The New Girl**
19.35 **The Big Bang Theory**
20.00 **Seinfeld**
20.25 **Friends**
20.50 **Dagvaktin**
21.20 **Arrow**
22.05 **Gotham**
22.50 **The Wire**
23.50 **The Simpsons**
00.40 **Bob's Burgers**
01.05 **The New Girl**
01.30 **The Big Bang Theory**
01.55 **Seinfeld**
02.20 **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 **Tindur**
07.27 **Zigby**
07.38 **Mæja býfluga**
07.50 **Kormákur**
08.00 **Könnuðurinn Dóra**
08.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
08.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
09.00 **Áfram Diego, áfram!**
09.24 **Svampur Sveinsson**
09.49 **Lalli**
09.55 **Rasmus Klumpur**
10.00 **Strumparnir**
10.25 **Hvellur keppnisbíll**
10.37 **Ævintýraferðin**
10.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
11.00 **Stóri og Litli**
11.13 **Tindur**
11.27 **Zigby**
11.38 **Mæja býfluga**
11.50 **Kormákur**
12.00 **Könnuðurinn Dóra**
12.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
12.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
13.00 **Áfram Diego, áfram!**
13.24 **Svampur Sveinsson**
13.49 **Lalli**
13.55 **Rasmus Klumpur**
14.00 **Strumparnir**
14.25 **Hvellur keppnisbíll**
14.37 **Ævintýraferðin**
14.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
15.00 **Stóri og Litli**
15.13 **Tindur**
15.27 **Zigby**
15.38 **Mæja býfluga**
15.50 **Kormákur**
16.00 **Könnuðurinn Dóra**
16.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
16.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
17.00 **Áfram Diego, áfram!**
17.24 **Svampur Sveinsson**
17.49 **Lalli**
17.55 **Rasmus Klumpur**
18.00 **Strumparnir**
18.25 **Hvellur keppnisbíll**
18.37 **Ævintýraferðin**
18.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
19.00 **Pósturinn Páll: Bíómyndin**



Mörgæsirnar frá Madagaskar, kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

07.45 **Lotte Championship**
11.45 **Golfing World**
12.35 **2018 Masters**
14.35 **Lotte Championship**
18.35 **Inside the PGA Tour**
19.00 **RBC Heritage**
22.10 **Golfing World**
23.00 **Lotte Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.50 **Love and Friendship**
13.25 **A Quiet Passion**
15.30 **Southside with You**
16.55 **Love and Friendship**
18.30 **A Quiet Passion** Dramatísk mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum með Cynthiu Nixon, Jennifer Ehle og Keith Carradine. Bandaríska ljóðskáldið Emily Dickinson fæddist 1830 og þótt ljóð hennar sum næðu hylli var líf hennar mikil ráðgáta í augum samtíðarfólks hennar. Í þessari vönduðu mynd reynir leikstjórinn Terence Davies að varpa ljósi á líf Emily Dickinson sem mestan hluta ævi sinnar lifði í einrúmi.
20.35 **Southside with You**
22.00 **Far From the Madding Crowd**
00.00 **Point Break** Spennumynd frá 2015 sem fjallar um Johnny Utah, ungan alríkislögreglumann sem er fenginn í það verkefni að blanda sér í hóp ofurhuga sem undir forystu manns að nafni Bodhi eru grunaðir um að standa á bak við fjölda fífldjarfra rána.
01.50 **The Quiet Ones**
03.30 **Far From the Madding Crowd**

## RÚV

15.05 **Vikan með Gísla Marteini**
15.45 **Grænkeramatur**
16.15 **Skólahreysti**
16.45 **Fjörskyldan**
17.20 **Andri á flandri í túristalandi**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Sögur**
18.28 **Flóttaleiðin mín**
18.44 **Flink**
18.47 **Græðum**
18.50 **Krakkafréttir**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.40 **Borgarafundur**
20.55 **Djók í Reykjavík**
21.30 **Price og Blomsterberg**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Glæpahneigð**
23.05 **Endurheimtur**
23.50 **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 **King of Queens**
08.25 **Dr. Phil**
09.05 **The Tonight Show**
09.45 **The Late Late Show**
10.25 **Síminn + Spotify**
13.10 **Dr. Phil**
13.50 **9JKL**
14.15 **Survivor**
15.00 **America's Funniest Home Videos**
15.25 **The Millers**
15.50 **Solsidan**
16.15 **Everybody Loves Raymond**
16.40 **King of Queens**
17.05 **How I Met Your Mother**
17.30 **Dr. Phil**
18.15 **The Tonight Show**
18.55 **The Late Late Show**
19.35 **The Mick**
19.55 **Man With a Plan**
20.20 **Kokkaflakk**
21.00 **Station 19**
21.50 **Scandal**
22.35 **Mr. Robot**
23.25 **The Handmaid's Tale**
00.50 **The Late Late Show**
01.30 **Salvation**
02.15 **24**
03.00 **Law & Order: Special Victims Unit**
03.50 **SEAL Team**
04.35 **Agents of S.H.I.E.L.D.**
05.25 **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# KRYDDAÐU TILVERUNA!




**Eggjabikar risaeðla**
**VILDARVERÐ: 1.874.-**
Verð: 2.499.-




**Glerskál „zip" Poki**
**VILDARVERÐ: 2.924.-**
Verð: 3.899.-




**Grænmetisskeri sker í gorm**
**VILDARVERÐ: 1.724.-**
Verð: 2.299.-




**Pizzaskeri api á hjóli**
**VILDARVERÐ: 2.549.-**
Verð: 3.399.-




**Salatáhöld hvítur api**
**VILDARVERÐ: 1.949.-**
Verð: 2.599.-




**Skapalón fyrir egg**
**VILDARVERÐ: 1.424.-**
Verð: 1.899.-




**Eggjaskiljari**
**VILDARVERÐ: 1.124.-**
Verð: 1.499.-




**Ofnhanskar krabbaklær**
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.799.-







**Sítrónupressa tré**
**VILDARVERÐ: 1.499.-**
Verð: 1.999.-




**Glerkanna ferna**
**VILDARVERÐ: 2.249.-**
Verð: 2.999.-




**Ostaskeri taco**
**VILDARVERÐ: 1.499.-**
Verð: 1.999.-

**Rustic Spanish**
**VILDARVERÐ: 4.499.-**
Verð: 5.999.-




**Lisbon**
**VILDARVERÐ: 3.749.-**
Verð: 4.999.-




**Catalonia**
**VILDARVERÐ: 3.749.-**
Verð: 4.999.




**Roast**
**VILDARVERÐ: 3.749.-**
Verð: 4.999.




**Dalmatia**
**VILDARVERÐ: 3.749.-**
Verð: 4.999.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 15. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



# Frægir svara til saka

Á hinsta degi verða víst allir dæmdir en sumir þurfa þó að svara til saka á einhverjum öðrum degi. Fræga fólkið fellur vissulega undir þetta mengi og í gegnum tíðina hefur það iðulega svarað til saka með miklu fjölmiðlafári eins og má sjá.

Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, þurfti að bera vitni fyrir nefnd í Washington í gær og svara fyrir það að fyrirtækið Cambridge Analytica gat stolið gögnum 87 milljóna notenda Facebook.



Yfir 50 konur hafa sakað Bill Cosby um kynferðisglæpi yfir margra áratuga tímabil og þessi fyrrum vinsæli grínisti hefur því eytt mestum tíma sínum í réttarsal síðustu árin.



Íslandsvinurinn Conor McGregor gekk berserksgang í New York í síðustu viku og var handtekinn í kjölfarið. Hann þurfti að útskýra mál sitt fyrir dómara daginn eftir áður en honum var sleppt.



Ruðningsstjarnan O.J. Simpson í hönskunum frægu. O.J. var sagður hafa myrt konu sína og elskhuga hennar með hanskana á höndum en þegar hann mátaði þá í réttarsalnum pössuðu þeir ekki á hann.



Mafíuforinginn John Gotti var brosmildur í réttarsalnum enda kenndur við teflon og allar kærur runnu af honum. Þó var hann á endanum dæmdur í lífstíðarfangelsi þar sem hann dó að lokum úr krabbameini.



Sjónvarpskokkurinn Martha Stewart var dæmd fyrir innherjasvik og fleira snemma á þessari öld. Málið vakti mikla athygli enda passaði Martha Stewart ekki inn í staðalímynd bandarísks samfélags af glæpamanni.

12.–19 APRÍL

# SUMARDAGAR

# 20% AFSLÁTTUR

AF HJÓLUM – SKÓM – DUGGARAPEYSUM – ELLINGSEN HETTUPEYSUM – FÁNASTÖNGUM OG FYLGIHLUTUM – POLLAGÖLLUM.



FULLT AF SPENNANDI TILBOÐUM

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**WWW.ELLINGSEN.IS**

# Helgi Björns í tölum

Sjálfur Helgi Björns verður 60 ára þann 10. júlí næstkomandi og af því tilefni blæs hann til stórtónleika laugardaginn 8. september í Laugardalshöllinni.

Helgi hefur átt gifturíkan feril sem söngvari, leikari og athafnamaður. Hefur leitt hljómsveitirnar Grafík, SS Sól, Reiðmenn vindanna og Kokteilpinnana auk þess að gefa út tónlist í eigin nafni og er fyrir löngu orðinn samofinn þjóðarsálinni með lögum sínum og textum. Miðasalan hefst í dag á tónleikana þar sem Helgi mun fagna löngum og farsælum ferli og í tilefni dagsins á að tjalda öllu til. Hér koma nokkrar skemmtilegar staðreyndir um feril Helga.

**Hefur selt**
**140.000**
**plötur á ferlinum.**

**Hefur gefið út**
**25**
**plötur á ferlinum.**

**Hefur leikið í yfir**
**48** **leikritum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum á ferlinum.**

**Hefur notast við**
**789**
**jakka á tónleikum sínum.**

**Hefur notað**
**1.876**
**spreybrúsa í hárið.**









## Kvikmyndir og sjónvarpsþættir

**1984** Atómstöðin
**1985** Skytturnar
**1985** Fálkaslóð
**1986** Foxtrott
**1986** Í skugga Hrafnsins
**1986** Nonni og Manni
**1990** Veggfóður
**1991** Sódóma Reykjavík
**1993** Stuttur Frakki
**1994** Laggó
**1998** Óskabörn þjóðarinnar
**2000** Bjallan
**2001** No Such Thing
**2004** Njálssaga
**2005** Strákarnir okkar
**2006** Köld slóð
**2006** Bjólfskviða
**2008** Svartir englar
**2009** Reykjavík Whale Watching Massacre
**2011** Pressan
**2011** Hitler's Grave
**2011** Makalaus
**2013** Frost
**2013** Hross í oss
**2014** Vonarstræti
**2014** París norðursins
**2016** Ligeglad
**2016** Der Islands-Krimi







## Leikhús

**1983** La Traviata
**1984** Tilbrigði við önd
**1984** Láttu ekki deigan síga
**1984** Jakob og meistarinn
**1985** Kötturinn
**1985** Land míns föður
**1986** Djöflaeyjan
**1987** Síldin kemur, síldin fer
**1987** Hremming
**1988** Maraþondasinn
**1989** Ljós heimsins
**1990** Ljón á síðbuxum
**1991** Kysstu mig Kata
**1992** Ofviðrið
**1995** Rocky Horror
**1998** Carmen Negra
**1998** Meiri gauragangur
**1999** Rent
**2012** Axlar-Björn
**2016** Mamma Mia!

## Framleiðsla

**1988-2000** Tónleikar SS Sól
**1992** Music Festival Eldborg
**2001** Shaolin Reykjavík
**2004** Fimm stelpur
**2005** The Return of Houdini

## Breiðskífur

**Grafík**
**Get ég tekið cjéns**
1984

**Grafík**
**Stansað, dansað öskrað**
1985

**Síðan skein sól**
**Síðan skein sól**
1988

**Síðan skein sól**
**Ég stend á skýi**
1989

**Síðan skein sól**
**Halló, ég elska þig**
1990

**Rafn Jónsson**
**Andartak**
1991

**SSSól**
**SSSól**
1993

**Rocky Horror**
1995

**Helgi Björnsson**
**Helgi Björns**
1997

**Meiri gauragangur**
1998

**Carmen Negra**
1998

**SSSól**
**88/99**
1999

**Rafn og Rúnar**
**Í álögum**
2000

**Helgi Björnsson og Bergþór Pálsson**
**Strákarnir á Borginni**
2000

**Helgi Björnsson**
**Yfir Esjuna**
2005

**Helgi Björns og Reiðmenn vindanna**
**Ríðum sem fjandinn**
2008

**Helgi Björnsson og Kokteilpinnarnir**
**Kampavín**
2009

**Helgi Björns og Reiðmenn vindanna**
**Þú komst í hlaðið**
2010

**Helgi Björns og Reiðmenn vindanna**
**Ég vil fara upp í sveit**
2011

**Helgi Björns syngur íslenskar dægurperlur**
2011

**Grafík**
**1981-2011**
2011

**Helgi Björns og Reiðmenn vindanna**
**Heim í heiðardalinn**
2012

**Helgi syngur Hauk ásamt The Capital Dance Orchestra**
2013

**Helgi Björnsson**
**Eru ekki allir sexý?**
2014

**Helgi Björnsson**
**Veröldin er ný**
2015

Made in Iceland

BIOEFFECT

# KYNNINGARDAGAR

## Í LYFJUM & HEILSU




## 12.-15.APRÍL

**20% AFSLÁTTUR Á KYNNINGARDÖGUM**

Þeir sem versla BIOEFFECT húðvörur á kynningardögum eiga möguleika á að fá húðgreiningu í sérstöku húðmælingatæki*.

*aðeins í Lyf & Heilsu í Kringlunni, milli kl.12:00-17:00

BIOEFFECT.COM

FÆST Í VERSLUNUM LYF OG HEILSU Í KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI AKUREYRI

@BIOEFFECTOFFICIAL

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa

*Við hlustum!*















Rakel var að hengja myndirnar upp þegar Fréttablaðið leit inn í Norr11 þar sem sýningin verður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sama myndin vekur mismunandi viðbrögð

Fyrsta einkasýning **Rakelar Tómasdóttur** verður opnuð í Norr11 á Hverfisgötu í dag. Rakel hefur vakið athygli á Instagram fyrir myndir sínar en hún fær mikil en mismunandi viðbrögð við sömu mynd.

Viðbrögðin koma oft mjög mikið á óvart, og þá aðallega hvað þau eru ólík. Sama myndin getur þýtt sjálfsöryggi fyrir einum og streita fyrir öðrum,“ segir Rakel Tómasdóttir sem opnar sína fyrstu einkasýningu í Norr11 á Hverfisgötu í dag klukkan 18. Rakel hefur vakið töluverða athygli fyrir blýantsteikningar sínar en hún er dugleg að leyfa fylgjendum sínum á Instagram að fylgjast með framvindu hverrar myndar.

„Instagram er sá vettvangur sem mér finnst best að nota til að sýna teikningarnar mínar, bæði meðan ég vinn þær og þegar þær eru tilbúnar. Svo er það skemmtileg leið til að vera í sambandi við fólk sem er að fylgjast með manni. Ég byrjaði á því að gera könnun þar sem ég spurði fylgjendur hvort þeir sæju eina eða tvær manneskjur á nokkrum myndum og það kom mér strax á óvart hvað niðurstöðurnar voru jafnar. Í kjölfarið bað ég fylgjendur um að túlka myndirnar og senda mér skilaboð með sinni túlkun,“ segir hún.

Rakel útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2016 úr grafískri hönnun og hefur síðan unnið sem hönnuður hjá tímaritinu Glamour auk annarra verkefna. „Ég geri það meðvitað að skilja eftir pláss fyrir túlkun, ég segi t.d. aldrei hverjar mínar pælingar á bak við myndirnar eru og gef myndunum ekki nöfn heldur númera þær. Það er miklu skemmtilegra að fólk fái rými til







**ÉG BYRJAÐI Á ÞVÍ AÐ GERA KÖNNUN ÞAR SEM ÉG SPURÐI FYLGJENDUR HVORT ÞEIR SÆJU EINA EÐA TVÆR MANNESKJUR Á NOKKRUM MYNDUM OG ÞAÐ KOM MÉR STRAX Á ÓVART HVAÐ NIÐURSTÖÐURNAR VORU JAFNAR. Í KJÖLFARIÐ BAÐ ÉG FYLGJENDUR UM AÐ TÚLKA MYNDIRNAR OG SENDA MÉR SKILABOÐ MEÐ SINNI TÚLKUN.**

að túlka þær eins og það vill,“ segir hún og bætir við að viðbrögðin sem hún fái við myndunum séu nánast eins misjöfn og þau eru mörg. „Það er ótrúlega gaman að fólk skuli gefa sér tíma til að skoða myndirnar og velta þeim fyrir sér.

Ég hélt alltaf að það væri mjög augljóst hvað ég væri að pæla með myndunum og hvaða tilfinningar ég væri að sýna með þeim. Mér leið alltaf eins og ég væri að opna mig með því að pósta þeim, en svo er víst ekki. Það er augljóst að hver og einn sér þær á sinn hátt.“

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*



# Svona verður PALLURINN eins og nýr!

## GÓÐ RÁÐ - VIÐHALD Á PALLINUM

### 1 HREINSA
Viðarhreinsir er borinn á viðinn*

málning
Viðarskoli
**3.965** 2,5l.
86333025

**Frábært verð**
Pallahreinsir
**2.965** 4l.
42377537




GLORIA
**Tilboðsverð**
Prima 3
Þrýstikútur 3l.
**3.665**
55530208
Almennt verð: 4.895

* ATH. Mismunandi efni geta haft mislanga virkni. Lesið allar leiðbeiningar vel áður en efnin eru notuð.

### 2 SKRÚBBA
Skrúbbað með stífum bursta eða létt háþrýstiþvegið

Pallaskrúbbur
**2.995**
84105030



Pallavírbursti
**3.465**
84163500

Einhell
**Tilboðsverð**
Háþrýstidæla
100 bör, 1300 W, 340 l./klst.
**9.995**
74809110
Almennt verð: 12.995




### 3 ÞORNA
Viðurinn þarf að þorna vel

### 4 BORIÐ Á
Berið viðeigandi palla- eða viðarolíu á viðinn og þurrkið svo yfir með bómullarklút.



Pensill
Xtra-Einar 120mm.
**2.495**
58365522

GJØCO
**Frábært verð**
Herregård tréolía XO.
Viðarvörn fyrir gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Kemur í veg fyrir gráma og inniheldur sveppa- og mygluvarnarefni. Fæst í ljósbrúnu og glæru.
**2.495**
80602501-2




### 5 SVO ER BARA AÐ NJÓTA!

**Frábært verð**
Monarch 320
gasgrill, 8,8 kW, eldunarsvæði: 3350 cm².
Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni.
Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi.
Þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar.
Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar.
Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.
**59.895**
50657511

Broil King
Great Barbecues Every Time

kílówött 8,8
brennarar 3




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.
Tilboð gilda út 18. apríl eða á meðan birgðir endast.

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Benedikts Bóasar Hinrikssonar




## Hlustum á orð Friðriks

Friðrik Ingi Rúnarsson lét nokkuð áhugaverð orð falla í þættinum Akraborginni á þriðjudag. Friðrik hefur þjálfað körfuboltalið í næstum 100 ár þrátt fyrir að vera aðeins 49 ára. Hann hefur trúlega einhverja mestu íþróttaþjálfarareynslu á Íslandi. Hann var líka í átta ár hjá KKÍ sem framkvæmdastjóri og þekkir körfuboltaíþróttina og íþróttastarf betur en flestir.

Þegar talið barst að foreldrum sagði Friðrik að það vantaði meiri virðingu fyrir þjálfarastöðunni. „Foreldrum finnst ekkert tiltökumál að vaða inn á æfingar og horfa á í tíma og ótíma. Jafnvel skipta sér af. Ég hef stundum spurt foreldra hvort þeir vildu að ég kæmi inn á þeirra vinnustað í tíma og ótíma og færi að skipta mér af. Svarið er alltaf skýrt nei.“

Þarna er ég sammála Friðriki. Foreldrar eru margir óþolandi þegar kemur að íþróttaiðkun barna þeirra. Mæta á æfingar og tala hátt, jafnvel þegar börnin eiga að hafa hljóð. Tala í símann og hafa jafnvel skoðanir á því sem menntaður þjálfarinn er að gera og segja. Sumir meira að segja haga sér eins og fávitar á mótum.

Þetta gildir bæði um mömmur og pabba. Virðingin fyrir þjálfarastarfinu er lítil sem engin. Hún virðist vera svipuð og hvernig ríkið metur ljósmæður.

Æfingar hjá börnum eru ekki barnapössun svo að foreldrar fái klukkutíma á Facebook í friði. Það er verið að kenna þeim fullt af góðum hlutum sem þau taka með sér út í lífið seinna meir.

Ef þú, lesandi góður, átt barn í íþróttum – hvaða íþrótt sem er, ekki vera plebbi og fáviti. Það er hallærislegt. Berðu virðingu fyrir þeim sem nenna að þjálfa börnin þín.

Hlustum á orð Friðriks.

Virðing kostar nefnilega ekkert.








